


Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun



Byggðastofnun

Júlí 2008

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun
Byggðastofnun, júlí 2008
Sigríður K. Þorgrímsdóttir
Halldór V. Kristjánsson
www.byggdastofnun.is

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tillögur og ábendingar	4
Athugun á stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun	7
Helstu niðurstöður	7
Dalabyggð	8
Reykhólahreppur.....	13
Vesturbyggð	18
Tálknafjarðarhreppur	23
Árneshreppur	28
Kaldrananeshreppur.....	33
Strandabyggð	38
Húnavatnshreppur	43
Blönduósþær.....	47
Sveitarfélagið Skagaströnd	51
Fjallabyggð	55
Þingeyjarsveit.....	59
Aðaldælahreppur	64
Skútustaðahreppur.....	69
Norðurþing.....	74
Tjörneshreppur	79
Svalbarðshreppur	83
Langanesbyggð.....	88
Breiðdalshreppur	93
Djúpavogshreppur.....	98
Skaftárhreppur	103
Vestmannaeyjabær	108
Samantekt.....	113
Heimildir	119
Yfirlit nokkurra byggðaaðgerða á Íslandi og í Noregi ..	121
Viðauki:.....	127
Verkefnahugmyndir úr skýrslunni og vaxtarsamningum.....	127

Inngangur

Þótt víða hafi tekist að snúa vörn í sókn í byggðamálum hefur ýmsum byggðarlögum á landsbyggðinni reynst erfitt að glíma við fólksfækkun, sem sums staðar hefur verið viðvarandi um nokkurt skeið. Staðan hefur verið einna erfiðust hjá byggðarlögum sem liggja það fjarri þéttbýliskjörnum að ekki er hagkvæmt að sækja vinnu þangað og erfitt er um vik að njóta þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Þrátt fyrir að efling landshlutakjarna styrki byggðina umhverfis, dugir hún ekki ein og sér fyrir þá sem fjærst búa. Því er mikilvægt að hugað verði sérstaklega að þessum byggðarlögum.

Gerð verður athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Styrkleikar þeirra og veikleikar verða metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna.

(Byggðaaætlun 2006-2009).

Byggðaaætlun 2006-2009 var samþykkt sem þingsályktun af Alþingi árið 2006. Ein af þeim aðgerðum sem lögð er til í áætluninni nefnist „Athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun“ og er ofangreind tilvitnun úr umfjöllun byggðaaætlunar um þá aðgerð eða verkefni. Byggðastofnun bar ábyrgð á verkefninu samkvæmt byggðaaætlun, í samstarfi við m.a. sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og Impru nýsköpunarmiðstöð. Af hálfu Byggðastofnunar unnu Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Halldór V. Kristjánsson, sérfræðingar á þróunarsviði að þessu verkefni og hófst vinna við það í árslok 2006. Við upphaf verkefnisins var haft samráð við Impru nýsköpunarmiðstöð. Háskóli Íslands, landfræðiskor tók að sér þjónustugreiningu á þeim svæðum sem athuguð voru, en það verkefni unnu nemendur í námskeiðinu „Byggðaðróun og atvinnulíf“ undir stjórn dr. Karls Benediktssonar. Atvinnuþróunarfélögin unnu stöðumat á viðkomandi svæðum, út frá völdum þáttum.

Skilgreining á „viðvarandi fólksfækkun“ er annars vegar út frá tímabili og hins vegar hlutfalli fækkunar. Niðurstaðan varð sú að tímabilið 1996-2006 var lagt til grundvallar vali á svæðum og 15% fækkun íbúa eða meira. Einnig var fækkun á tímabilinu 2001-2006 skoðuð. Ekki var eingöngu miðað við ákveðna hlutfallstölu, heldur aðstæður metnar á hverju svæði fyrir sig og í samræði við atvinnuþróunarfélögin. Í köflum um íbúaðróun er þróun á 15 ára tímabili frá 1991-2006 einnig skoðuð. Ástæður þess að miðað er við 1. desember 2006 er að skýrslan var að mestu

unnin á árinu 2007. Íbúafjöldi 1. desember 2007 þó getið í kafla um íbúaðróun.

Samkvæmt ofangreindri skilgreiningu um „viðvarandi fólksfækkun“ var upplýsinga leitað um 22 sveitarfélög. Flest þeirra eru á Vestfjörðum og á Norðurlandi. Þetta voru eftirtalin landsvæði og sveitarfélög:

Vesturland: Dalabyggð.

Vestfirðir: Reykhólahreppur, Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.

Norðurland vestra: Blönduósþéttbýli, Húnavatnshreppur og Sveitarfélagið Skagaströnd.

Norðurland eystra: Fjallabyggð og Norðurþing, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.

Austurland: Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

Suðurland: Vestmannaeyjabær og Skaftárhreppur.

Ástæður þess að farið er eftir gömlu kjördæmaskipaninni og sveitarfélögum eru m.a. að þær tölur sem unnið er með eru lang oftast settar þannig fram. Vissulega mætti hugsa sér aðrar aðferðir, eins og t.d. svæðaskiptingu eftir atvinnu- og/eða þjónustusvæðum eða öðrum þáttum. T.d. gæti verið eðlilegt að skoða Strandir sem eitt svæði. Einnig hefði verið hugsanlegt að skoða einstök byggðarlög niður fyrir sveitarfélagseininguna, t.d. í Norðurþingi sem er mjög stórt svæði og aðstæður um margt misjafnar eftir því hvar menn eru staddir í sveitarfélaginu. Það var t.d. gert í þjónustugreiningu Háskóla Íslands.

Í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin var staða hvers svæðis metin út frá völdum þáttum, svo sem atvinnu, þjónustu, menntun o.fl. Eins og fram kemur í byggðaaætlun skyldu greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna sem hér um ræðir. Það var gert með því að leita til sveitarstjórnarmanna í þeim sveitarfélögum sem úttektin náði til. Öll sveitarfélögin, 22 að tölu, voru því heimsótt af starfsmönnum Byggðastofnunar og tekin viðtöl við sveitarstjórnarmenn. **Kafla um stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins byggir alfarið á þeim viðtölum.**

Í skýrslunni er einnig að finna kafla um mögulegar byggðaaðgerðir. Þar eru nokkrar tillögur sem eiga uppruna sinn m.a. í byggðaaætlun eða annarri vinnu sem unnin hefur verið á Byggðastofnun á undanförunum árum. Allir starfsmenn þróunarsviðs og forstjóri komu að vinnslu þessa kafla. Tillögurnar eru

almennar, til hagsbóta fyrir landsbyggðina alla, en ekki sértækar tillögur fyrir þau svæði sem skýrslan fjallar um. Slíkar hugmyndir ættu að okkar mati fremur að koma frá heimamönnum sjálfum.

Kafli um byggðaaðgerðir segir frá byggðaaðgerðum í nyrstu héruðum Noregs og svæðaáætlun fylkjanna og Innovasjon Norge og þessar aðgerðir bornar saman við mótvægisáðgerðir og vaxtarsamninga. Einnig er fjallað um jöfnun flutningskostnaðar.

Í viðauka er kafli um tillögur til eflingar byggðarlaganna sem byggir á viðtölum við sveitarstjórnarmenn, auk þess sem tilgreindar eru tillögur úr vaxtarsamningum og fleiri slíkum gögnum.

Skýrslan „Byggð og þjónusta“, sem er athugun á þjónustustigi í völdum byggðarlögum, var unnin sérstaklega vegna þessarar úttektar fyrir Byggðastofnun af landfræðiskor Háskóla Íslands. Hana er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar ásamt þessari skýrslu.

Við viljum þakka atvinnuþróunarfélögunum, Impru og Háskóla Íslands fyrir aðstoð og framlag í þessa skýrslu svo og þeim sveitarstjórnarmönnum sem lögðu okkur lið. Sömuleiðis samstarfsfólki á Byggðastofnun sem lagði til efni og ábendingar.

Byggðastofnun, júlí 2008.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir
Halldór V. Kristjánsson

Tillögur og ábendingar

Tíu þeirra 22ja sveitarfélaga sem fjallað er um í þessari skýrslu eru dreifbýlissveitarfélög, þrjú eru þéttbýlissveitarfélög og í níu tilvikum er bæði þéttbýli og dreifbýli. Hér er því ekki um einsleita gerð sveitarfélaga að ræða. Þau eiga það þó sameiginlegt að íbúum þar hefur fækkað verulega á undanförunum árum og atvinnulífið er að mestu byggt á frumvinnslugreinunum, landbúnaði, sjávarútvegi og fiskvinnslu. Haldi svipuð þróun áfram og verið hefur á undanförunum árum er hætta á að byggð muni nánast leggjast af í mörgum þessara sveitarfélaga innan fárra áratuga.

Langflest sveitarfélaganna 22ja eru á svæðum sem hafa verið til sérstakrar umfjöllunar á vegum þriggja nefnda sem forsætisráðherra skipaði. Annars vegar er um að ræða nefnd sem skipuð var snemma árs 2007 til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum og hins vegar eru tvær nefndir sem skipaðar voru í upphafi árs 2008 til að styrkja atvinnulíf á svæðum með lítinn hagvöxt (Norðvestur- og Norðausturnefndir).

Stjórnvöld geta á ýmsan hátt lagt lið þeirri viðleitni að gera það eftirsóknarverðara að lifa og starfa í þeim byggðarlögum sem eiga undir högg að sækja. Það er nú þegar gert, til dæmis með vaxtarsamningum og öðrum verkefnum í byggðaáætlun, með starfsemi Byggðastofnunar og atvinnuráðgjafarinnar, með starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og með eflingu möguleika til náms á framhalds- og háskólastigi í heimabyggð, bættum samgöngum bæði á milli svæða og innan svæða, bættum nettengingum, betra símasambandi og menningarsamningum, svo nokkur atriði séu nefnd.

Hér á eftir er bent á nokkra þætti sem ástæða er til að leggja frekari áherslu á.

- Hvetja þarf sveitarfélög til að taka upp svæðisbundið samstarf, til dæmis á sama svæðagrundvelli og vaxtarsamningar, þar sem þau setji upp áætlanir fyrir samstarfssvæðið. Það sé á ábyrgð heimamanna að meta styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri viðkomandi svæðis, að vinna að áætlanagerð og velja þær leiðir sem rétt sé að fara til framtíðar.

Jafnframt þarf ríkið að gera áætlanir um hvernig opinber þjónusta verði skipulögð þannig að hún nýtist sem best til uppbyggingar landshluta- og héraðakjarna og bættra búsetuskilyrða.


- Frumvinnslugreinarnar taka ekki við fleira starfsfólki í framtíðinni og ástæða til að ætla að störfum í þeim greinum muni enn fækka. Eðlilegt er að skoða hvort ekki sé fært að efla héraðakjarna þannig að fólk úr grenndinni geti sótt þangað vinnu. Byggja þarf upp samgöngukerfið með tilliti til bæði landshluta- og héraðakjarna.
- Stækka þyrfti vinnusóknarsvæði með bættum samgöngum og hugsanlega í einhverjum tilvikum sameiningu sveitarfélaga. Með þessu mætti mögulega koma upp almenningssamgöngum í einhverjum tilvikum, sem auðveldar vinnusókn.
- Flutningskostnaður og ferðakostnaður er mjög íþyngjandi fyrir íbúa og fyrirtæki á þeim svæðum sem fjærst liggja höfuðborginni. Það yrði atvinnulífinu á viðkomandi svæðum til framdráttar ef tekin yrði upp endurgreiðsla hluta flutningskostnaðar. Einnig mætti hugsa sér skattaívilnanir vegna ferðakostnaðar almennings vegna atvinnusóknar umfram tiltekna vegalengd.
- Gerðir verði samningar við atvinnuþróunarfélögin um að þau taki veikustu svæðin sérstaklega upp á sína arma og sinni málum þeirra enn frekar en gert er í dag. Slíkir samningar verði nokkurs konar aðgerðaáætlun þar sem kveðið verði á um eftirfylgni og árangursmat. Leitað verði samstarfs við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um fjármögnun aðgerða. (Takist vel til mun útgjaldapörf sjóðsins minnka í framtíðinni.)
- Skoða þarf gaumgæfilega frekari samþættingu og eflingu samstarfs stofnana innan stoðkerfis atvinnulífsins. Hér er átt við stofnanir eins og Byggðastofnun, atvinnuþróunarfélögin, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Impru, leiðbeiningaþjónustu bænda, Framleiðnisjóð, AVS-sjóðinn, Ferðamálastofu og aðra þjónustu til stuðnings atvinnulífs á landsbyggðinni.
- Leggja þarf áherslu á að nýting náttúruauðlinda til lands og sjávar stuðli að uppbyggingu atvinnulífs á heimaslóð. Í því sambandi er vert að benda á fyrirhugaða nýtingu orku á Húsavík úr orkulindum í Þingeyjarsýslu.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

- Mjög mikilvægt er að áform stjórnvalda um bættu gagnaflutninga nái fljótt fram að ganga. Er þá átt við aðgengi að gagnakerfinu, öryggi og hraða. Slíkt er mikilvægt á fjölmörgum sviðum svo sem fyrir allan atvinnurekstur, fjarnám, fjarvinnu, afþreyingu og samband við umheiminn.
- Þó enn sé ekki sé orðið algengt, á þeim svæðum sem hér eru til umfjöllunar, að fólk úr þéttbýli sé þar með tvöfalda búsetu er það þróun sem mun eiga sér stað fyrir en síðar. Eðlilegt er að breyta lögum þannig að útsvari verði skipt á milli sveitarfélaga.
- Skoða þarf með hvaða hætti hægt er að bæta ímynd afskekktara og dreifbýlla svæða. Það vill gjarnan gleymast að kostir búsetu í dreifbýli eru margir. Þarf ekki annað en nefna friðsældina og náttúruna. Það þarf að taka saman og benda á kostina og koma þeim á framfæri. Með því móti er hægt að efla sjálfstraust íbúanna og vinna á fordómum sem uppi eru gagnvart búsetu í dreifbýli.
- Efla og halda áfram með námskeið hliðstæð Vaxtarsprotum á vegum Impru og Hagvexti á heimaslóð á vegum Útflutningsráðs. Þessi námskeið tókust vel og virtust laða fram margar góðar hugmyndir. Slíkum námskeiðum mætti beita með sértækari hætti.
- Setja mætti upp viðburðardagatal þar sem fram kæmu helstu menningarviðburðir víða um land, utan höfuðborgarinnar. Þetta væri hugsað til þess að tímasetningar viðburða rekist ekki saman, þannig að ferðafólk gæti skipulagt sínar ferðir með hliðsjón af slíkum viðburðum.
- Kanna þyrfti ástæður brottflutnings ungs fólks og kvenna úr dreifbýli og skoða mögulegar aðgerðir til að bregðast við. Árið 1997 kannaði Stefán Ólafsson ástæður búferlaflutninga fyrir Byggðastofnun, en upplýsingar í þeirri könnun voru ekki kyngreindar. Þá rannsókn þarf að uppfæra með kyngreindum upplýsingum.
- Sérstakt átak verði gert fyrir konur sem vilja ráðast í eigin atvinnurekstur, til að auðvelda þeim vinnslu viðskiptahugmynda. Styrkja þarf atvinnusköpun kvenna með áherslu á vöruþróun og þjónustugreinar. Bæta og þróa þjónustu stoðkerfisins við konur sem hafa viðskipahugmyndir en vantar aðstoð við að hrinda þeim í framkvæmd. Eftirfylgni við kvennaverkefni verði stóraukin meðal annars með rekstraráðgjöf samhliða fjárveitingum.
- Boðið verði upp á fleiri og sveigjanlegri úrræði sem taka mið af þörfum kvenna, s.s. ráðgjöf, handleiðslu, tölvukunnáttu, bókhaldsþekkingu, ráðgjöf fagaðila o.s.frv. Jafnframt þarf að endurvekja samstarfsverkefni Byggðastofnunar og félagsmálaráðnuneytis um staðbundna atvinnu- og jafnréttisráðgjafa.
- Sveitarfélög sem eiga undir högg að sækja gætu „markaðssett“ sig, ekki hvað síst gagnvart þeim hópum sem helst vantar inn í víða á landsbyggðinni, þ.e. konum og ungu fólki. Hvað vilja þessir hópar, hvernig geta sveitarfélögin orðið aðlaðandi búsetukostur fyrir þá, sem og aðra? Þessi hugmynd tengist ofangreindri tillögu um að kanna ástæður brottflutnings þessara hópa, sem og tillögu um bættu ímynd svæða.
- Leggja þarf áherslu á uppbyggingu ferðaþjónustu sem tengist hugmyndum um staðbundin sérkenni, ímyndarsköpun og menningu. Auka þarf þekkingu á þolmörkum ferðamannastaða svo hægt sé að grípa til ráðstafana áður en vinsælum ferðamannastöðum „hignar“. Leggja áherslu á markaðsaðgerðir á ferðamannastöðum sem þola meiri aðsókn ferðamanna. Efla þarf starf upplýsingamiðstöðva, en þær gegna mikilvægu hlutverki við miðlun upplýsinga til ferðamanna.
- Tengja betur saman aðila í ferðaþjónustu og hefðbundnum atvinnugreinum. Þetta er að einhverju leyti til staðar t.d. við veiðar á sjóstöng eða sveitabæi sem fólki býðst að heimsækja. Ferðamenn vilja í vaxandi mæli vera einhvers konar þátttakendur í því sem um er að vera á þeim svæðum sem þeir sækja heim. Veita mætti fjárhagslegan stuðning til að efla og auka þessa tegund ferðaþjónustu.
- Við uppbyggingu ferðaþjónustu þarf að vinna eftir samþættri stefnu í byggða- og ferðamálaum. Markaðsstarf þarf að vera sveigjanlegt og stutt af rannsóknum til að hægt sé að bregðast við breyttum aðstæðum hverju sinni. Styrkja markaðsskrifstofur ferðamála m.a. til markaðssetningar utan háannar.
- Með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs skapast margvísleg sóknarfæri í ferðaþjónustu sem stuðlar að jákvæðri byggðaþróun. Til þess að vel takist þarf að leggja áherslu á sjálfbærni við nýtingu og verndun auðlinda þjóðgarðsins.
- Samkeppnishæfni svæða má auka með ýmsum hætti, meðal annars með þátttöku í

alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Sem dæmi má nefna Norrænu Atlantsnefndina, NORA og Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, NPP. Nær öll verkefni NORA og NPP hérlendis fara fram á landsbyggðinni og því um öflug byggðaverkefni að ræða. Gert er ráð fyrir a.m.k. 50% eigin fjármögnun verkefniskostnaðar. Mikilvægt er að þátttaka í verkefnum verði gerð auðveldari með því að beina stuðningi til greiðslu hluta af eigin mótfjármögnun verkefniskostnaðar.

Athugun á stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun



Helstu niðurstöður

- Í skýrslunni er fjallað um 22 sveitarfélög, 17 þeirra eru á Vestfjörðum og Norðurlandi, tvö á Austfjörðum, tvö á Suðurlandi og eitt á Vesturlandi.
- Fækkun íbúa í þessum sveitarfélögum var 20,9% á tímabilinu 1991-2006.
- Mest var fækkunin 55,8% í Árneshreppi, því næst voru Kaldrananeshreppur og Vesturbyggð.
- Aldursdreifing er víða skekkt og aldurshóparnir 0-4 ára og 25-39 ára fámennir m.v. landið allt.
- Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Eina undantekningin er Kaldrananeshreppur, þar voru konur fleiri en karlar.
- Útsvarstekjur á íbúa eru undir landsmeðaltali í öllum sveitarfélögum. Þær eru hæstar í Vestmannaeyjabæ en lægstar í Húnavatnshreppi.
- Tekjur af fasteignasköttum á íbúa eru hæstar í Húnavatnshreppi en lægstar í Svalbarðshreppi.
- Framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á íbúa er hæst í Reykhólahreppi en lægst í Vestmannaeyjabæ.
- Tekjur sveitarfélaganna alls á íbúa eru misháar, hæstar í Húnavatnshreppi en lægstar í Svalbarðshreppi.
- Fræðslu- og uppeldismál eru lang fjárfrekasti málaflokkurinn í útgjöldum sveitarfélaganna og kostnaður hærri á íbúa en landsmeðaltal.
- Framlög sveitarfélaganna til félagsþjónustu á íbúa eru hæst í Fjallabyggð en lægst í Árneshreppi.
- Framlög til menningarmála á íbúa eru ekki há hlutfallslega, en Dalabyggð ver mestu til þessa málaflokks.
- Djúpvogshreppur ver mestu til æskulýðs- og íþróttamála á íbúa af sveitarfélögum í úttektinni.
- Heildarfjöldi starfa í sveitarfélögum er 9.363.
- Flest fyrirtæki og störf eru í þjónustu og yfir 41% starfa er í landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu.
- Hlutfall starfa í þjónustu og heilbrigðis- og félagsþjónustu er töluvert lægra en hlutfall starfa í þessum greinum í Reykjavík.
- Meðalvegalengd til Reykjavíkur er 420 km, en lengsta fjarlægð frá sveitarfélagi í úttektinni er rúmir 600 km og sú stysta 153 km.
- Meðalvegalengd í næsta stærri þéttbýliskjarna er 142 km, en lengsta vegalengd í úttektinni er rúmlega 300 km og sú stysta er um 14 km. Vestmannaeyjar eru ekki inni í þessum útreikningi, þar sem hann tekur aðeins til landleiðarinnar.
- Flest sveitarfélögin liggja langt utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar.
- Skólasókn 16-20 ára og 21-29 ára er svipuð að meðaltali og í Reykjavík.
- Sem styrkleikar í sveitarfélögum eru m.a. nefnd atriði eins og náttúra, samstaða íbúa, fjölskylduvænt samfélag, fjölgun ferðamanna og góðar samgöngur.
- Veikleikar sem nefndir eru helst, auk neikvæðrar íbúaþróunar, eru slæmar samgöngur, einhæft atvinnulíf, lélegar nettengingar og slæm staða frumvinnslugreina.
- Tækifæri til sóknar eru helst talin vera í ferðaþjónustu, að byggja eigi á því sem fyrir er í sjávarútvegi og landbúnaði, en bættar samgöngur og aukin fjölbreytni í atvinnulífi eru taldar forsendur eflingar. Á sumum svæðanna eru hugsanleg atvinnutækifæri tengd stóriðju talin helsta sóknarfærið.

Dalabyggð



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 24,1% á tímabilinu 1991-2006.
- Karlar voru 11,1% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni.
- Framlag sveitarfélagsins á íbúa til menningarmála er herra en meðaltal í úttektinni.
- Landbúnaður er aðal atvinnuvegurinn með 38% starfa.
- Þjónustustig er svipað og að meðaltali í úttektinni og heilbrigðisþjónusta kemur betur út.
- Samgöngur eru góðar og ekki langt til höfuðborgarinnar.
- Skólasókn 16-29 ára mælist lág.
- Nálægð við Bifröst, Borgarnes og höfuðborgina er styrkur.
- Veikleikar eru m.a. skortur á fjölbreytni í atvinnulífi, skortur á þjónustu við ferðamenn, slæmar samgöngur innan svæðis og nettengingar og símasamband er ekki nógu gott.
- Möguleikar á uppbyggingu og aukinni þjónustu opnast með vegi um Arnkötludal.
- Tækifæri felast í ferðaþjónustu og menningarmálum.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Dalabyggðar á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Dalabyggð er í Dalasýslu. Það varð til við sameiningu Fellsstrandarhrepps, Haukadalshrepps, Hvammshrepps, Laxárdalshrepps, Skarðshrepps, Suðurdalshrepps, Skógarstrandarhrepps og Saurbæjarhrepps. Flatarmál hreppsins er 2.421 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Dalabyggð hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur í Dalabyggð er 39,6 ár en er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru hærri en meðaltal í úttektinni og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála.

Atvinnulíf í Dalabyggð er frekar einhæft. Megin atvinnuvegur er landbúnaður, enginn sjávarútvegur er í sveitarfélaginu. Mjólkurvinnslan er rekin af MS og þar starfa 50 manns. Sveitarfélagið er næst stærsti vinnustaðurinn, hjá því starfa 30-35 manns. Matvöruverslunin Samkaup er í Búðardal. Dalabyggð á 60% í sláturhúsinu, en KS leigir það til 2010, ekki til að slátra heldur að sviða og saga kjöt. Í Búðardal er einnig bifreiðaverkstæði, trésmíðaverkstæði, rafvirki og flutningafyrirtæki þar sem starfa sjö manns, tvær hársnyrtistofur og áfengisverslun. Einnig er dvalarheimili fyrir geðfatlaða aldraða. Til stendur að byggja nýjan leikskóla. Á Laugum er Fosshótel á sumrin en á veturna eru skólabúðir fyrir börn og unglinga. Nokkrir bændur eru með heimagistingu og gistiheimili er í Búðardal (Bjarg) sem er eina gistingin yfir vetrartímamann. Verið er að gera upp gamla kaupfélagshúsið fyrir sýningahald. Ríkið og sveitarfélagið standa að því. Tveir læknar eru á staðnum og tannlæknir kemur tvisvar-þrisvar í viku. Mörg störf eru í þjónustu en þjónustustig mælist ágætlega hátt í Dalabyggð miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni.

Vegalengd til Reykjavíkur er 153 km sem er talsvert styttra en meðal vegalengd í úttektinni. Skólasókn 16-20 ára mælist lægri en að meðaltali í úttektinni og enn lægri í aldurshópnum 21-29 ára.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Styrkleikar í Dalabyggð eru m.a. nálægð við þjónustusvæði í Borgarfirði og við höfuðborgina. Veikleikar eru m.a. skortur á fjölbreytni í atvinnulífi og slæmar samgöngur innan sveitarfélagsins. Tækifæri til sóknar eru m.a. í ferðaþjónustu og annarri þjónustu vegna bættra samgangna, sérstaklega með vegi um Arnkötuldal.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Dalabyggð voru 710 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 188 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 24,1%. Fækkunin var svipuð á öllum tímabilunum.


Fjöldi íbúa

	Frá	Til	Fækkun íbúa %		
			Karlar	Konur	Heildar
	Frá 1991 til 2006	15 ár	-23,1	-25,1	-24,1
	Frá 1991 til 1996	5 ár	-7,9	-7,7	-7,8
	Frá 1996 til 2001	5 ár	-10,9	-8,3	-9,7
	Frá 2001 til 2006	5 ár	-6,3	-11,5	-8,8

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Dalabyggðar. Yngstu hóparnir í Dalabyggð eru hlutfallslega fámennir, einnig er hópurinn 25-29 ára mjög fámennur. Aldurshópurinn 55-59 ára er hlutfallslega fjölmennur miðað við landið í heild.


Aldursdreifing



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Karlar voru allt að 15% fleiri en konur í Dalabyggð á tímabilinu. Karlar voru samtals 359 á móti 323 konum þann 1. desember 2006, eða 11,1% fleiri en konur.

Íbúapróun eftir kyni




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur Dalabyggðar eru svipaðar og meðal útsvarstekjur í úttektinni, en 30% lægri en í Reykjavík. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er hærra en meðaltal í úttektinni, eða 49% af skatttekjum á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins til félagsþjónustu er lágt í Dalabyggð. Varið er lægri upphæð á íbúa til fræðslu- og menningarmála en að meðaltali í úttektinni, en hærri en í Reykjavík. Til menningarmála fer hærri upphæð á íbúa en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Dalabyggð eru 108 fyrirtæki (hvert býli talið sem fyrirtæki) með 295 störf. Flest fyrirtæki eru í landbúnaði, samtals 77 með 113 störf og í þjónustu eru 16 fyrirtæki með 37 störf.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	108	295
Landb. og fiskv.	77	113
Iðnaður	4	53
Fiskvinnsla	0	0
Þjónusta	16	47
Opinber stj.	2	9
Mennt./menning	6	32
Heilb./félagsþj.	3	41

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Dalabyggð eru hlutfallslega flest störf í landbúnaði, eða 38%. Í iðnaði eru 18% starfa, um 16% í þjónustu og í fræðslustarfi eru 11% starfa, en 14% að meðaltali í úttektinni og 7% í Reykjavík.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í verslun og menntun mælast svipað og meðaltal í úttektinni, en heilbrigðisþjónusta og önnur þjónusta koma betur út.

Samanburður á þjónustu




Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla, með lögheimili í Dalabyggð lægra en í Reykjavík og meðaltal í úttektinni. Skólasókn 21-29 ára er einnig lægri í Dalabyggð.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Fjarlægð til þjónustu

Íbúar Dalabyggðar sækja talsvert þjónustu til Borgarness sem er í um 80 km fjarlægð. Til Reykjavíkur eru 153 km, en 420 km að meðaltali í úttektinni.

Vegalengd í þjónustu



Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Í Dalabyggð er fjölskylduvænt samfélag og umhverfi og fámennið er einnig styrkleiki og veitir öryggi. Nálægð við Bifröst, Borgarnes og höfuðborgina er sömuleiðis styrkleiki. Atvinnuöryggi er gott og allir utan hámenntað fólk geta fengið vinnu. Ekki er annað vitað en að mjólkurvinnslan muni starfa áfram, þótt nokkrir bændur flyttu sig yfir til Mjólkú. Mjólkurvinnslan er framarlega í ostagerð, þar er framleitt LGG og fetaostur og fleiri vörur sem seljast vel. Skólabúðirnar á Laugum er vel heppnað verkefni. Tilfinningin er sú að yngri fólk sé að fjölga í sveitarfélaginu. Bændur eru að yngjast og verið er að stækka búin, bæði kúabú og sauðfjárþú. Verið er að vinna aðalskipulag, en auglýsa á aðalskipulag Dalabyggðar og Reykhólahrepps saman. M.a. á að skipuleggja lóðir fyrir bæði íbúðar- og verslunarhúsnæði. Nokkur uppbygging hefur verið undanfarið, nýverið hafa verið byggð fimm parhús, eitt einbýlishús og fyrirhugað að byggja tvö hús og umsóknir eru um tvö til viðbótar. Samgöngur til Reykjavíkur eru góðar og malbikað alla leið.

Veikleikar, ógnanir


Það vantar fólk til starfa í Dalabyggð, smiði á trésmíðaverkstæðið, vantar fólk í leikskóla, skóla, dvalarheimili og víðar. Atvinnulíf er hins vegar ekki nægilega fjölbreytt. Húsnæðisskortur hefur háð sveitarfélaginu. Ekki er lengur slátrað í sláturhúsinu, Norðlenska treysti sér ekki til að halda áfram með reksturinn, en KS tók við og þá ekki til að slátra. Ekki er góð nettenging í sveitunum, aðeins í Búðardal. Það er heldur ekki gsm-samband nema rétt í kringum Búðardal, en meira og minna sambandslaust þar fyrir utan, t.d. á Laxárdalsheiði. Bæta þarf samgöngur innan svæðis, t.d. á Laxárdalsheiði og Fellsströnd. Í ferðapjónustu vantar aukna þjónustu, bæði hvað varðar gistingu og afþreyingu. Íþróttahús og sundlaug eru á Laugum sem eru í 20 km fjarlægð frá Búðardal.

Tækifæri

Miklir möguleikar munu opnast með vegi um Arnkötuldal, sem á að vera tilbúinn árið 2009, og umferð mun aukast mikið. Verið er að vinna deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir verslunarkjarna í Búðardal í tengslum við samgöngubæturnar. Með góðum samgöngum fá íbúar sveitarfélagsins aukið val, þeir geta t.d. unnið í Borgarnesi eða á Bifröst eða stundað skóla á Bifröst. Frá Búðardal er hálf tíma akstur á Bifröst og u.þ.b. eins og hálf tíma akstur í Mosfellsbæ. Samvinna er við framhaldsskólann á Akranesi, en nú er kominn menntaskóli í Borgarnesi og valið eykst enn frekar. Eftirspurn er eftir sumarbústaðalóðum, verið er að selja lóðir í sveitarfélaginu. Það mætti einnig auglýsa sveitarfélagið sem góðan búsetuvalkost, þar er næg atvinna og öll þjónusta sem menn þurfa, svo og nálægð við sveit og nálægð við höfuðborgina. Verið er að stækka leikskóla og skóla. Það er forgangsmál að tengja bæina í dreifbýlinu við háhraðakerfið. Tækifæri felast í ferðapjónustu og uppbyggingu í menningarmálum. Leggja mætti áherslu á sögutengda ferðapjónustu, þar er allt óunnið nema á Eiríksstöðum, sem er aðal aðdráttarafli fyrir ferðamenn á svæðinu. Möguleg framtíðaruppbygging er á nýja safnasvæðinu, t.d. væri hægt að byggja þar „víkingaborp“. Smábátahöfn og siglingar er möguleiki sem hefur lítið verið hugleiddur til þessa, en mætti skoða.

Reykhólahreppur

- Tilraunaverkefni í kræklingaeldi gæti skapað tækifæri.



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 32,2% á tímabilinu 1991-2006.
- Vantar verulega í alla aldurshópa upp að 50 ára, eldri íbúar eru hlutfallslega fleiri en landsmeðaltal.
- Karlar voru 10,9% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni.
- Framlög á íbúa til fræðslu- og menningarmála og æskulýðs- og íþróttamála á íbúa eru talsvert yfir meðaltali í úttektinni.
- Hlutfallslega flest störf eru í iðnaði og landbúnaði, um 25% í hvorri grein.
- Þjónustustig mælist heldur lægra en að meðaltali í úttektinni.
- Samgöngur suður á við eru góðar, en ekki norður.
- Skólasókn 16-20 ára er meiri en að meðaltali í úttektinni, en minni hjá 21-29 ára.
- Rekstur Þörungaverksmiðjunnar gengur vel.
- Veikleikar eru m.a. einhæft atvinnulíf, húsnæðisskortur og að verslun er að afleggjast.
- Samgöngur til norðurs eru slæmar og því er erfitt fyrir sveitarfélagið að eiga samleið með Vestfjörðum.
- Tækifæri felast ekki síst í ferðaþjónustu, hún er t.d. í miklum vexti í Flatey.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Reykhólahrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Reykhólahreppur er á sunnanverðum Vestfjörðum. Hinn upphaflegi Reykhólahreppur náði frá Kambsfjalli vestur að Múlaá í Þorskafirði. Allir hreppar í Austur-Barðastrandarsýslu sameinuðust undir nafni Reykhólahrepps, en hinir hrepparnir hétu Geiradalshreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Flateyjarhreppur. Flatarmál sveitarfélagsins er 1.090 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Reykhólahreppi hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Sökum fámennis vantar nær alveg einstaka aldurshólpa. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er nokkuð hár eða 40,5 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru mjög háar og er fjármunum að mestu varið til fræðslu- og uppeldismála.

Reykhólahreppur er landbúnaðarsvæði með bæði fjár- og kúabúskap og æðarvarp. Einnig er lítil gróðrarstöð á Reykhólum. Sveitarfélagið er stærsti vinnuveitandinn með rekstur leikskóla, skóla, dvalarheimilis og annarrar þjónustu. Í Þörungaverksmiðjunni vinna yfir 20 manns. Mörg störf eru í þjónustu en þjónustustig mælist þó undir meðaltali miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni. Læknisþjónusta er einu sinni í viku frá Búðardal, heilsugæslustöð er á staðnum og þar starfar hjúkrunarfræðingur. Bankaútibú er á Króksfjarðarnesi, en með þjónustu á Reykhólum einu sinni í viku. Verslun (Jónsbúð) er á Reykhólum, í sama húsnæði og bensínstöðin.

Vegalengd til Reykjavíkur er 228 km sem er talsvert styttra en meðal vegalengd í úttektinni. Skólasókn 16-20 ára er hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík, en mjög lág í aldurshópnum 21-29 ára. Í grunnskólanum eru um 30 nemendur. Framhaldsskóli er ekki í sveitarfélaginu, unglingar sækja skóla á Akranes eða til Reykjavíkur.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Styrkleikar eru m.a. að rekstur Þörungaverksmiðjunnar gengur vel og gróska er í ferðaþjónustu. Veikleikar eru m.a. einhæft atvinnulíf, hætta er á að verslunin afleggist og vegsamgöngur til Vestfjarða eru slæmar. Tækifæri til sóknar eru í ferðaþjónustu, bæði tengt menningu og náttúru. Einnig er unnið að tilraunaverkefni í kræklingaeldi á vegum Norðurskeljar sem vonir standa til að verði framhald á.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Reykhólahreppi voru 266 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 104 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 32,2%. Íbúum fækkaði mest á síðasta tímabilinu, eða um 17,4%.


Fjöldi íbúa

	Færðingur	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-29,4	-35,0	-32,2
Frá 1991 til 1996	5 ár	-6,4	-13,1	-9,7
Frá 1996 til 2001	5 ár	-13,1	-4,4	-9,0
Frá 2001 til 2006	5 ár	-13,2	-21,7	-17,4

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Reykhólahrepps. Aldursdreifing í Reykhólahreppi er mjög skekkt miðað við landið í heild og vantar verulega inn í alla aldurshópa að 50 ára aldri. Aldurshópar yfir 50 ára eru hlutfallslega stærri en á landinu í heild.


Aldursdreifing



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Karlar í Reykhólahreppi voru allt að 12% fleiri en konur á tímabilinu. Karlar voru samtals 132 á móti 119 konum þann 1. desember 2006, eða 10,9% fleiri en konur.

Íbúapróun eftir kyni




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur Reykhólahrepps á íbúa eru lægri en meðal útsvarstekjur í úttektni og í Reykjavík. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er hærra en meðaltal í úttektni, eða 56% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er lágt. Varið er hærri upphæð á íbúa til fræðslu- og menningarmála og æskulýðs- og íþróttamála en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Reykhólahreppi eru 58 fyrirtæki með 92 störf. Flest fyrirtæki eru í landbúnaði (hvert býli talið sem fyrirtæki) samtals 34, fiskveiðar eru engar. Störf í iðnaði eru 23 og 17 í þjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	58	92
Landb. og fiskv.	34	22
Iðnaður	2	23
Fiskvinnsla	0	0
Þjónusta	13	17
Opinber stj.	2	4
Mennt./ menning	5	13
Heilb./ félagsþj.	2	13

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Reykhólahreppi eru hlutfallslega flest störf í iðnaði og landbúnaði, eða um 25% í hvorri grein. Um 19% starfa eru í þjónustu, sem er undir meðaltali í úttektni. Hlutfall starfa í fræðslustarfsemi er svipað og meðaltal í úttektni og hærri en í Reykjavík.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í verslun mælist nokkuð lægra en meðaltal í úttektinni. Menntunarmöguleikar mælast svipaðir og önnur þjónusta kemur betur út en að meðaltali í úttektinni.


Samanburður á þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Reykhlahreppi herra en sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektinni. Hlutfall skólasóknar 21-29 ára var töluvert lægra en meðaltal og í Reykjavík.


Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Fjarlægð til þjónustu

Fjarlægð til næsta stærri þjónustukjarna (Borgarness) eru 155 km, sem er eilítið lengra en meðaltal í úttektinni. Til Reykjavíkur eru 228 km, en 420 km að meðaltali í úttektinni.

Vegalengd í þjónustu



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Styrkleikar í Reykhlahreppi eru m.a. náttúruvegur og jarðhiti. Nokkur endurnýjun er í landbúnaði, þar sem bændur eru tiltölulega ungir. Íbúðir hafa verið í byggingu á Reykhólum og fasteignaverð hefur hækkað. Grunnskólinn er vel mannaður réttindakennurum og nýverið kom til starfa menntaður leikskólakennari í fyrsta sinn í nokkur ár. Rekstur Þörungaverksmiðjunnar hefur gengið vel síðustu árin. Skoska fyrirtækið (ISP) sem á um 90% í verksmiðjunni telur hráefnið það besta fáanlega og það ríkir bjartsýni um framtíð fyrirtækisins. Framleiðslan er með lífræna vottun. Verið er að endurnýja skip og nýbúið að stækka verksmiðjuna og byggja skemmu. Mikil starfsemi er yfir sumarið á Hótel Bjarkarlundi. Þar eru um 12-14 herbergi og verið er að breyta og endurbæta. Gróska er í ferðaþjónustu í Flatey og að sumrinu er góð nýting á hótelinu sem var nýlega stækkað og endurbætt. Í því eru 8-10 herbergi, en einnig er heimagisting í eygni. Eyjasiglingar eru með nánast daglegar ferðir yfir sumarið. Siglt er út í Skáleyjar frá Stað á Reykjanesi og líka út í Flatey í

samstarfi við hótelið. Leiðin til Reykjavíkur er öll á bundnu slitlagi og það tekur innan við þrjá tíma að aka þangað. Þessar samgöngubætur hafa breytt miklu fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Veikleikar, ógnanir

Atvinnulíf er einhæft og það vantar störf fyrir háskólamenntaða. Hins vegar má almennt segja að það vanti fólk til starfa, t.d. iðnaðarmenn. Ástæðan gæti m.a. verið fækkun íbúa. Húsnæðisskortur hefur verið veikleiki, en það mun rofa til þegar þau hús sem eru í byggingu verða tilbúin. Á dvalarheimilinu eru 15 rými og ekki hefur fengist leyfi fyrir fjölgun, en 7 manns eru á biðlista. Ekki er starfandi tónlistarskóli í sveitarfélaginu og hann yrði að reka í samstarfi við aðra. Framhaldsskóli sveitarfélagsins er í raun á Ísafirði, en meira er sótt suður á við vegna landfræðilegrar legu og samgangna. Engin aðstaða er til fjarnáms í sveitarfélaginu. Kaupmaðurinn á staðnum er að hætta, hann rekur einnig verslun á Króksfjarðarnesi, sem var áður kaupfélagið. N1 rekur bensínstöðina, en ekki verslunina, sem er í sama húsnæði. Ef verslun leggst af verður 60-70 km vegalengd í næstu verslun, um 60 km til Hólmavíkur, en rúmum 70 til Búðardals. Samgöngur eru góðar suður á við en það eru vondir kaflar til norðurs þótt verið sé að laga sums staðar. Þverun Þorskafjarðar er aftarlega á áætlun en hagsmunamál í sveitarfélaginu. Sýslumaðurinn er staðsettur á Patreksfirði sem er langt að fara á vondum vegi. Reykhólahreppur á meira sameiginlegt með Dölum og Ströndum en Vestfjörðum. Reykhólahreppur lagði fram nokkrar tillögur í Vestfjarðaskýrsluna, en þær náðu ekki inn.

Tækifæri

Tækifæri felast m.a. í ferðaþjónustu sem er í miklum vexti, sérstaklega í Flatey. Á Reykhólum er kjörlendi fyrir fuglaskoðun og það eru fáir staðir á landinu þar sem líklegri er að sjá erni. Hugmyndir eru um að setja upp arnaskoðunarsetur og vefmyndavél á ernina (hreiðrin) að skoskri fyrirmynd. Verið er að vinna að þessu og búið að fá tölvumyndavél og reisa fuglaskoðunarhús við Langavatn. Kominn er vísir að bátasafni á Reykhólum, hreppurinn útvegaði húsnæði sem síðan verður stækkað og aðlagð starfsemi. Í geymslu eru tveir bátar sem Þjóðminjasafnið á. Bátasafnið mætti tengja Hlunnindasýningunni, sem Reykhólahreppur rekur. Aðstaða fyrir náttúruskoðun gæti verið á Reykhólum og myndi styrkja byggðina og draga að háskólamenntað fólk. Fjölgun rýma á

dvalarheimilinu væri einföld og ódýr aðgerð, en ekki er verið að nýta það húsnæði sem til staðar er. Ef fjölgað yrði um 7 rými myndu skapast möguleikar á að ráða annan hjúkrunarfræðing. Það strandar á vilja ríkisins sem þarf að greiða hluta rekstrar. Svo mætti fá fleiri opinber störf. Verið er að vinna að dýpkun hafnarinnar og byggja hafnargarð sem nýtist Þörungaverksmiðjunni fyrst og fremst. Það vantar smábátastöðu á Reykhóla fyrir grásleppuútgerðina. Nú er í gangi tilraunaverkefni í kræklingaeldi á vegum Norðurskeljar. Sérfræðingar telja kjöraðstaður og framhaldið verður ljóst á næstu tveimur árum. Ef út í það verður farið verður stofnað sérfélag með þátttöku sveitarfélagsins. Bryggjurnar í Króksfjarðarnesi fyrir framan sláturhúsið verða notaðar og hugsunin er að nýta gamla sláturhúsið fyrir kræklingaræktina. Loforð fyrir peningum er fengið úr Hafnabótasjóði. Hugmyndir hafa verið um að byggja húsnæði fyrir verslunarrekstur og veitingar á Reykhólum, það er t.d. forsenda vaxtar í ferðaþjónustu.

Vesturbyggð



- Olíuhreinsunarstöð í Hvestu er stóra atvinnutækifærið á svæðinu og myndi gagnast öllum Vestfirðum.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Vesturbyggðar á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Vesturbyggð er á sunnanverðum Vestfirðum. Sveitarfélagið varð til við sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Bíldudalshrepps og Patrekshrepps. Sveitarfélagið nær frá Arnarfirði að Kjálkafirði, að Tálknafirði undanskildum. Flatarmál sveitarfélagsins er 1.339 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 37,7% á tímabilinu 1991-2006.
- Yngstu aldurshóparnir eru fremur fámennir, en þeir elstu fjölmennir m.v. meðaltal.
- Karlar voru 7,3% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru hærrí en að meðaltali í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til æskulýðs- og íþróttamála eru hærrí en að meðaltali í úttektinni.
- Um 34% starfa eru í þjónustu og 25% í fiskvinnslu.
- Þjónustustig er svipað eða aðeins hærrí en að meðaltali í úttektinni.
- Skólasókn 16-29 ára er heldur minni en að meðaltali í úttektinni.
- Sjávarútvegur er öflugur.
- Samgöngur milli þéttbýlisstaðanna eru ágætí.
- Veikleikar eru m.a. að fiskvinnsla á Bíldudal hefur gengið illa og verslunarrekstur einnig, auk þess sem vöruverð er hátt.
- Samgöngur til Reykjavíkur og milli norðan- og sunnanverðra Vestfirðna eru slæmar.
- Tækifæri eru háð samgöngubótum að miklu leyti og gætu m.a. falist í ferðaþjónustu, þróunarsetri og kræklingaeldi.

Íbúum Vesturbyggðar hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er 37,8 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru háar og er fjármunum að mestu varið til fræðslu- og uppeldismála, einnig eru miklir fjármunir á íbúa lagðir til æskulýðs- og íþróttamála.

Atvinnulíf er fyrst og fremst hefðbundinn sjávarútvegur og starfsemi á vegum sveitarfélagsins. Hjá stærsta sjávarútvegsfyrirtækinu, Odda, starfa 80-90 manns og álíka margir hjá sveitarfélaginu. Einnig eru smærri fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki, t.d. Perlufiskur. Hjá Kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal eru 5-10 störf og kannski einhver afleidd störf. Verksmiðjan er ekki komin í full afköst. Flest störf eru í þjónustu, en þjónustustig mælist ágætlega hátt í Vesturbyggð miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni.

Vegalengd til Reykjavíkur er 401 km sem er svipað og meðal vegalengd í úttektinni. Skólasókn 16-29 ára er lægri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Öflug fyrirtæki í sjávarútvegi og vaxandi straumur ferðamanna eru styrkleikar í Vesturbyggð. Veikleikar eru ekki síst slæmar samgöngur, auk neikvæðrar íbúapróunar. Stóra tækifærið er bygging olíuhreinsunarstöðvar við Arnarfjörð. Með bættum samgöngum skapast tækifæri til sóknar í

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

ferðapjónustu, sérstaklega ef Látrabjarg verður gert að þjóðgarði.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Vesturbyggð voru 920 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 585 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 37,7%. Íbúum fækkaði mest á síðasta tímabilinu, eða um 17,4%.


Fjöldi íbúa

	Tímabil	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-37,9	-37,6	-37,7
Frá 1991 til 1996	5 ár	-14,1	-14,4	-14,2
Frá 1996 til 2001	5 ár	-14,2	-10,0	-12,2
Frá 2001 til 2006	5 ár	-15,8	-19,0	-17,4

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Vesturbyggðar. Yngstu íbúahóparnir eru hlutfallslega fámennir. Aldurshóparnir 15-30 ára eru í jafnvægi en hóparnir 30-45 ára eru hlutfallslega fámennir. Elstu aldurshóparnir eru hlutfallslega fjölmennir miðað við landið allt.

Aldursdreifing



Karlar voru allt að 11% fleiri en konur í Vesturbyggð á tímabilinu. Karlar voru samtals 485 á móti 452 konum þann 1. desember 2006, eða 7,3% fleiri en konur.


Íbúapróun eftir kyni



Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur Vesturbyggðar á íbúa eru svipaðar og meðal útsvarstekjur í úttektinni, en lægri en í Reykjavík. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er hærra en meðaltal, eða 48% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er lágt í Vesturbyggð. Framlög til fræðslu- og uppeldismála eru 25% lægri en meðaltal í úttektinni og í Reykjavík. Varið er hærri upphæð á íbúa til æskulýðs- og íþróttamála en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Vesturbyggð eru 74 fyrirtæki með 308 störf. Flest fyrirtæki eru í þjónustu, samtals 49 með 105 störf og í fiskvinnslu eru fjögur fyrirtæki með 76 störf. Fjöldi starfa í menntun og menningu eru 47 og 35 störf eru í heilbrigðis- og félagsþjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	74	308
Landb. og fiskv.	4	20
Iðnaður	3	7
Fiskvinnsla	4	76
Þjónusta	49	105
Opinber stj.	2	18
Mennt./ menning	9	47
Heilb./ félagsþj.	3	35

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Vesturbyggð eru hlutfallslega flest störf í þjónustu, eða um 34%. Um 25% starfa eru í fiskvinnslu og 15% í menntun og menningu. Í landbúnaði og fiskveiðum eru 6% starfa, en 32% að meðaltali í sveitarfélögum í úttektinni og 1% í Reykjavík.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í Vesturbyggð mælist svipað og meðaltal í úttektinni. Menntunarmöguleikar mælast heldur hærri og önnur þjónusta kemur betur út en meðaltal í úttektinni.

Samanturður á þjónustu




Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Vesturbyggð heldur lægra en sambærilegs hóps í Reykjavík og að meðaltali í úttektinni, en skólasókn 21-29 ára er talsvert lægri.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Fjarlægð til þjónustu

Vegalengd til næsta stærri þjónustukjarna (Borgarness) er 327 km, sem er mikið lengri vegalengd en meðal vegalengd í úttektinni (142 km). Til Reykjavíkur er 401 km, eða svipað og að meðaltali í úttektinni.

Vegalengd í þjónustu



Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Í sveitarfélaginu eru öflug sjávarútvegsfyrirtæki og útgerð sem standa vel. Fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækið Oddi er kjölfestan í byggðarlaginu. Á Patreksfirði eru tvær matvöruverslanir og hægt að kaupa mjólk o.fl. á N1, en það er sami rekstraraðilinn og að annarri versluninni (Fjölvali). Einnig er hægt að fá nýbakað brauð í sjoppunni (Albínu) því bakarinn rekur hana. Á Bíldudal er söluskáli með helstu nauðsynjar. Þjónusta og verslun er því góð í sveitarfélaginu. Menn sækja alla verslun á Patreksfjörð, líka af Tálknafirði. Samgöngur á milli þéttbýlisstaðanna eru ágætari og haldið opnu að vetrinum. Náttúran er stórbrotin og ferðamennska er vaxandi. Ef lagt verður bündið slitlag til Reykjavíkur er hægt að byggja upp öfluga ferðaþjónustu ef Látrabjarg verður þjóðgarður. En ferðaþjónustan hefur sín takmörk.

Veikleikar, ógnanir

Ágætt atvinnuástand er í sveitarfélaginu en fólkið fer samt, enda þensla. Á Bíldudal er algjört hrun og þar hefur lengi verið stopp, engin vinnsla. Stór hluti íbúa hefur sótt vinnu út fyrir sveitarfélagið. Á Patreksfirði er þokkalegt atvinnuástand, en vantar fólk til starfa, t.d. í byggingariðnaði. Ekki er hægt að fá iðnaðarmenn og verkefni á staðnum eru ekki viðvarandi, þess vegna fara þeir annað. Niðurskurður á þorskkvóta kemur illa við byggðarlagið, búið er að reikna út að bein skerðing á tekjum sveitarfélagsins verði 30 m.kr. Vilyrði í tengslum við Vestfjarðanefnd um störf á svæðið hafa engu skilað enn. Það er þungur rekstur að vera með tvær verslanir á Patreksfirði og til stendur að loka versluninni á Bíldudal. Vöruverð er hátt, 20-30% dýrara en í Bónus. Fólk er mikið á ferðinni og birgir sig upp. Ekkert er sótt til Ísafjarðar, enda vondar samgöngur og leiðinni yfirleitt ekki haldið opinni að vetrinum. Ísafjörður er kjarninn á Vestfjörðum og reynt var að fá í gegn að framhaldsdeildin í Vesturbyggð yrði út frá MÍ, en það gengur ekki því þá þyrfti að laga samgöngurnar. Hætta er á að ekki verði hægt að sinna lögboðnum skyldum sveitarfélagsins ef íbúum fækkar enn. Það er erfitt að bera uppi þjónustu og stjórnsýslu. Þó nokkurt samstarf er við Tálknafjörð og það endar með sameiningu. Þótt talað hafi verið um að gera Vestfirði vistvæna hafa engir peningar verið settir í að byggja upp. Vegurinn út á Látrabjarg og Rauðasand er mjög slæmur.

Tækifæri

Bættar samgöngur hafa lengi verið baráttumál á svæðinu. Mikilvægast er að fá láglandisveg á bundnu slitlagi til Reykjavíkur og í öðru lagi að opna á milli norður- og suðurhluta Vestfjarða, en þar eru erfiðir fjallvegir. Það er reyndar á samgönguáætlun, en til 2018. Þetta gæti þó breyst með tilkomu olíuhreinsunarstöðvarinnar. Hún yrði eitthvað sem er öruggt og ekki háð sveiflum í náttúrunni eins og sjávarútvegurinn. Rannsóknir eru í gangi og það á að vera ljóst fljótlega hvort eitthvað kemur í veg fyrir að þetta gangi upp. Svona stöð myndi skapa 500-520 störf og svo afleidd störf, alls um 1500 störf. Þetta er verkefni fyrir Vestfirði alla, sem þá yrðu eitt atvinnusvæði. Menntað fólk sér möguleika á að koma heim, því þarna verða hátæknistörf (20%). Í Vestfjarðaskýrslunni er tillaga um þróunarsetur staðsett á Patreksfirði í tengslum við framhaldsskóladeild sem var að opna á staðnum, tengd framhaldsskólanum á Snæfellsnesi. Þar yrði

atvinnuþróunarfélagið staðsett, jafnvel Náttúrustofa Vestfjarða og fræðasetur HÍ – þeir hafa lýst sig reiðubúna að stofna til slíks samstarfs og fjármagn verið samþykkt til þessa. Einnig er stefnt að því að opna gestastofur, fá landverði í störf og gera Látrabjarg að þjóðgarði. Gjarnan mætti fá fleiri opinber störf. Möguleikar eru á kræklingaeldi, það vantar krækling í Evrópu, skilyrði í sjónum hafa breyst. Í Tálknafirði eru kjörskilyrði en tekur hins vegar tíma að byggja upp. Þetta er í athugun. Í Kalkþörungaverksmiðjunni eru 5-10 störf og kannski einhver afleidd, en hún mun vonandi eflast.

Tálknafjarðarhreppur



- Hlutfall erlendra íbúa er hátt og þyrfti að vera hægt að nýta þekkingu þeirra og reynslu betur.
- Sveitarfélagið gæti markaðssett sig sem umhverfisvænt.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Tálknafjarðarhrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Tálknafjarðarhreppur er í Tálknafirði á sunnanverðum Vestfjörðum. Flatarmál sveitarfélagsins er 176 km² og búa færri en tveir íbúar á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Tálknafjarðarhreppi hefur fækkað nokkuð undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er lágur eða 34,0 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru háar og er fjármunum að mestu varið til fræðslu- og uppeldismála, einnig eru miklir fjármunir á íbúa lagðir til æskulýðs- og íþróttamála.

Atvinnulíf er fyrst og fremst hefðbundinn sjávarútvegur og nokkur opinber starfsemi er á vegum sveitarfélagsins. Undirstaða atvinnulífs er útgerðarfyrirtækið Þórsberg, þar vinna álíka margir og hjá sveitarfélaginu, 20-25 starfsmenn hjá hvoru og þetta eru fjölmennustu vinnustaðirnir. Önnur fyrirtæki eru Sparisjóður Vestfirðinga, fiskeldisfyrirtækið Tungusilungur sem vinnur regnbogasilung, sprotafyrirtækið Villimey, sem framleiðir krem úr jurtum, með um tvö stöðugildi, og harðfiskverkun með tvo starfsmenn. Svo er smábátaútgerð, þrjú bátar allt árið og fjórir sumarbátar til viðbótar. Þetta er þéttbýlissveitarfélag og enginn landbúnaður. Mörg störf eru í þjónustu, en þjónustustig mælist þó undir meðaltali í úttektinni.

Vegalengd til Reykjavíkur er 403 km sem er svipað og meðal vegalengd í úttektinni. Skólasókn 16-29 ára er lægri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Helstu styrkleikar eru m.a. náttúrugæði og góð grunnþjónusta. Veikleikarnir eru m.a. slæmar samgöngur af svæðinu, lélegar nettengingar og einhæfni atvinnulífs. Sóknarfæri eru t.d. í

Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 18,4% á tímabilinu 1991-2006.
- Elstu aldurshóparnir eru fámennir m.v. landið allt.
- Karlar voru 8,6% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru hærri en meðaltal í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru talsvert hærri en að meðaltali í úttektinni.
- Flest störf eru í menntun og menningu, eða 29% og 25% starfa eru í þjónustu.
- Þjónustustig mælist lægra en meðaltal í úttektinni.
- Skólasókn 16-29 ára er lægri en að meðaltali í úttektinni.
- Sjávarútvegur hefur verið sterkur.
- Tilkoma olíuhreinsunarstöðvar myndi hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif.
- Veikleikar eru m.a. einhæfni atvinnulífs, slæmar samgöngur og sömuleiðis nettengingar.
- Vaxtarsamningur kemur ekki vel út fyrir sunnanverða Vestfirði, en góðar tillögur eru í Vestfjarðaskýrslu.
- Tækifæri felast í ferðaþjónustu en samgöngubætur eru nauðsynleg forsenda.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

menningartengdri ferðaþjónustu. Forsenda fyrir auknum tækifærum eru bætta samgöngur. Tilkoma olíuhreinsunarstöðvar við Arnarfjörð mun hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Tálknafjarðarhreppi voru 290 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 68 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 18,4%, mest á tímabilinu 2001-2006, eða um 21,5%.


Fjöldi íbúa

	Fækkun íbúa %	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-24,8	-10,3	-18,4
Frá 1991 til 1996	5 ár	-5,9	-7,7	-6,7
Frá 1996 til 2001	5 ár	3,2	22,2	11,4
Frá 2001 til 2006	5 ár	-22,4	-20,5	-21,5

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Tálknafjarðarhrepps. Aldursdreifing í Tálknafjarðarhreppi er í heild nokkuð skekkt þegar borið er saman við landið allt. Íbúafjöldi er í réttu hlutfalli í hverjum aldurshópi en kynjahlutfallið er skekkt. Elstu aldurshóparnir eru hlutfallslega fámennir miðað við landið allt.

Aldursdreifing



Karlar voru allt að 37% fleiri en konur í Tálknafjarðarhreppi á tímabilinu. Karlar voru samtals 152 á móti 140 konum þann 1. desember 2006, eða 8,6% fleiri en konur.


Íbúapróun eftir kyni



Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur Tálknafjarðarhrepps á íbúa eru svipaðar og meðal útsvarstekjur í úttektni, en lægri en í Reykjavík. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er hærra en meðaltal, eða 50% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er lágt í Tálknafjarðarhreppi. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru 26% hærri en í Reykjavík. Varið er hærri upphæð á íbúa til æskulýðs- og íþróttamála en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Tálknafjarðarhreppi eru 32 fyrirtæki með 84 störf. Flest fyrirtæki eru í þjónustu, samtals 12 með 21 starf og í iðnaði eru fjögur fyrirtæki með 18 störf. Fjöldi starfa í menntun og menningu eru 25 en eitt starf er í heilbrigðis- og félagsþjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	32	84
Landb. og fiskv.	8	12
Iðnaður	4	18
Fiskvinnsla	4	8
Þjónusta	12	21
Opinber stj.	0	0
Mennt./ menning	3	25

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Tálknafjarðarhreppi eru hlutfallslega flest störf í menntun og menningu, eða um 29%. Um 25% starfa eru í þjónustu og 21% starfa í iðnaði. Hlutfall starfa í landbúnaði og fiskveiðum er 14% en er 32% að meðaltali í úttektni og 1% í Reykjavík.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í verslun og heilbrigðisþjónustu mælist lægra í Tálknafjarðarhreppi en að meðaltali í úttektni. Menntunarmöguleikar mælast heldur hærri, en önnur þjónusta kemur verr út en að meðaltali í úttektni.


Samanburður á þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Tálknafjarðarhreppi heldur lægra en sambærilegs hóps í Reykjavík og að meðaltali í úttektni. Skólasókn 21-29 ára er töluvert lægri en meðaltal og í Reykjavík.


Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Fjarlægð til þjónustu

Vegalengd til næsta stærri þjónustukjarna (Borgarness) er 327 km, sem er mikið lengra en meðal vegalengd í úttektni (142 km). Til Reykjavíkur eru 403 km, eða svipað og að meðaltali í úttektni.

Vegalengd í þjónustu



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Á Tálknafirði er gott veðurfar, skjólsælt, snjólétt og náttúrufegurð og engin náttúruvá. Þar er heitt vatn í jörðu, en ekki hitaveita, hins vegar er 40 gráða hiti í sundlaug/skóla gegnum borholu. Öll grunnþjónusta er til staðar og framhaldsskóladeild er nýopnuð á Patreksfirði. Sveitarfélagið hefur verið ágætlega stöðugt og fer varlega í fjárfestingar. Tálknafjörður er í 7. sæti á landsvísi varðandi úrvinnslu þorskafla og 9. sæti af hæstu sveitarfélögum í þorskafla. Fyrirtækið Villimey hefur vaxið síðustu þrjú árin og stefnir á markaðssetningu í Bandaríkjunum. Starfsemin er að aukast og fyrirtækið er að kaupa hús af sveitarfélaginu. Lífræn vottun er á land í Tálknafirði sem skiptir máli fyrir þessa framleiðslu. Ein matvöruverslun er á staðnum, tengd N1. Hún lokaði haustið 2006, en opnaði aftur með nýjum eigendum. Nokkur gistiheimili eru á Tálknafirði, þar af eitt nýuppgerið, og gott veitingahús. Það breytti miklu að AtVest fékk tvö

stöðugildi á Patreksfirði fyrir tveimur árum og þjónustan er æ meira notuð. Þótt ekki sé ánægja með vaxtarsamninginn er góðar tillögur í Vestfjarðaskýrslunni.

Veikleikar, ógnanir


Íbúum í sveitarfélaginu hefur fækkað mikið og fáar hendur sem bera samfélagið uppi. Erfitt er að fá fólk til starfa, en hins vegar vantar störf fyrir háskólamenntaða og fólk sem fer í nám kemur ekki til baka. Atvinnulíf er einhæft, fyrst og fremst fiskvinnsla og útgerð. Ef af verður með olíuhreinsunarstöðina hefur það neikvæð áhrif á starfsemi Villimeyjar og spurning hvort það er möguleiki fyrir Tálknafjörð að vera eini græni bletturinn á Vestfjörðum. Starfsemi af þessari stærðargráðu myndi þó vissulega bjarga landshlutanum ef rétt er að málum staðið, en margt er óljóst ennþá. Borholan fyrir skóla og sundlaug hefur dregið úr þörfinni á því að fundin verði hitað til að setja upp hitaveitu. Það vantar heitt vatn fyrir atvinnustarfsemi, t.d. fiskeldi. Tvær fiskeldisstöðvar eru til staðar, en eru ekki í gangi eins og er (Sveinseyri og Djákni). Samkeppni um ferðamenn til að veiða á sjóstöng við Hvíldarklett á Suðureyri varð til þess að þjóðverjarnir riftu samningi við fyrirtækið á Tálknafirði. Það þarf að tryggja hringtengingu varðandi tölvunetið, stundum dettur netið út. Skólinn er á sérkerfi (gerfihnattatenging) sem er öruggt en dýrt. Samgöngur eru slæmar bæði innan Vestfjarða og til Reykjavíkur og flutningskostnaður er hár. Bættar samgöngur eru forsenda atvinnurekstrar og búsetuskilyrða og ef velja ætti eina aðgerð þá yrði það samgöngubætur. Menn setja fyrir sig að flytja á svæðið vegna ástands í samgöngum. Jöfnun flutningskostnaðar er líka eitthvað sem þarf að vinna að. Líklega yrði sameining sveitarfélaga styrkur, samfélögin myndu halda sér og rekstur stjórnáslunnar batna. Vonir voru bundnar Markaðsstofu Vestfjarða, en það starf hefur ekki skilað sér, hvorki fyrir Vestfirði í heild né Tálknafjarðarhrepp. Ekki er ánægja með vaxtarsamning og fátt í honum sem snertir þetta svæði.

Tækifæri

Tálknafjörður hefur allt til atvinnuuppbyggingar, m.a. nægt byggingarland, öflugt íþróttalíf og fjölskylduvænt samfélag. Samgöngubætur eru það allra mikilvægasta, ekki síst á leiðinni til Reykjavíkur og hugsanlega þokast það í rétta átt með mótvægisáðgerðunum. Ef olíuhreinsunarstöð verður reist í Arnarfirði þá mun hreppurinn njóta góðs af. Ferðaþjónusta hefur verið

vaxandi og þar eru sóknarfæri. Það þarf að markaðssetja svæðið, en það vantar fjármagn og fólk til markaðssetningar. Sóknarfæri eru t.d. tengd Látrabjargi, Dynjandisfossi og fjörðunum. Nú er eitt félag með hús og báta eftir sameiningu við Sumarbyggð á Súðavík og á vegum þess koma Þjóðverjar til að veiða á sjóstöng. Það vantar menningartengda ferðaþjónustu, það mætti t.d. gera eitthvað tengt hvalstöðinni. Á Tálknafirði eru 12% erlendir íbúar, hæsta hlutfallið á Vestfjörðum. Sumir eru fagmenntaðir, margir iðnmenntaðir. Það mætti skapa þeim atvinnu ef þeir fengu starfsréttindi sín metin. Hugsanlega er framtíð í þorskeldi og firðirnir henta vel til þess. Það mætti markaðsetja Tálknafjörð sem umhverfisvænt samfélag, þar hefur lengi verið unnið skv. Staðardagskrá. Allt rusl er t.d. flokkað. Krakkarnir í grunnskólanum hafa verið í umhverfisverkefnum og fengu verðlaun sem varðliðar umhverfisins. Það mætti kannski stofna Menntamiðstöð Íslands á Tálknafirði. Sveitarfélagið var með í dreifmenntaverkefninu, sem var tímabundið verkefni í þrjú ár, en verið er að vinna að framhaldi, tengt Lindaskóla í Kópavogi. Dreifmenntaverkefnið var fyrir grunnskóla, en það verður nú tengt framhaldsdeildinni.

Árneshreppur



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 55,8% á tímabilinu 1991-2006.
- Kynjahalli er mikill, karlar voru allt að 51% fleiri en konur á tímabilinu.
- Meðalaldur er 7,8 árum hærri en landsmeðaltal.
- Skatttekjur á íbúa í Árneshreppi eru lágar.
- Þjónustustig mælist lágt, sérstaklega í heilbrigðisþjónustu.
- Landbúnaður og þjónusta eru aðal atvinnugreinar.
- Samgöngur á landi leggjast af að vetrinum þegar snjópungt er.
- Einangrun vegna lélegra samgangna er helsti veikleikinn.
- Unga fólk fer burt til náms og kemur ekki aftur.
- Ekki er hægt að sameinast öðrum sveitarfélögum vegna samgangna.
- Ekki er 3ja fasa rafmagn.
- Tækifæri gætu falist í ferðaþjónustu ef samgöngur batna.
- Tækifærin liggja í því sem fyrir er, landbúnaði og sjávarútvegi.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Árneshrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins. Hafa ber í huga að vegna fámennis í sveitarfélaginu getur verið varasamt að draga ályktanir af tölfraðilegum upplýsingum eða bera saman við fjölmennari byggðarlög.

Árneshreppur er nyrsta sveitarfélagið í Strandasýslu og afskaplega landmikið. Í suðri nær hreppurinn frá Spena undir Skreflufjalli á milli eyðibýlanna Kaldbaks og Kolbeinsvíkur og að norðanverðu að Geirólfsgrúp fyrir norðan Skjaldarbjarnarvík. Flatarmál sveitarfélagsins er 724 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Árneshreppi hefur fækkað nokkuð undanfarin ár og eru einstakir aldurshópar fámennir eða jafnvel vantar nær alveg, eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er mjög hár eða 43,5 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru lágar og er fjármunum nær eingöngu varið til fræðslu- og upveldismála.

Atvinnulíf í Árneshreppi er einhæft, fyrst og fremst er um landbúnað og smáútgerð að ræða. Starfandi fyrirtæki eru útibú frá Kaupfélagi Strandamanna, sparisjóðsútibú, grunnskóli, Hótel Djúpavík, smáútgerð, 10 sauðfjárbú, heimagisting á tveimur stöðum, auk húss Ferðafélagsins og minja- og handverkshússins Kört í Árnesi. Við hótelið er einnig Sögusýning Djúpavíkur. Einhver samvinna er við nágrennabyggðir, svo sem sorpsamlag og um heilsugæslu. Nokkur störf eru í þjónustu, en þjónustustig mælist mjög lágt í Árneshreppi miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni. Þjónusta er að miklu leyti sótt til Reykjavíkur, en jafnframt er sótt í ríkari mæli til Hólmavíkur, t.d. sækja eldri borgarar félagslíf og þjónustu þangað þegar fært er. Læknisþjónusta er frá Hólmavík, læknar koma tvisvar í mánuði. Sundlaug er í Krossnesi og opin á sumrin.

Vegalengd til Reykjavíkur eru 378 km sem er heldur styttra en meðal vegalengd í úttektinni. Það segir þó ekki alla sögu, þar sem landleiðin er ekki fær allt árið. Flugsamgöngur við Reykjavík eru tvisvar í viku frá Gjögri á vegum flugfélagsins Arna. Vegum er haldið

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

opnum einu sinni í viku fram að áramótum, þá er hætt að moka fram á vor. Skólasókn á aldrinum 16-20 ára mælist hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík, en lægri í aldurshópnum 21-29 ára, en taka verður tillit til fámennis í Árneshreppi.

Styrkleikar liggja m.a. í samheldni íbúa, auknum ferðamannastraumi og einstakri náttúru. Fámenni og einangrun vegna samgangna eru helstu veikleikar. Tækifæri til sóknar eru í ferðaþjónustu, að því gefnu að samgöngur batni. Einnig eru tækifæri í landbúnaði, verði bændum gert kleyft að slátra og vinna kjöt í heimabyggð. Tækifæri í sjávarútvegi gætu skapast með aðgangi að kvóta til að leigja út.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Árneshreppi voru 48 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 65 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 55,8%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 1996-2001, eða um 29,8%.


Fjöldi íbúa

	Færsla	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-54,1	-57,7	-55,8
Frá 1991 til 1996	5 ár	-21,3	-30,8	-25,7
Frá 1996 til 2001	5 ár	-27,1	-33,3	-29,8
Frá 2001 til 2006	5 ár	-20,0	-8,3	-15,3

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldursamsetningu Íslendinga og íbúa Árneshrepps. Aldursdreifing í Árneshreppi er í heild mikið skekk þegar borið er saman við aldersdreifingu á landinu. Íbúafjöldi er ekki í réttu hlutfalli hvorki í aldurshópum né eftir kyni. Elstu og yngstu aldurshóparnir eru hlutfallslega fámennir miðað við landið í heild.

Aldursdreifing



Karlar voru allt að 51% fleiri en konur í Árneshreppi á tímabilinu. Karlar voru samtals 28 á móti 22 konum þann 1. desember 2006 eða 27,3% fleiri en konur. Hafa ber þó fámenni sveitarfélagsins í huga.


Íbúapróun eftir kyni



Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur Árneshrepps á íbúa eru lægri en meðal útsvarstekjur í úttektni og í Reykjavík. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er lægra en meðaltal í úttektni, eða 43% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru lægri en meðaltal í úttektni en hærri en í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er lágt, en framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru 36% hærri en í Reykjavík. Varið er lægri upphæð á íbúa til menningar-, æskulýðs- og íþróttamála í Árneshreppi en í sveitarfélögum í úttektni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Árneshreppi eru 16 fyrirtæki með 26 störf. Flest fyrirtæki eru í landbúnaði og fiskveiðum, samtals níu með 10 störf og í þjónustu eru fimm fyrirtæki með 12 störf. Fjöldi starfa í menntun og menningu eru þrjú, en ekkert starf er í heilbrigðis- og félagsþjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	16	26
Landb. og fiskv.	9	10
Iðnaður	0	0
Fiskvinnsla	0	0
Þjónusta	5	12
Opinber stj.	1	1
Mennt./ menning	1	3
Heilb./ félagsþj.	0	0

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Árneshreppi eru hlutfallslega flest störf í þjónustu, eða um 46%. Um 40% starfa eru í landbúnaði og fiskveiðum, en 32% að meðaltali í úttektni og 1% í Reykjavík. Í menntun og menningu eru 12% starfa.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í Árneshreppi mælist lægra en að meðaltali hjá sveitarfélögum í úttektni, sérstaklega er áberandi hvað heilbrigðisþjónusta mælist langt undir meðaltalinu. Menntunarmöguleikar mælast einnig lágt.


Samanburður á þjónustu



Fjarlægð til þjónustu

Fjarlægð til næsta stærri þjónustukjarna (Borgarness) eru 304 km, sem er talsvert lengra en að meðaltali í úttektni. Til Reykjavíkur eru 378 sem er heldur styttra en að meðaltali í úttektni. Hafa ber þó í huga að landleiðin er ekki fær allt árið.


Vegalengd í þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára sem sækja framhaldsskóla með lögheimili í Árneshreppi 100%. Hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektni er um 75%. Hlutfall 21-29 ára í Árneshreppi sem stunda framhaldsnám er rúmlega 60% á móti um 40% að meðaltali í úttektni og í Reykjavík. Hafa ber þó í huga fámenni í hreppnum.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Sérstaða svæðisins sem m.a. felst í samfélagi og náttúru er styrkur. Mikil samheldni og samhjálp er meðal íbúa og brottfluttir sækja í að koma í heimabyggðina. Styrkleiki fyrir sjávarútveg er að stutt er á miðin. Landbúnaður er stærsti þátturinn í atvinnulífinu. Ferðamannastraumur er vaxandi, bæði hvað varðar innlenda og erlenda ferðamenn. Það breytti miklu fyrir byggðina að Ferðafélagið keypti jörð og gerði þar upp hús og er með ferðir á svæðið, jafnvel að vetrinum. Fastar bátsferðir eru fyrir göngufólk á Hornstrandir og Strandir, þannig skipulagðar að svæðið njóti góðs af og nýting á gistirými aukist. Verið er að reyna jeppaferðir að vetrinum. Árið 2006 var metár á hótelinu á Djúpuvík, sem tengist ekki síst gönguferðunum. Hótelið tekur rúmlega 30 manns í gistingu en stundum eru allt að 50 manns sem þá gista hjá nágrönnunum. Starfsfólkið eru vinir og vandamenn, þar sem fólk í sveitinni er ekki á lausu. Mikil

uppbygging er hjá minja- og handverkshúsinu í Árnesi og búið að stækka það. Flugvöllurinn á Gjögri er góður og á að endurbæta hann enn frekar (áætlun til 2010). Flugið er ríkisstyrkt, fraktin er niðurgreidd, en ekki fargjaldið.

Veikleikar, ógnanir

Einangrun vegna slæmra samgangna er veikleiki, auk fólksfækkunar. Samfélagið er að eldast, nemendur í skóla voru þrír á skólaárinu 2006-2007, þar af var einn að ljúka 9. bekk og fór því burt þar sem ekki er 10. bekkur í skólanum á Finnbogastöðum. Unglingar sem fara í 10. bekk og framhaldsskóla fara yfirleitt til Reykjavíkur. Búin eru lítil og jarðir litlar. Skortur er á „þolinmóðu“ fjármagni, menn þora ekki að byggja og taka fjárhagslega áhættu. Sláturfé þarf að flytja um langan veg, oftast á Hvammstanga eða Blönduós. Ekki er 3ja fasa rafmagn og þess vegna geta línubátarnir ekki komið, en það þarf 3ja fasa rafmagna fyrir frystigáma. Vegasamgöngur eru hamlandi fyrir ferðaþjónustu, t.d. hvað varðar nýtingu hótelsins. Fólk getur teppst og ekki náð í flug að vetrinum. Veðurfar undanfarna vetur hefur verið hagstætt, stundum hefur verið mokstur í janúar-febrúar, en annars er engin áætlun um að halda opnu eftir áramót. Engir flutningabílar koma að vetrinum, vistir í verslunina eru fluttar smátt og smátt í flugi, m.a. mjólkurvörur. Það þarf að birgja sig upp af öllu fyrir veturinn, m.a. olíu. Vegurinn var lagður 1964 og engar úrbætur fyrr en 1990 og lítið hefur verið gert síðan þá. Þetta er erfið leið og á henni er snjóflóðahætta. Óttast er að með vegabótum verði flugið aflagt. Ástandið í samgöngumálum er í raun einstakt á landsvísu. Staðan er heldur ekki góð í fjarskiptamálum, nettenging er léleg, bara símatenging og það er ekkert gsm-samband. Sameining við önnur sveitarfélög gengur ekki vegna slæmra samgangna. Strandir eiga ekki að öllu leyti samleið með Vestfjörðum og passa ekki t.d. samgöngulega við önnur svæði Vestfjarða. Árneshreppur lendir utan við vaxtarsamninginn og í vaxtarsamningi og Vestfjarðaskýrslu er eingöngu ein tillaga sem snertir svæðið, sem er um vegabætur.

Tækifæri

Það vantar frumkvöðla og ungt fólk með áhættuþor í sveitarfélagið. Tækifæri í sjávarútvegi gæti falist í aðgangi að kvóta sem sveitarfélagið leigði út. Það þarf að byggja á því sem fyrir er og landbúnaður er grunnurinn að samfélaginu í Árneshreppi. Tækifæri í landbúnaði eru m.a. þau að mönnum verði gert kleyft

að slátra og vinna kjöt í heimabyggð. Búin eru ekki nógu stór til að framfleyta fjölskyldu, þá þarf eitthvað með, t.d. ferðaþjónustu og tækifærin felast ekki síst í henni. Áhugi er á að Galdrasetrið færi út kvíarnar í Trékyllisvík og það mun standa til. Það mætti koma upp selasafni og hákarlasafni, t.d. á Gjögri. Það þyrfti að varðveita þetta sérstaka byggðarlag, m.a. með menningartengda ferðaþjónustu í huga. Til að lengja ferðamannatímamann mætti fjölga flugferðum og bæta vegasamgöngur. Ef vegurinn til Hólmavíkur verður lagaður er klukkustundar akstur þangað, íbúar Árneshrepps myndu þá sækja meira þangað og samstarf aukast. Miklar breytingar verða með veginum um Arnkötludal, en það er einnig mikilvægt að fá betri samgöngur innan Stranda. Mögulegt verkefni væri að fólk tæki börn í sveit yfir veturinn sem vistforeldrar, sem gæti fjölgað í skólanum. Tækifæri gætu einnig falist í skattaávilnunum, bættum lánamöguleikum, lánnum til samgöngumála og að styrkja ferðaþjónustuna, landbúnaðinn og sjávarútveginn. Það þarf úrbætur í orkumálum (3ja fasa rafmagn), bætt fjarskipti, bætt símasamband og bættar samgöngur.

Kaldraneshreppur



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 42% á tímabilinu 1991-2006.
- Aldursdreifing er mikið skekkt og vantar í bæði yngstu og elstu aldurshópa.
- Konur voru 5,8% fleiri en karlar 1. desember 2006, sem er öfugt það sem almennt gerist á landsbyggðinni.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa voru hærri en að meðaltali í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til æskulýðs- og íþróttamála voru hærri en meðaltal í úttektinni.
- Flest störf eru í fiskvinnslu eða 35%.
- Þjónustustig er undir meðaltali í úttektinni.
- Skólasókn 16-20 ára er undir meðaltali í úttektinni, en yfir meðaltali í aldurshópnum 21-29 ára.
- Góð samstaða íbúa er styrkleiki og sýnir sig t.d. kringum árlega íbúahátíð.
- Veikleikar eru m.a. skortur á gistirými á svæðinu, verslunin er í hættu, samgöngur eru ekki nógu góðar og fjarskipti eru léleg.
- Tækifæri felast í ferðaþjónustu og að byggja á því sem fyrir er, þ.e. sjávarútvegi.
- Sjóflutningar eru mikilvægir, einnig fyrir Vestfirði í heild.
- Vegur um Arnkötludal mun auka tækifærin á Ströndum.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Kaldraneshrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins. Hafa ber í huga að vegna fámennis í sveitarfélaginu getur verið varasamt að draga ályktanir af tölfræðilegum upplýsingum eða bera saman við fjölmennari byggðarlög.

Kaldraneshreppur í Strandasýslu nær frá Selá í Steingrímsfirði að sunnan að Spena norðan við Kaldbaksvík. Í hreppnum er þorpið Drangnes á Selströnd norðan við Steingrímsfjörð. Nokkur byggð er einnig í Bjarnarfirði milli Steingrímsfjarðar og Kaldbaksvíkur. Flatarmál sveitarfélagsins er 387 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Kaldraneshreppi hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldersdreifingu 1.12.2006. Sökum fámennis vantar nær alveg einstaka aldurshópa. Konur eru fleiri en karlar í Kaldraneshreppi sem er á annan veg en víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur í Kaldraneshreppi er nokkuð hár eða 43,5 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru háar og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála en fjármunir á íbúa til æskulýðs- og íþróttamála eru yfir meðaltali í úttektinni.

Atvinnulíf í Kaldraneshreppi er einhæft, en eingöngu er um landbúnað og smátúngerð að ræða. Landbúnaður í sveitarfélaginu er eingöngu fjárbúskapur. Flest störf eru í fiskvinnslu. Fyrirtæki og stofnanir eru 11 talsins. Sveitarfélagið á í rekstri Drangs og hótelinu á Laugarhóli. Á Drangnesi er útibú kaupfélagsins. Í grunnskólanum eru allar bekkjardeildir, nemendur í skólanum eru 16. Einnig er leikskóli með fjögur börn og einn starfsmann. Fá störf eru í þjónustu enda mælist þjónustustig mjög lágt í Kaldraneshreppi miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni. Engir iðnaðarmenn eru á Drangnesi, slík þjónusta er sótt til Hólmavíkur, sem og flest önnur þjónusta svo og félags- og menningarlíf. Læknisþjónusta er frá Hólmavík.

Vegalengd til Reykjavíkur eru 306 km sem er skemmra en meðal vegalengd í úttektinni. Skólasókn 16-20 ára er lægri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík, en

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

töluvert hærrí í aldurshópnum 21-29 ára, en taka verður tillit til fámennis í sveitarfélaginu.

Styrkleikar liggja m.a. í samstöðu íbúa. Veikleikar eru m.a. að samfélagið er að eldast, ógnun við sjávarútveg er að kvóti er ótryggur. Það vantar aukið gistirými fyrir ferðamenn og nettengingar eru slæmar. Tækifæri til sóknar felast m.a. í ferðaþjónustu. Tækifæri í sjávarútvegi gætu komið með aðgangi að kvóta sem sveitarfélagið leigði út.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Kaldrananeshreppi voru 102 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 72 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 42,0%, mest á tímabilinu 2001-2006, eða um 23,5%.


Fjöldi íbúa

	Fækkun íbúa	Fækkun íbúa		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-42,4	-41,6	-42,0
Frá 1991 til 1996	5 ár	-27,1	-18,0	-22,4
Frá 1996 til 2001	5 ár	4,8	-8,2	-2,2
Frá 2001 til 2006	5 ár	-24,6	-22,4	-23,5

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Kaldrananeshrepps. Aldursdreifing er í heild mikið skekkt þegar borið er saman við aldurudreifingu á landinu öllu. Íbúafjöldi er ekki í réttu hlutfalli, hvorki í aldurshópum né eftir kyni. Elstu og yngstu aldurshóparnir eru hlutfallslega fámennir miðað við landið allt.


Aldursdreifing



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Karlar voru allt að 15% færri en konur í Kaldrananeshreppi á tímabilinu. Karlar voru samtals 49 á móti 52 konum þann 1. desember 2006 eða 5,8% færri en konur.

Íbúapróun eftir kyni




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur Kaldrananesshrepps á íbúa eru hærri en meðal útsvarstekjur í úttektinni. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er hærri en meðaltal í úttektinni, eða 49% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er lágt. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru svipuð og meðaltal í úttektinni, en 25% hærri en í Reykjavík. Varið er lægri upphæð á íbúa til menningarmála og hærri upphæð til æskulýðs- og íþróttamála en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Kaldrananesshreppi eru 11 fyrirtæki með 35 störf. Flest fyrirtæki eru í landbúnaði og fiskveiðum, samtals þrjú með 10 störf og í fiskvinnslu er eitt fyrirtæki með 12 störf. Í opinberri stjórnsýslu og menntun og menningu eru þrjú störf í hvorri grein.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	11	35
Landb. og fiskv.	3	10
Iðnaður	0	0
Fiskvinnsla	1	12
Þjónusta	2	3
Opinber stjs.	3	5
Mennt./ menning	2	5
Heilb./ félagsþj.	0	0

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Kaldrananesshreppi eru hlutfallslega flest störf í fiskvinnslu, eða um 35%. Um 29% starfa eru í landbúnaði og fiskveiðum, en 32% að meðaltali í úttektinni og 1% í Reykjavík og 15% starfa eru í menntun og menningu.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í Kaldrananeshreppi mælist lægra en að meðaltali í úttektinni og heilbrigðisþjónusta og önnur þjónusta mælast áberandi langt undir meðaltali. Menntunarmöguleikar mælast undir meðaltali í úttektinni.


Samanburður á þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla, með lögheimili í Kaldrananeshreppi 63%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektinni var um 75%. Skólasókn 21-29 ára var um 56%, en um 40% að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.


Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Fjarlægð til þjónustu

Fjarlægð til næsta stærri þjónustukjarna (Borgarness) eru 232 km, sem er töluvert lengri vegalengd en meðaltal í úttektinni. Til Reykjavíkur eru 306 km sem er heldur styttra en að meðaltali í úttektinni.

Vegalengd í þjónustu



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Samstaða íbúa í hreppnum er góð, t.d. kringum árlega íbúahátíð, svonefnda Bryggjuhátíð. Þangað koma um 1500 manns, ekki síst brottfluttir heimamenn. Þátttaka er mikil og allir koma að með einum eða öðrum hætti, jafnvel gestirnir líka. Þetta gefur hagnað og sveitarfélagið hefur ekki þurft að standa undir kostnaði. Á Drangsnesi er hitaveita og húsahtun því ódýr. Sundlaug er á staðnum og svo eru heitir pottar í fjöruborðinu. Það er einnig styrkleiki að hafa verslun á staðnum. Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir bundnu slitlagi til Drangsness. Vegur um Arnkötludal mun hafa jákvæð áhrif á Ströndum.

Veikleikar, ógnanir

Samfélagið er að eldast, það vantar ungt fólk til að taka við, hvort heldur er í sjávarútvegi eða landbúnaði. Kvótinn er ekki nægur og hann er ótryggur og ekki fastur við byggðarlagið. Áður var rækjuvinnsla á staðnum, landað á Hólmavík og keyrt á Drangsnæs. Byggðakvóti reiknaður af rækjutapi kemur ekki í Kaldrananeshrepp. Sveitarfélagið verður að taka þátt í atvinnurekstri og það á hlutfé í Glámu, fiskvinnslunni Drangi og hótelinu á Laugarhóli. Ferðamannastraumur hefur aukist, en svæðið er vanbúið að taka við honum, það vantar gistingu, sérstaklega fyrsta flokks. Á Drangsnesi býður aðeins einn aðili gistingu, en það er í raun bara lítil íbúð. Slæmar samgöngur eru við Bjarnardal, brúin tekur ekki meira en 7 tonna öxulþunga. Það vantar enn malbik frá Hólmavík til Drangsnæs og vegurinn verður eitt svað í bleytu. Það stendur til að lengja slitlagið en ekki alla leið, það verða 7 km eftir. Fjarskiptin eru enn léleg, sem sagt örbylgjusamband og flutningsgetan er mjög lítil. ADSL hefur ekki fengist vegna fámennis. Gsm-samband er rétt yfir þorpinu – sem var óvart, sendirinn sneri vitlaust! Ástandið í fjarskiptum hamlar því að fólk vilji setjast að á staðnum, t.d. flutti kerfisfræðingur sem tók vinnuna með sér frá Reykjavík í sveitarfélagið, en það gekk ekki upp og hann fór aftur. Fólk sem vill t.d. mennta sig í fjarnámi á þess varla kost. Verslunarrekstur er í hættu því líklegt er að útibú kaupfélagsins loki er núverandi verslunarstjóri hættir. Sveitarfélagið var ekki með mótaðar tillögur inn í vaxtarsamning og Vestfjarðaskýrslu, þær komu frá Strandabyggð, einnig frá Reykhólahreppi, en þeirra tillögur náðu ekki í gegn. Ekki er ánægja með hlut Stranda í þessum tillögum.


Tækifæri

Tækifæri felast í ferðaþjónustu og í fjarvinnslu – að því gefnu að tengingar verði í lagi. Það er mikilvægt að halda því sem til staðar er og byggja á því, t.d. í sjávarútvegi, í honum felast tækifæri, t.d. með byggðakvóta. Stutt er á miðin sem er styrkur. Svæðið er mjög vel fallið til sauðfjarræktar, en það þarf aukabúgrein með. Sjóflutningar eru mikilvægir, t.d. fyrir vinnsluna og til að fá flutningskostnað niður. Þetta myndi skipta máli fyrir Vestfirði í heild. Hafnargjöld koma líka inn í, að þau fari ekki bara til Reykjavíkur, en nú þarf öll vara að fara um höfnina í Reykjavík og þar eru teknir tollar. Bjartsýnin er í ferðaþjónustunni. Kannski mætti markaðssetja Drangsnæs sem sjávarþorp úti á landi. Hóтелиð á Laugarhóli hefur verið rekið

hjálparlítið s.l. fimm ár og gefið tekjur til sveitarfélagsins. Það þarf að auka gistingu fyrir ferðamenn á svæðinu og mesti rekstrargrundvöllurinn er á Laugarhóli. Þar er hægt að taka rúmlega 20 manns í gistingu og mörg herbergi eru með baði. Staðurinn er mjög miðsvæðis á Ströndum. Vegur um Arnkötuldal mun hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif, hann eykur möguleika í ferðaþjónustu, en hefur jafnframt neikvæð áhrif varðandi verslun á svæðinu. Mikilvægt er að ná inn í ferðamannaradíusinn frá Reykjavík og vonandi komast Strandir inn á kortið með þessum nýja vegi.

Strandabyggð

- Vegabætur með vegi um Arnkötludal breyta miklu og skapa tækifæri.



Yfirlit

Hér er fjallað um íbúaþróun, tekjur og gjöld Strandabyggðar á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Strandabyggð er á Ströndum sem liggja við Húnaflóa. Sveitarfélagið varð til við sameiningu Hólmavíkurhrepps og Broddanesshrepps, og er helsti þéttbýliskjarni Hólmavík. Flatarmál sveitarfélagsins er 1.906 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 21,9% á tímabilinu 1991-2006.
- Aldurshóparnir 25-39 ára eru hlutfallslega fámennir en elstu hóparnir hlutfallslega fjölmennir m.v. landið allt.
- Karlar voru 23,3% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni.
- Framlag sveitarfélagsins á íbúa til æskulýðs- og íþróttamála er hærri en meðaltal í úttektinni.
- Um 35% starfa eru í þjónustu.
- Þjónustustig mælist hærri en meðaltal í úttektinni.
- Skólasókn 16-20 ára er hærri en meðaltal í úttektinni.
- Sveitarfélagið leggur mikla áherslu á velferð barna og unglinga.
- Mikill frumkvöðlaandi er meðal íbúa.
- Galdrasýningin er mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og tækifæri tengjast þeirri starfsemi, t.d. hugmynd um „galdrapörp“.
- Veikleikar eru m.a. einhæft atvinnulíf og slæmar nettengingar og gsm-samband.
- Samstarf á Vestfjörðum er ekki nógu gott, m.a. vegna samgönguferfiðleika.
- Strandir eiga rýran hlut í vaxtarsamningi og Vestfjarðaskýrslu.

Íbúum í Strandabyggð hefur fækkað nokkuð undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldersdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er 37,7 ár, en er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru háar og er fjármunum að mestu varið til fræðslu- og uppeldismála. Fjármunir á íbúa til æskulýðs- og íþróttamála eru einnig yfir meðaltali í úttektinni.

Í Strandabyggð er fyrst og fremst hefðbundinn landbúnaður og nokkur sjávarútvegur. Atvinnustarfsemi á Hólmavík er opinber starfsemi á vegum sveitarfélagsins og þar er einnig rækjuvinnsla. Flest störf eru í þjónustu en þjónustustig mælist ágætlega hátt í Strandabyggð miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni. Hlutur sveitarfélagsins í Orkubúi Vestfjarða var seldur fyrir fimm árum og var andvirðið notað til að byggja íþróttahús og sundlaug og stækka leikskólann um helming.

Vegalengd til Reykjavíkur er 274 km sem er skemmra en meðal vegalengd í úttektinni, en 200 km eru til næsta þjónustukjarna, sem er lengra en meðaltal. Skólasókn 16-20 ára er hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík, en lægri í aldurshópnum 21-29 ára.

Styrkleikar í Strandabyggð felast m.a. í áherslu sveitarfélagsins á fjölskylduvænt samfélag og frumkvöðlaanda meðal íbúa. Veikleikar eru ekki síst fábreytni í atvinnulífi og slæmar samgöngur og nettengingar. Tækifæri til sóknar koma með

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

vegabótum og betri háhraðatengingum. Galdraímyndin gæti skapað frekari tækifæri í ferðaþjónustu.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Strandabyggð voru 500 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 149 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 21,9%, mest á tímabilinu 1996-2001 eða um 18,1%.


Fjöldi íbúa

	Fækkun íbúa %	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-21,8	-22,0	-21,9
Frá 1991 til 1996	5 ár	1,4	2,7	2,0
Frá 1996 til 2001	5 ár	-19,0	-17,1	-18,1
Frá 2001 til 2006	5 ár	-4,8	-8,5	-6,5

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldursamsetningu Íslendinga og íbúa Strandabyggðar. Aldursdreifing í Strandabyggð er í heild nokkuð skekkt þegar borið er saman við landið allt. Íbúafjöldi er ekki í réttu hlutfalli hvorki í aldurshópum eða eftir kyni. Aldurshóparnir 25-34 ára eru hlutfallslega fámennir og elstu hóparnir eru fjölmennir miðað við landið allt.


Aldursdreifing



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Karlar voru allt að 28% fleiri en konur í Strandabyggð á tímabilinu. Karlar voru samtals 280 á móti 227 konum þann 1. desember 2006 eða 23,3% fleiri en konur.

Íbúapróun eftir kyni




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Strandabyggð á íbúa eru svipaðar og meðaltal útsvarstekna í úttektinni, en lægri en útsvarstekjur í Reykjavík. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er hærra en meðaltal, eða 49% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er lágt í Strandabyggð. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru svipuð og meðaltal, en 24% hærri en í Reykjavík. Varið er svipaðri upphæð á íbúa til menningarmála og hærri upphæð til æskulýðs- og íþróttamála en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Strandabyggð eru 48 fyrirtæki með 174 störf. Flest fyrirtæki eru í þjónustu, samtals 21 með 60 störf og í landbúnaði og fiskvinnslu eru sjö fyrirtæki með 20 störf. Fjöldi starfa í menntun og menningu eru 35 og 18 störf eru í heilbrigðis- og félagsþjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	48	174
Landb. og fiskv.	7	20
Iðnaður	4	10
Fiskvinnsla	1	22
Þjónusta	21	60
Opinber stj.	3	10
Mennt./ menning	10	35
Heilb./ félagsþj.	2	18

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Hlutfallslega flest störf eru í þjónustu, eða um 34%. Um 20% starfa eru í menntun og menningu, 11% í landbúnaði og fiskveiðum, en 32% að meðaltali í úttektinni og 1% í Reykjavík. Í heilbrigðis- og félagsþjónustu eru 10% starfa.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í Strandabyggð mælist hærra en meðaltal í úttektinni, sérstaklega er áberandi hvað heilbrigðisþjónusta mælist hátt. Menntunarmöguleikar eru svipaðir og önnur þjónusta kemur betur út en að meðaltali í úttektinni.


Samanburður á þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Strandabyggð 84%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og að meðaltali í úttektinni er um 75%. Hlutfall skólasóknar 21-29 ára er um 37% en er um 40% að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.


Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Fjarlægð til þjónustu

Vegalengd til næsta stærri þjónustukjarna (Borgarness) eru 200 km, sem er nokkuð lengra en að meðaltali í úttektinni (142 km). Til Reykjavíkur eru 274 km, sem er heldur styttra en að meðaltali í úttektinni (420 km).

Vegalengd í þjónustu



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Mikil uppbygging í sveitarfélaginu fyrir nokkrum árum skilaði m.a. því að íbúarnir fengu trú á samfélaginu og bjartsýnin jókst. Góð samstaða er meðal íbúa og mikil virkni í samfélaginu. Sveitarfélagið leggur áherslu á velferð barna og unglinga, það skiptir miklu máli varðandi búsetu. Öflugt framboð er á tólmundastarfi fyrir börn og unglinga og mikil þátttaka í tónlistarskóla og íþróttastarfi, jafnvel yfir 90%. Leikskólinn tekur börn frá eins árs aldri. Hátt hlutfall réttindakennara er við grunnskólann, sem er heilsdagsskóli með skólasel og mötuneyti. Öll sérfræðiþjónusta er líka í boði þótt skólinn sé fámennur. Skólabíllinn var seldur og keypt lítil rúta sem er lánuð endurgjaldslaust fyrir krakkana í ýmsar ferðir. Verið er að koma upp aðstöðu fyrir þá sem eru í fjarnámi. Á Hólmavík er skortur á húsnæði, en búið er að selja allt húsnæði sem sveitarfélagið átti. Fólk í atvinnulífinu tók höndum saman og er að byggja, stefnt er að því að hafa byggingarfélag sem reisir íbúðarhúsnæði. Mannauður og frumkvöðlaandi er

einnig styrkleiki og má nefna frumkvöðla eins og Jón Jónsson á Kirkjubóli. Staðsetningin og náttúran er styrkur, samgöngubætur munu opna möguleika þessu tengda og auka möguleika varðandi þjónustu. Galdrasýningin er mikið aðdráttarafl á svæðinu og hefur lengt ferðamannatímamann. Þetta hefur gert mikið fyrir svæðið og beint athyglinni að Ströndum. Mikið og öflugt félagslíf er í sveitarfélaginu, kvennakór, íbúahátíð (hamingjudagar), leikfélag með árlegar sýningar, karóíkíkeppni sem hefur undið upp á sig, spurningakeppni á Ströndum hefur verið haldin í fimm ár með mikla aðsókn, Góugleði og fleira.

Veikleikar, ógnanir


Neikvæð íbúapróun og einhæft atvinnulíf eru veikleikar. Það vantar fleiri störf fyrir menntað fólk og það vantar framhaldsskóla. Gsm-samband er bara kringum Hólmavík. Nú er verið að tengja inn Steingrímsfjarðarheiði og vonandi verður gsm-samband á leiðinni frá Reykjavík með nýjum vegi. Til er í dæminu að fólk hafi flutt sig um set vegna skorts á háhraðatengingum. Aðgang að þolinmóðu fjármagni skortir, sem m.a. kemur niður á ferðapjónustu. Það þarf að byggja almennilegt hótél með nútímapægindum, þ.e. herbergjum með baði. Veitingahúsið er lokað yfir veturinn (Kaffi Riis), sem er erfitt ef lengja á ferðamannatímamann. Vestfjarðaskýrslan var í raun unnin fyrir Ísafjörð. Það að talað var um Vestfirði skapaði ákveðnar væntingar, t.d. talað um að fá 3ja fasa rafmagn við Djúp og Barðaströnd, í stað þess að tala um alla bæi á Vestfjörðum. Á Ströndum er lítill áhugi og lítil trú á vaxtarsamninginn og ýmsum finnst Strandir gleymast þegar talað er um Vestfirði. Í raun er bara ein tillaga í Vestfjarðaskýrslunni sem snertir Strandir beint, sem er tillaga um Þjóðtrúarstofu. Reynt var að fá í gegn undirbúning að framhaldsdeild og að koma á héraðsskjalasafninu sem er í vaxtarsamningnum. Þessar hugmyndir voru nýttar til að fá stöðugildi við AtVest (atvinnuráðgjafi á Hólmavík frá janúar 2006). Sveitarfélagið borgar helming launakostnaðar og ferðakostnað o.fl., AtVest greiðir helming launa og stjórnar starfi atvinnuráðgjafans. Strandir ná ekki inn á áhrifasvæði Ísafjarðar og nærþjónustan verður aldrei þaðan vegna samgangna. Strandamenn eiga samt að horfa á Vestfirði sem eitt svæði. Vestfirðingar eru heild og eru í sambandi gegnum fjórðungssambandið og þurfa að vera heilir í því. Vestfjarðaskýrslan gaf

andmælendum slíkra viðhorfa hins vegar byr undir báða vængi og atti byggðum saman.

Tækifæri

Tækifæri felast m.a. í bættu gsm-sambandi og bættri háhraðatengingu sem lofað er innan tveggja ára. Með vegabótum mun flutningskostnaður lækka og ferðamannatíminn lengjast. Það þarf að laga samgöngur innan svæðisins þegar vengtenging út af því hefur verið bætt. Vegurinn um Arnkötuldal sem á að verða tilbúinn 2009 mun breyta miklu og þar felast mörg tækifæri. Bundið slitlag verður alla leið og ferðin til Reykjavíkur mun taka tvo og hálfan tíma. Náðin við Reykjavík skiptir mjög miklu máli. Önnur tækifæri gætu t.d. verið að setja upp kítinverksmiðju á Hólmavík, en Norðmenn eru að skoða það. Tillaga úr vaxtarsamningi um héraðsskjalasafn er að fara af stað. Óskir hafa komið fram um að fá framhaldsdeild, a.m.k. tvo fyrstu bekkina. Slíkar deildir verða á Patreksfirði. Miklir möguleikar eru í ferðapjónustu og góð aðsókn hefur verið að galdrasýningu og Sauðfjársetri, sem hefur lengt ferðamannatímamann. Galdraímyndin er mikið notuð og hægt er að byggja á henni. Til dæmis mætti reisa „galdrapörp“, sem byggist ekki endilega á sögunni, fremur á skemmtigildi og miðað við nútímann. Það gætu verið „gömul“ hús, „galdraréttir“ o.fl., lifandi safn með leikarum og verslunarvara tengd hugmyndinni. Vaxandi aðsókn er að sýningunum, en auk þeirra eru ýmsir fleiri viðburðir, eins og hrútaþukl, trjónubolti o.fl.

Húnavatnshreppur



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 19,6% á tímabilinu 1991-2006.
- Karlar voru 20,5% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til fræðslu- og menningarmála eru hærri en að meðaltali í úttektinni.
- Atvinnulíf er einhæft með 64% starfa í landbúnaði.
- Þjónustustig er lágt, enda er þjónusta að mestu leyti sótt til Blönduóss.
- Skólasókn 16-20 ára er yfir meðaltali, en undir meðaltali hjá 21-29 ára.
- Styrkleikar felast í gjöfulum veiðiám og góðri staðsetningu.
- Veikleikar eru m.a. fámenni og slæmar samgöngur innan sveitarfélagsins.
- Tækifæri felast í ferðaþjónustu, möguleikum á skógrækt og nýtingu á heitu vatni.
- Ný atvinnutækifæri skapast með því að nýta þá orku heima fyrir sem kemur frá Blöndu.
- Tækifæri myndu skapast með frekari sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúaþróun, tekjur og gjöld Húnavatnshrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu,

skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Húnavatnshreppur er í Austur-Húnavatnssýslu og varð til með sameiningu Bólstaðarhlíðarhrepps, Sveinsstaðahrepps, Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Áshrepps árið 2006. Það sem einkum einkennir Húnavatnshrepp er dreifð byggð, því ekki er um neitt eiginlegt þéttbýli að ræða. Flatarmál hreppsins er 3.817 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Húnavatnshreppi hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur í Húnavatnshreppi er 36,9 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru háar og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála.

Atvinnulíf í Húnavatnshreppi er einhæft en landbúnaður er öflugur, einkum sauðfjárbúskapur. Önnur atvinnustarfsemi er eingöngu í þjónustu. Flest störf eru í landbúnaði. Þjónustustig er frekar lágt miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni, en nær öll þjónusta er sótt til annarra sveitarfélaga.

Vegalengd til Reykjavíkur er 239 km sem er talsvert styttra en meðal vegalengd í úttektinni. Mjög stutt er í næsta þjónustukjarna, sem er Blönduós, eða 18 km, en eru 142 km að meðaltali í úttektinni. Skólasókn 16-20 ára mælist nokkuð hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík, en lægri í aldurshópnum 21-29 ára.

Styrkleikar sveitarfélagsins felast m.a. í landgæðum og góðri staðsetningu. Veikleikar er fámenni og strjálbýli og einhæfni atvinnulífs. Tækifæri til sóknar eru í ferðaþjónustu og nýtingu orku í heimabyggð frá Blönduvirkjun til orkufreks iðnaðar. Tækifæri eru til að auka menningartengda ferðaþjónustu.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Íbúapróun

Í Húnavatnshreppi voru 451 íbúi 1. desember 2007 og hefur fækkað um 125 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 19,6%. Íbúum fækkaði meira á seinasta tímabilinu en fyrri tímabilum.


Fjöldi íbúa

Tímabil	Fækkun íbúa %	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-21,9	-16,7	-19,6
Frá 1991 til 1996	5 ár	-9,0	-7,9	-8,5
Frá 1996 til 2001	5 ár	-2,0	-3,9	-2,8
Frá 2001 til 2006	5 ár	-12,5	-5,8	-9,6

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Húnavatnshrepps. Yngsti íbúahópurinn í Húnavatnshreppi er fámennur og hópar að 19 ára aldri eru hlutfallslega fjölmennir miðað við landið í heild.

Aldursdreifing



Konur voru allt að 30% færri en karlar í Húnavatnshreppi á tímabilinu. Konur voru samtals 210 á móti 253 körlum 1. desember 2006, eða 20,5% færri en karlar.


Íbúapróun eftir kyni



Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur Húnavatnshrepps eru lægri en meðal útsvarstekjur í úttektinni. Tekjur vegna greiðslu fasteignaskatts frá Blönduvirkjun hækka fasteignaskattstekjur á íbúa. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er hátt, eða 49% af skatttekjum á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru hærri en meðaltal í úttektinni og í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Framlög sveitarfélagsins til félagsþjónustu og æskulýðsmála á íbúa eru lág. Varið er hærra upphæð á íbúa til fræðslu- og menningarmála en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Húnavatnshreppi eru 139 fyrirtæki (hvert býli talið sem fyrirtæki) með 223 störf. Flest fyrirtæki eru í landbúnaði, samtals 92 með 143 störf. Í þjónustu eru 39 fyrirtæki með 33 störf.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	139	223
Landb. og fiskv.	92	143
Iðnaður	3	21
Fiskvinnsla	0	0
Þjónusta	39	33
Opinber stj.	1	3
Mennt./ menning	4	24
Heilb./ félagsþj.	0	0

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Húnavatnshreppi eru hlutfallslega flest störf í landbúnaði, eða 64%. Um 15% starfa eru í þjónustu, í menntun og menningu eru 11% starfa, en 14% að meðaltali í úttektinni og 7% í Reykjavík.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Verslun og heilbrigðisþjónusta er ekki fyrir hendi í Húnavatnshreppi, en sú þjónusta er sótt til Blönduóss. Menntun mælist hærra en meðaltal í úttektinni. Önnur þjónusta mælist undir meðaltali í úttektinni.

Samanburður á þjónustu




Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Fjarlægð til þjónustu

Íbúar Húnavatnshrepps sækja að mestu þjónustu til Blönduóss sem er í um 18 km fjarlægð. Til Sauðárkróks sem er stærri þjónustukjarni eru 68 km, en meðaltalsfjarlægð í úttektinni er 133 km. Til Reykjavíkur eru 239 km, en 420 km að meðaltali í úttektinni.

Vegalengd í þjónustu




Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla, með lögheimili í Húnavatnshreppi, hærra en í Reykjavík og að meðaltal í úttektinni. Skólasókn 21-29 ára er mun minni.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Styrkleikar Húnavatnshrepps liggja fyrst og fremst í landgæðum, en sveitarfélagið er mjög víðfeðmt. Í sveitarfélaginu eru mjög gjöfular veiðiar og er land víða vel fallið til skógræktar. Til framtíðar liggja styrkleikar í fjölbreyttri ferðaþjónustu og mögulegri frístundabyggð. Svæðið er tiltölulega vel staðsett landfræðilega þegar tekið er mið af helstu þéttbýlistöðum á landinu og þar með markaði.

Veikleikar, ógnanir

Veikleikar eru þeir helstir að byggðin er fámenn og strjálbýl og að atvinnulíf er einhæft. Landbúnaður sem er nær eini atvinnuvegurinn er á undanhaldi. Samgöngur eru ekki góðar innan sveitarfélagsins, en víða er ekki bundið slitlag á vegum. Ungt fólk flytur burt, fyrst í skóla og svo í atvinnuleit vegna þess að atvinnutækifæri eru ekki fyrir hendi. Lág laun og skortur á tækifærum er ógn fyrir allt Norðurland vestra.

Tækifæri

Tækifærin felast einkum í ferðaþjónustu og frekari landnýtingu til skógræktar. Mikið er af heitu vatni sem getur skapað ný tækifæri bæði í ferðaþjónustu og iðnaði ásamt frekari orkusölu. Tækifæri í ferðaþjónustu geta skapast með nýjum Kjalvegi. Menningartengd ferðaþjónusta er í miklum vexti með uppbyggingu kirkjustaðarins á Þingeyrum. Tækifæri til að auka skólastarf og menntun liggja í frekari samvinnu og sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Stærri einingar eru sterkari þegar skapa þarf ný atvinnutækifæri með því að nýta þá orku heima fyrir sem kemur frá Blöndu.

Blönduós bær



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 23% á tímabilinu 1991-2006.
- Karlar voru 3,7% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru lægri en að meðaltali í úttektinni.
- Flest störf eru í þjónustu, en iðnaður er einnig sterkur á Blönduósi.
- Þjónustustig er gott.
- Skólasókn 16-20 ára er yfir meðaltali í úttektinni, en lægri hjá 21-29 ára.
- Styrkleikar í atvinnulífi liggja einkum í þjónustugreinum og smáíðnaði.
- Landfræðileg legu er styrkur þar sem stutt er til helstu markaðssvæða.
- Helsti veikleiki á svæðinu er of mörg og fámenn sveitarfélög og skortur á samstöðu.
- Tækifæri felast m.a. í ferðapjónustu og iðnaði og í frekari sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Blönduóssbæjar á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Blönduós bær er á Norðvesturlandi, við ósa Blöndu, eins og nafnið bendir til. Bærinn var upphaflega í

Torfalækjarhreppi, en var gerður að sérstökum hreppi, Blönduóshreppi. Kaupstaðarréttindi fékk bærinn 1988 og sameinaðist seinna Engihlíðarhreppi. Flatarmál sveitarfélagsins er 183 km² og búa færri en fimm íbúar á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Blönduósbæ hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Kynjaskipting er nokkuð jöfn en karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er í hærra lagi eða 39,3 ár, en 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru undir meðaltali í úttektinni og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála, fjármunir til félagsmála og æskulýðs- og íþróttamála á íbúa eru einnig yfir meðaltali.

Atvinnulíf í Blönduósbæ byggist á margs konar matvælaíðnaði og þjónustu. Önnur atvinnustarfsemi er einkum á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu og einnig eru opinber störf í fjarvinnslu. Flest störf eru í þjónustu en þjónustustig mælist ágætlega hátt miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni.

Vegalengd til Reykjavíkur eru rúmlega 240 km sem er talsvert skemmra en meðal vegalengd í úttektinni og fjarlægð í næsta stærri þjónustukjarna er einnig talsvert styttri en meðaltal. Skólasókn 16-20 ára er svipuð og að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík, en nokkuð minni í aldurshópnum 21-29 ára.

Styrkleikar sveitarfélagsins liggja m.a. í landfræðilegri legu. Veikleikar eru m.a. skortur á samstöðu á svæðinu. Tækifæri til sóknar eru í ferðapjónustu. Með bættem samgöngum skapast ný tækifæri sem felast einkum í því að nægt byggingarland er í sveitarfélaginu, stöðugt vinnuafli og atvinnutækifæri í ferðapjónustu og landbúnaði. Frekari tækifæri liggja í frumkvöðlastarfsemi í smáíðnaði og verktakastarfsemi.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Íbúapróun

Í Blönduósbæ voru 895 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 263 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 23,0%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 1996-2001 eða um 8,9%.


Fjöldi íbúa

	Frá 1991 til 2006	15 ár	Fækkun íbúa %		
			Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-22,1	-23,8	-23,0	
Frá 1991 til 1996	5 ár	-9,3	-8,2	-8,7	
Frá 1996 til 2001	5 ár	-8,3	-9,5	-8,9	
Frá 2001 til 2006	5 ár	-6,4	-8,4	-7,4	

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Blönduósbæjar. Aldursdreifing í Blönduósbæ er í heild nokkuð skekkt þegar borið er saman við aldurssamsetningu á landinu öllu. Nokkur kynjahalli er í einstaka aldurshópum. Aldurshóparnir 35-44 ára eru hlutfallslega fámennir og elstu aldurshóparnir fjölmennir miðað við landið allt.

Aldursdreifing



Fjöldi karla og kvenna í Blönduósbæ helst svipaður allt viðmiðunartímabilið. Karlar eru samtals 454 á móti 438 konum þann 1. desember 2006 eða 3,7% fleiri en konur.


Íbúapróun eftir kyni



Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Blönduósbæ á íbúa eru svipaðar og meðaltal í úttektinni, en lægri en í Reykjavík. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er lægra en meðaltal í úttektinni, eða 36% hlutfall af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa í Blönduósbæ eru lægri en meðaltal í úttektinni og hærri en í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er nokkuð hátt. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru 21% lægri en að meðaltali í úttektinni og framlög á íbúa til menningarmála og til æskulýðs- og íþróttamála eru töluvert hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Fyrirtæki og störf

Í Blönduósbæ eru 105 fyrirtæki með 481 starf. Flest fyrirtæki eru í þjónustu, samtals 52 með 191 starf og í iðnaði eru 13 fyrirtæki með 101 starf. Fjöldi starfa í menntun og menningu eru 50 og 73 í heilbrigðis- og félagsþjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	105	481
Landb. og fiskv.	21	24
Iðnaður	13	101
Fiskvinnsla	1	7
Þjónusta	52	191
Opinber stj.	5	35
Mennt./menning	8	50
Heilb./félagsþj.	5	73

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Blönduósbæ eru hlutfallslega flest störf í þjónustu, eða um 40%. Um 21% starfa eru í iðnaði, 10% í fræðslustarfsemi, 5% í landbúnaði og fiskveiðum á móti 32% að meðaltali í úttektinni og 1% í Reykjavík. Í heilbrigðis- og félagsþjónustu eru 15% starfa.


Hlutfallsleg skipting starfa



Þjónusta

Öll þjónusta í Blönduósbæ mælist hærri en að meðaltali í úttektinni, sérstaklega mælist þjónustustig í heilbrigðisþjónustu hátt, en heilbrigðisstofnun er staðsett á Blönduósi. Önnur þjónusta mælist hátt og menntunarmöguleikar mælast svipaðir og að meðaltali í úttektinni.


Samanburður á þjónustu



Fjarlægð til þjónustu

Fjarlægð til næsta stærri þjónustukjarna (Sauðárkróks) eru 47 km, sem er töluvert styttri vegalengd en að meðaltali í úttektinni. Til Reykjavíkur eru 244 km sem er talsvert styttra en að meðaltali í úttektinni.


Vegalengd í þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglunga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Blönduósbæ 78%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektinni var um 75%. Hlutfall skólasóknar 21-29 ára var um 26% á móti um 40% að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Styrkleikar Blönduóssbæjar liggja í fjölbreyttri þjónustu við landbúnað og ferðamenn. Fjölbreyttur smáiðnaður er styrkleiki. Lega Blönduóssbæjar við þjóðveg 1 er mikill styrkur og umferð sem fer í gegnum bæinn skapar mörg störf í þjónustu. Á Blönduósi ríkir bjartsýni og slagkraftur íbúa hefur aukist. Ýmis frumkvöðlastarfsemi gengur vel með aðal markaðinn í þriggja tíma fjarlægð. Með betri samgöngum, lækun vegstæðis yfir Holtavörðuheiði og nýrri Sundabraut lækkar flutningskostnaður, sem eykur samkeppnishæfni Blönduóssbæjar.


Veikleikar, ógnanir

Veikleikar svæðisins liggja einkum í því hvað sveitarfélög á Norðurlandi vestra eru ósamstíga í uppbyggingu landshlutans. Þrátt fyrir mörg samstarfsverkefni milli sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er samstaða um sameiginleg málefni ekki nægileg. Fá störf fyrir langskólagengna er veikleiki sem birtist á ýmsum sviðum samfélagsins og verður að ráða bót á með markvissum hætti. Frekari fækkun íbúa í Austur-Húnavatnssýslu er ógnun og veikleiki í senn, en þar búa um tvö þúsund íbúar í fjórum sveitarfélögum. Með frekari hagræðingu í heilbrigðis- og menntamállum er hætt við að störfum fækki og erfiðara verði að veita þá þjónustu sem krafist er í nútíma samfélagi.

Tækifæri

Tækifærin felast einkum í því að byggingarland er nægilegt, vinnuafli er stöðugt og atvinnutækifæri eru í ferðaþjónustu og landbúnaði. Mikil tækifæri liggja í frumkvöðlastarfsemi í smáiðnaði og verktakastarfsemi sem gengur ágætlega á Blönduósi. Frumkvæði heimamanna hefur skapað tækifæri til að draga þjónustu heim í hérað eins og Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar og Ullarþvottastöðina. Mestu tækifærin liggja í mannauði, bjartsýni og frumkvæði heimamanna.

Sveitarfélagið Skagaströnd



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 17,8% á tímabilinu 1991-2006.
- Aldurshóparnir 25-34 ára eru fámennir m.v. landið allt.
- Karlar voru 3% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru svipaðar og að meðaltali í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til einstakra málaflokka eru svipuð og að meðaltali í úttektinni, nema til fræðslu- og uppeldismála sem eru lægri en meðaltal.
- Hlutfallslega flest störf eru í landbúnaði og fiskveiðum, um 34% og um 30% í þjónustu.
- Þjónustustig mælist hátt.
- Skólasókn 16-29 ára er góð.
- Styrkur felst í nálægð við gjöful mið og sérþekkingu í sjávarútvegi.
- Samgöngur eru góðar.
- Atvinnulíf er einhæft og tilfærsla aflaheimilda ógnar atvinnulífi.
- Tækifæri liggja m.a. í þekkingu í sjávarútvegi og frekari samvinnu og sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra einkum er varðar nýtingu orku í heimabyggð.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Sveitarfélagsins Skagastrandar á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Skagaströnd, áður Höfðahreppur, er á vestanverðum Skaga í Austur-Húnavatnssýslu. Flatarmál sveitarfélagsins er 53 km² og búa yfir 10 íbúar á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Sveitarfélaginu Skagaströnd hefur fækkað mikið undanfarin ár. Einstaka aldurshópar eru fámennir og í sveitarfélaginu býr ungt fólk eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Kynjaskipting er nokkuð jöfn, en karlar eru fleiri en konur, eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er lágur eða 34,3, ár en 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru svipaðar að meðaltali í úttektinni og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála.

Atvinnulíf í Sveitarfélaginu Skagaströnd byggist fyrst og fremst á hefðbundnum sjávarútvegi. Skagstrendingar voru fyrstir til að fá í flota sinn frystitogara árið 1982. Flest störf eru í þjónustu en þjónustustig mælist ágætlega hátt miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni.

Vegalengd til Reykjavíkur er 266 km, sem er skemmra en meðal vegalengd í úttektinni og sama má segja um vegalengd til næsta stærri þjónustukjarna. Skólasókn 16-20 ára er svipuð og að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík, en nokkuð lægri í aldurshópnum 21-29 ára.

Styrkleikar sveitarfélagsins felast m.a. í nálægð við miðin og þekkingu í sjávarútvegi. Veikleikar liggja m.a. í einhæfni í atvinnulífi og hættu á að veiðheimildir fari úr byggðarlaginu. Tækifærin felast einkum í því fólki sem býr í sveitarfélaginu. Mannauður og þekking liggur í sjávarútvegi og frekari rannsóknum á því sviði sem geta gefið aukin og ný tækifæri. Mörg tækifæri liggja í frekari samvinnu og sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Sveitarfélaginu Skagaströnd voru 526 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 124 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 17,8%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 2001-2006, eða um 14,0%.


Fjöldi íbúa

	Tímabil	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-18,4	-17,3	-17,8
Frá 1991 til 1996	5 ár	2,1	0,0	1,1
Frá 1996 til 2001	5 ár	-8,6	-2,2	-5,5
Frá 2001 til 2006	5 ár	-12,6	-15,4	-14,0

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Fjöldi karla og kvenna í Sveitarfélaginu Skagaströnd hélst svipaður allt tímabilið. Karlar voru samtals 271 á móti 263 konum þann 1. desember 2006, eða 3,0% fleiri en konur.

Íbúapróun eftir kyni



Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Sveitarfélagsins Skagastrandar. Aldursdreifing er í heild frekar skekk þegar borið er saman við landið allt. Aldurshóparnir 25-34 ára eru hlutfallslega fámennir og í elstu aldurshópum er töluverður kynjahalli miðað við landið allt.


Aldursdreifing



Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útvarstekjur í Sveitarfélaginu Skagaströnd á íbúa eru hærri en meðaltal útvarstekna í úttektinni, eða svipaðar og í Reykjavík. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er lægra en meðaltal, eða 35% hlutfall af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru svipaðar og meðaltal í úttektinni og hærri en í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Framlag sveitarfélagsins á íbúa í Sveitarfélaginu Skagaströnd til félagsþjónustu er svipað og að meðaltali í úttekinni en lægra en í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru 24% hærri en í Reykjavík og að meðaltali í úttekinni. Varið er svipaðri upphæð á íbúa til menningarmála og til æskulýðs- og íþróttamála og að meðaltali í úttekinni og í Reykjavík.


Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Í Sveitarfélaginu Skagaströnd eru hlutfallslega flest störf í landbúnaði og fiskveiðum, eða um 34%, en er 32% að meðaltali í úttekinni og 1% í Reykjavík. Um 30% starfa eru í þjónustu, 12% í fiskvinnslu, 13% í menntun og menningu og 1% í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Hlutfallsleg skipting starfa



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Fyrirtæki og störf

Í Sveitarfélaginu Skagaströnd eru 51 fyrirtæki með 189 störf. Flest fyrirtæki eru í þjónustu, samtals 26 með 57 störf og í landbúnaði og fiskveiðum eru 10 fyrirtæki með 64 störf. Fjöldi starfa í fiskvinnslu eru 22 og í menntun og menningu eru 25 störf.

Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa


Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	51	189
Landb. og fiskv.	10	64
Iðnaður	4	8
Fiskvinnsla	2	22
Þjónusta	26	57
Opinber stj.	4	11
Mennt./menning	3	25
Heilb./félagsþj.	2	2

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Þjónusta

Þjónustustig í Sveitarfélaginu Skagaströnd mælist hærra en að meðaltali í úttekinni. Heilbrigðisþjónusta mælist yfir meðaltali vegna nálægðar við sjúkrahúsin á Blönduósi og á Sauðárkróki. Menntunarmöguleikar mælast svipaðir og önnur þjónusta kemur betur út en meðaltal í úttekinni.

Samanburður á þjónustu




Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Fjarlægð til þjónustu

Fjarlægð til næsta stærri þjónustukjarna (Sauðárkróks) eru 52 km, sem er töluvert styttri vegalengd en að meðaltali í úttektinni. Til Reykjavíkur eru 266 km sem er talsvert styttra en meðal vegalengd í úttektinni.


Vegalengd í þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglunga 16-20 ára sem sækja framhaldsskóla með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagaströnd 77%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektinni um 75%. Hlutfall 21-29 ára í framhaldsnámi var um 34%, en um 40% að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Styrkleikar Sveitarfélagsins Skagastrandar liggja í nálægð við gjöful mið og sérþekkingu íbúa í vinnslu sjávarfangs. Samgöngur bæði inn á markað til Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðisins eru góðar. Sveitarfélagið er laust við alla náttúrulega vá. Samfélagið er fámenn, en þjónustueiningar eru fjölbreyttar sem er mikill styrkur. Sterk fjárhagsstaða sveitarfélagsins er styrkur bæði til skemmri og lengri tíma litið.

Veikleikar, ógnanir

Veikleikar svæðisins liggja einkum í einhæfni atvinnulífs og fámenni. Atvinnulíf byggir á grunnvinnslu í sjávarútvegi, sem að nokkru leyti skapar einsleitni og lágt hlutfall vel menntaðs fólks, þó markvisst hafi verið unnið að breytingum og stuðlað að menntun í sveitarfélaginu. Atvinnulífinu stendur ógn af yfirráðum aflaheimilda sem hafa verið seldar burtu úr sveitarfélaginu og heimamenn ráða litlu um nýtingu aflans, því annars vegar ráða stofnstærðir miklu um hvernig atvinnulífið gengur og hins vegar yfirráðin yfir veiðiheimildunum.

Tækifæri

Tækifærin felast einkum í því fólki sem býr í sveitarfélaginu. Mannauður og þekking liggur í sjávarútvegi og frekari rannsóknir á því sviði geta gefið aukin og ný tækifæri. Góðar samgöngur og örugg fjarskipti gefa íbúum sveitarfélagsins tækifæri til að vera virkir þátttakendur í nútíma þjóðfélagi. Mörg tækifæri liggja í frekari samvinnu og sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, stærri einingar eru sterkari þegar skapa þarf ný atvinnutækifæri.

Fjallabyggð



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 23,1% á tímabilinu 1991-2006.
- Aldursdreifing er skekkt og vantar inn í hópinn 25-34 ára.
- Karlar voru 9,4% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru svipaðar og meðaltal í úttektni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu og fræðslu- og uppeldismála eru hærri en meðaltal í úttektni.
- Hlutfallslega flest störf eru í þjónustu, um 29% og 21% starfa eru í landbúnaði og fiskveiðum.
- Þjónustustig í Fjallabyggð mælist yfir meðaltali í úttektni.
- Hafnarskilyrði eru góð á Siglufirði og möguleikar opnast með bættum samgöngum.
- Staðsetning hefur verið veikleiki til þessa, þar sem þéttbýlisstaðirnir hafa verið „endastöðvar“.
- Atvinnulíf er einhæft og samdráttur er í sjávarútvegi.
- Fjarvinnsla á Siglufirði hefur gengið vel og möguleikar eru á að auka þá þjónustu.
- Mörg ný tækifæri skapast með samgöngubótum (Héðinsfjarðargöngum).
- Tækifæri skapast í utanverðum Eyjafirði með nýjum framhaldsskóla Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Fjallabyggðar á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga. Sveitarfélagið varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar. Flatarmál sveitarfélagsins er 364 km² og búa rúmlega sex íbúar á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Fjallabyggð hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur í Fjallabyggð er hár eða 40,8 ár, en 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru nokkuð háar og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála.

Fiskveiðar og fiskvinnsla er grunnatvinnuvegir í Fjallabyggð, en hafa verið á undanhaldi. Önnur atvinnustarfsemi felst einkum í iðnaði og ferðaþjónustu. Flest störf eru í þjónustu en þjónustustig mælist ágætlega hátt í Fjallabyggð miðað við önnur sveitarfélög í úttektni. Forsenda fyrir sameiningu sveitarfélaganna var að ráðist yrði í gerð Héðinsfjarðarganga, en áætlað er að þau stytti vegalengdina milli þéttbýlisstaðanna í um 15 kílómetra. Vegalengd milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Lágheiði er 62 km og um Öxnadalshéiði er hún 234 km.

Vegalengd til Reykjavíkur eru 430 km sem er svipað og meðal vegalengd í úttektni. Skólasókn 16-29 ára er nokkuð lægri en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.

Styrkleikar svæðisins liggja m.a. í sjávarútvegi og iðnaði, en veikleikar liggja í staðsetningu og í einhæfni atvinnulífs. Tækifæri til sóknar eru í ferðaþjónustu og með bættum samgöngum og með nýjum framhaldsskóla skapast ný tækifæri, einkum fyrir menntað fólk. Með bættum samgöngum skapast einnig tækifæri til að nýta betur náttúruleg hafnarskilyrði í Siglufirði.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Íbúapróun

Í Fjallabyggð voru 2.188 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 753 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 23,1%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 2001-2006 eða um 11,1%.


Fjöldi íbúa

	Frá 1991 til 2006	15 ár	Fækkun íbúa %		
			Karlar	Konur	Heildar
	Frá 1991 til 2006	15 ár	-20,6	-25,7	-23,1
	Frá 1991 til 1996	5 ár	-2,2	-5,0	-3,6
	Frá 1996 til 2001	5 ár	-9,3	-11,4	-10,3
	Frá 2001 til 2006	5 ár	-10,5	-11,8	-11,1

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldursamsetningu Íslendinga og íbúa Fjallabyggðar. Aldursdreifing í Fjallabyggð er í heild skekkt þegar borið er saman við aldursdreifingu á landinu í heild. Aldurshóparnir 25-34 ára eru hlutfallslega fámennir og í elstu aldurshópnum er töluverður kynjahalli miðað við landið í heild.


Aldursdreifing



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Fjöldi karla og kvenna í Fjallabyggð helst svipaður allt viðmiðunartímabilið. Karlar voru samtals 1181 á móti 1080 konum þann 1. desember 2006, eða 9,4% fleiri en konur.

Íbúapróun eftir kyni




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Fjallabyggð á íbúa eru hærri en meðaltal útsvarstekna í úttektinni, eða svipaðar og í Reykjavík. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er lægra en meðaltal í úttektinni, eða 35% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru svipaðar og meðaltal í úttektinni og hærri en í Reykjavík.

Tekjur kr. á íbúa 2006




Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun


Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er hærra en meðaltal í úttekinni og svipað og í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru 36% lægri en meðaltal hjá sveitarfélögum í úttekinni, eða svipað og í Reykjavík. Varið er svipaðri upphæð á íbúa til menningarmála og hærri upphæð til æskulýðs- og íþróttamála en meðaltal í úttekinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Í Fjallabyggð eru hlutfallslega flest störf í þjónustu, eða um 29%, á móti 24% að meðaltali í úttekinni og 43% í Reykjavík. Um 21% starfa eru í landbúnaði og fiskveiðum, 11% í fiskvinnslu, 12% í fræðslustarfsemi og 13% í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Hlutfallsleg skipting starfa



Fyrirtæki og störf

Í Fjallabyggð eru 172 fyrirtæki með 866 störf. Flest fyrirtæki eru þjónusta, samtals 89 með 251 starf og í landbúnaði og fiskveiðum eru 30 fyrirtæki með 182 störf. Fjöldi starfa í fiskvinnslu eru 93, í menntun og menningu eru 105 og í heilbrigðis- og félagsþjónustu eru 114 störf.

Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa


Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	172	866
Landb. og fiskv.	30	182
Iðnaður	16	82
Fiskvinnsla	11	93
Þjónusta	89	251
Opinber stj.	10	39
Mennt./ menning	9	105
Heilb./ félagsþj.	7	114

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélag

Þjónusta

Þjónustustig í Fjallabyggð mælist hærra en að meðaltali í úttekinni. Heilbrigðisþjónusta mælist hátt yfir meðaltali, enda sjúkrahús og heilsugæsla til staðar. Menntunarmöguleikar mælast einnig hærra en meðaltal í úttekinni, þó framhaldsskóli sé ekki til staðar.


Samanburður á þjónustu



Fjarlægð til þjónustu

Þar sem verið er að vinna að gerð Héðinsfjarðarganga, er fjarlægð til næsta stærri þjónustukjarna ekki marktæk. Miðað við núverandi ástand er 62-95 km vegalengd til næsta þjónustukjarna. Til Reykjavíkur eru 430 km sem er svipað og meðaltalsvegalengd í úttektinni.


Vegalengd í þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglunga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Fjallabyggð 65%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektinni var um 75%. Skólasókn 21-29 ára er um 29% á móti um 40% að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Styrkleikar Fjallabyggðar liggja í góðum hafnarskilyrðum á Siglufirði og þjónustu við fiskiskip, en með bættum samgöngum á landi getur höfnin þjónað stærra svæði bæði inn með Eyjafirði og í Skagafirði. Ýmis frumkvöðlastarfsemi og iðnaður gengur ágætlega í Ólafsfirði og með bættum samgöngum stækkar markaðssvæðið. Styrkleikar svæðisins liggja einnig að hluta til í legu svæðisins gagnvart ferðamannaíðnaði með Síldarminjasafnið sem sterkt aðdráttarafl.


Veikleikar, ógnanir

Veikleikarnir liggja að hluta til í staðsetningu svæðisins, þ.e. að bæði Ólafsfjörður og Siglufjörður hafa verið endastöð a.m.k. yfir vetrarmánuðina. Flug- og vegasamgöngur eru slæmar og liggur flugvöllurinn í Fjallabyggð undir skemmdum. Slæmar samgöngur þýða m.a. lakari heilbrigðisþjónustu og veikari búsetuskilyrði. Lágt menntunarstig og hár meðalaldur eru veikleikar sem verður að ráða bót á með markvissum hætti. Fyrir utan fólksfækkun og hækkun meðalaldurs íbúa sem ógnar samfélaginu er einhæfni atvinnulífsins mikil og samdráttur í fiskvinnslu og veiðum er þungt högg fyrir byggðarlagið. Frekari hagræðing í fiskvinnslu og veiðum bitnar hart á landverkafólki og rækjuíðnaðurinn hefur lagst af. Skortur á menntunarmöguleikum hefur orðið til þess að fjölskyldur flytjast brott.

Tækifæri

Þegar til lengri tíma er litið eru ýmis tækifæri á blómlegu mannlífi í Fjallabyggð. Fjarvinnsla hefur gengið vel á Siglufirði og eru mörg tækifæri á að auka þjónustuna og gera hana fjölbreyttari með aukinni tækni og þekkingu samfara vilja fyrirtækja og opinberra stofnana á að nýta þjónustuna. Mörg tækifæri eru í ferðaþjónustu í tengslum við Tröllaskaga og söfn, t.d. Síldarminjasafnið og sjóstöng í Ólafsfirði. Ný tækifæri skapast með bættum samgöngum svo sem öflugur framhaldsskóli, uppskipunarhöfn á Siglufirði fyrir Norðurland, aukin nýting sjúkrastofnana í Fjallabyggð, samþætting ferðaþjónustu og aukin þjónusta við smábátaútgerð sem lengi hefur verið grunnatvinnuvegur í Fjallabyggð.

Pingeyjarsveit



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 22,7% á tímabilinu 1991-2006.
- Aldurshóparnir 0-9 ára og 20-34 ára eru hlutfallslega fámennir, en elstu hóparnir fjölmennir m.v. landsmeðaltal.
- Karlar voru 11,2% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru lægri en að meðaltali í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru hærra en að meðaltali í úttektinni.
- Um 50% starfa eru í landbúnaði.
- Þjónustustig er hærra en að meðaltali í úttektinni, nema í verslun.
- Skólasókn 16-29 ára er góð og hærra en meðaltal í úttektinni, sérstaklega hjá 16-20 ára þar sem hún er 90%.
- Ferðaþjónusta er í vexti og þar felast tækifæri.
- Stjórnsýslan batnaði við sameiningu sveitarfélaga.
- Veikleikar eru m.a. að atvinnulíf er ekki nógu fjölbreytt, verslun á Laugum er hætt starfsemi og ástand tengivega er víða slæmt og háhraðatengingar slæmar.
- Tækifæri gætu m.a. falist í fyrirhugaðri uppbyggingu í Svartárkoti .
- Mestar væntingar eru þó vegna álvers við Bakka.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Pingeyjarsveitar á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Pingeyjarsveit er á Norðurlandi eystra, kennd við Pingey í Skjálfandafljóti. Megnið af landi sveitarfélagsins er í óbyggðum og nær það inn á Vatnajökul. Þrjú stór vatnsföll renna um Pingeyjarsveit, Laxá í Laxárdal, Fnjóská í Fnjóskadal og Skjálfandafljót í Bárðardal. Flatarmál sveitarfélagsins er 5.424 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum Pingeyjarsveitar hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir alursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er hár eða 40,3 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru ekki háar og er fjármunum að mestu varið til fræðslu- og uppeldismála.

Atvinnulíf í Pingeyjarsveit er fyrst og fremst hefðbundinn landbúnaður og opinber starfsemi vegna skólanna. Hjá Laugafiski starfa um 15 manns. Á Fosshóli er verslun og veitingar og þar er einnig gisting, sem og á Laugum og á Narfastöðum. Í Bárðardal er ferðaþjónusta í Kiðagili eftir að skóli lagðist af, en þar hafa einnig verið skólabúðir. Á Stóruvöllum í Bárðardal er fyrirtæki sem framleiðir tólg og hamsa, þar eru örfá störf. Á Stóru-Tjörnum er skóli, en ferðaþjónusta á sumrin. Í sveitarfélaginu eru tveir grunnskólar, á Laugum og Stóru-Tjörnum. Framhaldsskóli er á Laugum. Nokkur störf eru við skógrækt í Vaglaskógi og á vegum sveitarfélagsins eru 30-35 störf. Íbúar sækja í vaxandi mæli atvinnu og nám út fyrir sveitarfélagið, bæði til Húsavíkur og Akureyrar. Verslun einnig sótt þangað, en þó fyrst og fremst til Akureyrar.

Vegalengd til Reykjavíkur er 440 km sem er svipað og meðal vegalengd í úttektinni. Vegalengd í næsta stærri þjónustukjarna er hins vegar mun styttri en að meðaltali í úttektinni, eða um 50 km. Skólasókn 16-29 ára er nokkuð hærra en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Styrkleikar í Pingeyjarsveit eru m.a. að stutt er til næsta þéttbýliskjarna, sem er Húsavík, og er það eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Ferðaþjónusta er í vexti. Veikleikar

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

eru m.a. skortur á fjölbreytni í atvinnulífi og lélegar nettengingar. Tækifæri til sóknar eru í ferðaþjónustu. Miklar væntingar eru vegna byggingar álvers við Bakka.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Þingeyjarsveit voru 681 íbúi 1. desember 2007 og hefur fækkað um 223 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 22,7%, mest á tímabilinu 1996-2001, eða um 11,4%.


Fjöldi íbúa

	Færðir	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-24,3	-20,8	-22,7
Frá 1991 til 1996	5 ár	-8,6	-7,4	-8,1
Frá 1996 til 2001	5 ár	-11,5	-11,4	-11,4
Frá 2001 til 2006	5 ár	-6,4	-3,5	-5,0

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldursamsetningu Íslendinga og íbúa Þingeyjarsveitar. Aldursdreifing og íbúafjöldi er ekki í réttu hlutfalli hvorki í aldurshópum eða eftir kyni. Aldurshóparnir 0-9 ára og 20-34 ára eru hlutfallslega fámennir og elstu aldurshóparnir eru hlutfallslega fjölmennir miðað við landið allt.

Aldursdreifing



Hlutfallslegur fjöldi karla og kvenna í Þingeyjarsveit hélst svipaður allt tímabilið, en karlar voru fleiri en konur allt tímabilið. Mestur var munurinn 1992, rúmlega 20%. Karlar voru samtals 368 á móti 331 konu þann 1. desember 2006, eða 11,2% fleiri en konur.


Íbúapróun eftir kyni



Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Þingeyjarsveit á íbúa eru lægri en meðaltal í úttektni og Reykjavík. Tekjur af fasteignasköttum eru lágar. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er hærra en meðaltal í úttektni, eða 57% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru lægri en að meðaltali í úttektni og hærri en í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er heldur lægra en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru hærri en að meðaltali í úttektni og 39% hærri en í Reykjavík. Varið er svipaðri upphæð á íbúa til menningarmála og lægri upphæð til æskulýðs- og íþróttamála en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Þingeyjarsveit eru 105 fyrirtæki (hvert býli talið sem fyrirtæki) með 232 störf. Flest fyrirtæki eru í landbúnaði, samtals 73 með 116 störf og í þjónustu eru 20 fyrirtæki með 41 starf og 59 störf eru í menntun og menningu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	105	232
Landb. og fiskv.	73	116
Iðnaður	5	8
Fiskvinnsla	1	3
Þjónusta	20	41
Opinber stj.	1	5
Mennt./ menning	5	59
Heilb./ félagsþj.	0	0

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Þingeyjarsveit eru hlutfallslega flest störf í landbúnaði, eða um 50%. Í þjónustu eru 18% starfa, en eru 24% að meðaltali í úttektni og 43% í Reykjavík. Í fræðslustarfsemi eru 25% starfa.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Öll þjónusta í Þingeyjarsveit, nema verslun, mælist hærri en að meðaltali í úttektinni. Menntunarmöguleikar mælast mjög hátt miðað við meðaltal í úttektinni. Heilbrigðisþjónusta mælist einnig hærri en að meðaltali í úttektinni.

Samanburður á þjónustu




Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Þingeyjarsveit 90%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og að meðaltali í úttektinni um 75%. Skólasókn 21-29 ára var um 47%, en var um 40% að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Fjarlægð til þjónustu

Íbúar Þingeyjarsveitar sækja að mestu þjónustu til Húsavíkur sem er næsti stærri þjónustukjarni í um 50 km fjarlægð. Til Akureyrar sem er stærri þjónustukjarni er svipuð vegalengd. Til Reykjavíkur eru tæplega 440 km, en 420 km að meðaltali í úttektinni.

Vegalengd í þjónustu



Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Gott mannlíf í Þingeyjarsveit, kyrrðin, náttúran og veðursæld eru styrkleikar. Fólk fer mikið milli atvinnusvæða og það mun aukast í framtíðinni, ekki síst með bættum samgöngum. Ferðaþjónusta er í vexti. Á Narfastöðum í Reykjadal er góð nýting á gistingu og þar hefur verið byggt upp. Þar gista ferðamenn sem m.a. heimsækja Mývatnssveit. Einstaklingar eru að yfirtaka reksturinn á Kiðagili af sveitarfélaginu og munu reka þar skólabúðir og ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan og skólaakstur eru aukabúgreinar fyrir bændur og gera þeim kleyft að búa á jörðum sínum. Reksturinn á Stóruvöllum hefur gengið vel, þótt óhöpp hafi hent (tvisvar brunnið). Skólabyggingunum á Stóru-Tjörnum hefur verið vel við haldið, m.a. vegna þess að þar er rekið sumarhótel. Skólinn þar er mikil stofnun í sveitarfélaginu, grunnskóli, tónlistarskóli og leikskóli, samkomustaður fyrir eldri borgara og eins konar menningarhús. Stjórnsýslan batnaði við sameiningu (2002) og þjónustan jókst.


Veikleikar, ógnanir

Enn skortir á að íbúarnir upplifi sig sameinaða í sveitarfélaginu. Atvinnulíf er ekki sterkt og það vantar fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifæri. Verslunin á Laugum lokaði s.l. haust. Ástand tengivega er ekki gott og er t.d. afleitt í Bárðardal. Háhraðatengingar eru lélegar og fólk hefur jafnvel flutt vegna þess. Á Laugum er sérlína vegna skólans og mikill kostnaður, en annars staðar er ástandið slæmt. Ekki er hægt að stunda fjarnám eða vera með heimabanka og þetta skaðar jafnrétti til náms og atvinnurekstrar. Nemendum í grunnskólunum fer fækkandi, nú eru um 90 nemendur í báðum skólum. Um 100 nemendur eru í framhaldsskólanum, mest aðkomnir, þótt unglingar af svæðinu sækji hann eitthvað.

Tækifæri

Á vegum ReykjavíkurAkademíunnar eru hugmyndir um uppbyggingu í Svartáarkoti með það í huga að byggja húsnæði þar. Svæðið er utan alfaraleiðar og í nánd við hálendið. Miklar væntingar eru meðal íbúanna vegna fyrirhugaðs álvers við Bakka og samgöngubóta með Vaðlaheiðargöngum. Þeir sem eiga eftir að starfa í álverinu munu ekki allir búa á Húsavík eða þar í kring. Eflaust mun fólk úr sveitarfélaginu sækja þangað vinnu og hugsanlega einhverjir setjast að þar, en vinna í álverinu. Í Fnjóskadal og Bárðardal er vaxandi orlofsbyggð sem kallar á aukna þjónustu. Það er líka vöxtur í ferðaþjónustu, en afkoman í greininni er að miklu leyti árstíðabundin og takmörk fyrir útpenslunni.

Aðaldælahreppur



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 23,3% á tímabilinu 1991-2006.
- Meðalaldur íbúa er 40,6 ár, en er 35,7 ár á landsvísu.
- Karlar voru 14,2% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru lægri en að meðaltali í úttektni.
- Framlög til fræðslu- og uppeldismála á íbúa vega þyngst í útgjöldum sveitarfélagsins.
- Flest störf eru í fræðslustarfsemi, eða um 40% og 37% í landbúnaði.
- 94% unglunga 16-20 ára með lögheimili í sveitarfélaginu sækja framhaldsskóla.
- Atvinnulíf er fremur einhæft og fá tækifæri fyrir langskólagengna.
- Aðaldælahreppur og Húsavík eru eitt atvinnu- og þjónustuvæði.
- Mestar væntingar eru vegna fyrirhugaðs álvers við Bakka.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúaþróun, tekjur og gjöld Aðaldælahrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Aðaldælahreppur er við Skjálfandaflóa. Hreppurinn varð til þegar Helgastaðahreppi var skipt í tvennt, í Aðaldælahrepp og Reykdælahrepp. Flatarmál hreppsins er 564 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Aðaldælahreppi hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er hár eða 40,6 ár, en er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru ekki háar og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála.

Atvinnulíf í Aðaldælahreppi er frekar einhæft. Þetta er landbúnaðarsvæði með fá en öflug kúabú og sauðfjárbúskap og flest störf eru í landbúnaði. Önnur atvinnustarfsemi er m.a. verktakastarfsemi og ferðaþjónusta. Þjónustustig er frekar lágt miðað við önnur sveitarfélög í úttektni, en hafa ber í huga að stutt er í næsta þjónustukjarna. Árbót, meðferðarheimili barnaverndarstofu með 12 vistunarláss, er stærsti vinnustaðurinn fyrir utan sveitarfélagið. Í Laxárvirkjun sem er samrekin við Kröfluvirkjun starfa um átta manns. Veiðiheimum í Árnesi er einnig stór vinnustaður á sumrin. Blóðbergsgarðurinn á Sandi er nýtt fyrirtæki sem framleiðir te og krydd úr jurtum. Svo eru handverksfyrirtæki, tóverið Tumsa, Hlégarður, o.fl. Skipulögð sumarhúsasvæði eru fjögur með rúmlega 40 bústaði. Eitt hótél (Rauðisandur) er í sveitinni, bændagistingar og gistiheimili á Staðarhóli og Hraunbæ. Á Grenjaðarstað er safn og kaffihús. Þjóðkirkjan er með starfsemi við Vestmannsvatn á sumrin (sumardvöl), en húsnæðið er einnig nýtt yfir veturinn, t.d. til fundahalda.

Vegalengd til Reykjavíkur eru 461 km sem er lengra en meðal vegalengd í úttektni. Til næsta þjónustukjarna eru 19 km sem er mun styttra en meðaltal í úttektni. Skólasókn á aldrinum 16-20 ára er nokkuð hærri en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík, en lægri í aldurshópnum 21-29 ára. Hafa ber í huga fámenni sveitarfélagsins.

Styrkleikar í Aðaldælahreppi felast m.a. í góðu samstarfi við nágrennasveitarfélög og að stutt er að sækja þjónustu. Veikleikar eru helst, auk neikvæðrar íbúaþróunar, að það skortir fjölbreytni í atvinnulíf, þó á móti komi að atvinnusvæðið nær út fyrir sveitarfélagið.

Tækifæri til sóknar eru m.a. í ferðaþjónustu, en mestar væntingar eru vegna byggingar álvers.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Aðaldælahreppi voru 261 íbúi 1. desember 2007 og hefur fækkað um 74 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 23,3%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 1996 til 2001, eða um 10,5%.


Fjöldi íbúa

	Tímabil	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-24,3	-22,1	-23,3
Frá 1991 til 1996	5 ár	-8,3	-3,2	-6,0
Frá 1996 til 2001	5 ár	-11,4	-9,4	-10,5
Frá 2001 til 2006	5 ár	-6,8	-11,1	-8,9

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldursamsetningu á landinu öllu og íbúa Aðaldælahrepps. Aldursdreifing í Aðaldælahreppi og íbúafjöldi er ekki í réttu hlutfalli hvorki í aldurshópum né eftir kyni. Aldurshóparnir 0-40 ára eru hlutfallslega fámennir og elstu aldurshóparnir eru hlutfallslega fjölmennir miðað við landið í heild.

Aldursdreifing



Karlar voru fleiri en konur í Aðaldælahreppi allt tímabilið, mestur er munurinn 1992 þegar karlar eru rúmlega 18% fleiri en konur. Karlar eru samtals 137 á móti 120 konum þann 1. desember 2006, eða 14,2% fleiri en konur.


Íbúapróun eftir kyni



Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Aðaldælahreppi á íbúa eru lægri en meðal útsvarstekjur í úttektni og Reykjavík. Tekjur af fasteignasköttum eru háar. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er lægra en að meðaltali í úttektni, eða 38% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru lægri en meðaltal í úttektni og hærri en í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er nokkuð lægri en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru hærri en meðaltal í úttektni og 34% hærri en í Reykjavík. Varið er lægri upphæð á íbúa til menningarmála og til æskulýðs- og íþróttamála en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Aðaldælahreppi eru 44 fyrirtæki (hvert býli talið sem fyrirtæki) með 102 störf. Flest fyrirtæki eru í landbúnaði, samtals 26 með 38 störf. Í þjónustu eru 11 fyrirtæki með 21 starf og í menntun og menningu eru 41 starf.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	44	102
Landb. og fiskv.	26	38
Iðnaður	0	0
Fiskvinnsla	0	0
Þjónusta	11	21
Opinber stj.	1	2
Mennt./ menning	6	41
Heilb./ félagsþj.	0	0

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Aðaldælahreppi eru hlutfallslega flest störf í fræðslustarfsemi eða um 40%. Í landbúnaði eru 37% starfa á mótum 31% að meðaltali í úttektni og í Reykjavík og 21% starfa eru í þjónustu.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Verslun og heilbrigðisþjónusta er ekki fyrir hendi í Aðaldælahreppi. Hafa ber í huga að að enginn byggðakjarni er í sveitarfélaginu, en stutt er til næsta byggðakjarna til að sækja verslun og þjónustu. Menntunarmöguleikar mælast svipaðir og að meðaltali í úttektni, en önnur þjónusta mælist lægri.

Samanburður á þjónustu




Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglunga í framhaldsskóla, 16-20 ára með lögheimili í Aðaldælahreppi, er 94%. Hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektni er um 75%. Hlutfall 21-29 ára sem stunda framhaldsnám er um 33%, en um 40% í Reykjavík og að meðaltali í úttektni.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Fjarlægð til þjónustu

Íbúar Aðaldælahrepps sækja þjónustu bæði til Húsavíkur og Akureyrar. Húsavík er næsti stærri þjónustukjarni, í um 19 km fjarlægð, sem er mun styttra en meðal fjarlægð í úttektni (142 km). Vegalengd til Akureyrar er 72 km. Til Reykjavíkur eru 461 km, en 420 km að meðaltali í úttektni.

Vegalengd í þjónustu



Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Menningarlíf er blómlegt og náttúrufegurð er mikil á þessu svæði. Frumkvöðlaandi og bjartsýni einkennir samfélagið. Aðaldalur og Húsavík eru eitt atvinnusvæði, íbúar úr Aðaldal sækja eitthvað vinnu til Húsavíkur og til í dæminu að íbúar á Húsavík sækja vinnu í Aðaldal. Eitthvað er verið að byggja húsnæði í sveitarfélaginu sem kann að tengjast væntingum vegna möguleika á byggingu álvers við Bakka. Mikið samstarf er milli sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu, m.a. um félags- og skólaþjónustu. Hreppurinn á aðild að slökkviliði Húsavíkur, samstarf um grunnskóla við Kinn og Tjörnes og Norðurþing (Reykjahverfi). Nettengingar eru þokkalegar og þótt gsm-samband sé víða vont, nær það samt nokkurn veginn um sveitina.

Veikleikar, ógnanir


Ef ekki verður af byggingu álvers verða áhrifin neikvæð í samfélaginu á þann veg að menn missa móðinn. Það

vantar ungt fólk í Aðaldælahrepp og íbúum fer fækkandi. Ungu fólkið fer burt til að mennta sig og kemur ekki til baka, enda skortir aukna fjölbreytni í atvinnulíf og fleiri tækifæri fyrir menntað fólk. Ekki er mikil endurnýjun í landbúnaði, þótt dæmi séu um að ungir bændur séu að taka við búum. Mikil ásókn er í land og lóðir undir sumarhús og spurning hvaða áhrif það hefur á landbúnaðinn. Sérstaklega er sóst eftir að kaupa lóðir meðfram Laxá, en menn hafa ekki viljað selja. Ekki er reglulegt áætlunarflug á flugvöllinn í Aðaldal, en hann var eitthvað nýttur sumarið 2007 af Fjarðarflugi með leiguflug, útsýnisflug og áætlanflug um helgar til Reykjavíkur, en óvíst hvort framhald verður á því. Annars þjónar flugvöllurinn sem varaflugvöllur fyrir Akureyri. Samgöngur innansveitar mættu batna og það skortir á viðhald vega.

Tækifæri

Bjartsýni og áræðni einstaklinga í sveitarfélaginu skapar tækifæri. Möguleiki á byggingu álvers hefur vakið væntingar og óvíst að fleiri tækifæri þurfi í bili. Álverið mun skapa tækifæri fyrir menntað fólk, m.a. vegna hliðaráhrifa.

Skútustaðahreppur



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 21,9% á tímabilinu 1991-2006.
- Aldurshóparnir 0-4 ára og 20-34 ára eru hlutfallslega fámennir, en elstu hóparnir fjölmennir m.v. landsmeðaltal.
- Karlar voru 5% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa voru yfir meðaltali í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu og til æskulýðs- og íþróttamála voru hærrí en meðaltal í úttektinni.
- Um 52% starfa eru í þjónustu.
- Skólasókn í framhaldsnámi er rétt undir meðaltali í úttektinni.
- Öflug ferðaþjónusta sem byggð er á náttúru svæðisins er styrkleiki.
- Landsvirkjun er kjölfestan í atvinnulífinu.
- Fólksfækkun vegna lokunar Kísiliðjunnar varð minni en óttast var.
- Verslun stendur sterkt og samgöngur eru góðar.
- Fyrirtæki hafa hætt starfsemi, fyrst Kísiliðjan og nýverið Malarvinnslan.
- Miklar væntingar eru vegna fyrirhugaðs álvers við Bakka.
- Það mætti efla ferðaþjónustu, en hafa þolmörk svæðisins þó í huga.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Skútustaðahrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Skútustaðahreppur er í Suður-Þingeyjarsýslu. Byggð þar er nánast öll í Mývatnssveit, þar á meðal þorpið Reykjahlíð, en meirihluti sveitarfélagsins eru óbyggðir sem ná að Vatnajökli. Flatarmál hreppsins er 6.036 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Skútustaðahreppi hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er 38,1 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru háar og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála.

Í Skútustaðahreppi eru helstu atvinnugreinar ferðaþjónusta, landbúnaður og iðnaður, auk þjónustu. Í landbúnaði eru fá en öflug kúabú og sauðfjárbúskapur. Margir gististaðir eru í sveitinni, Hótel Reynihlíð, Hótel Reykjahlíð, Sel-hótel og Hótel Gígur, auk heimagistingar á mörgum stöðum. Sel-hótel hefur opið að staðaldri að vetrinum. Ýmis fyrirtæki bjóða upp á afþreyingu fyrir ferðamenn, s.s. Vogafjós, Öskjuferðir á sumrin, Mýflug með útsýnisflug að sumrinu, annars með sjúkraflog, vetrarafþreying á vegum Sels-hótel og jólasveinarnir í Dimmuborgum sem er vetrarafþreying fyrir ferðamenn. Dyngjan, handverkshús er opin að sumrinu og á aðventunni. Til stendur að opna fuglasafnið í Neslöndum í sumar. Hjá Grænum lausnum eru þrjú starfsmenn eins og er. Landsvirkjun er með um 12-16 starfsmenn. Hjá sveitarfélaginu starfa 30-38 manns. Starfandi er verktakafyrirtæki með rekstur á vinnuvélum og vörubílum og einnig fyrirtæki tveggja rafvirkja. Það hefur haft næg verkefni, m.a. út fyrir sveitina. Matvöruverslun er Samkaup-Strax í Reykjahlíð. Verslun er mikið sótt til Akureyrar, meira en til Húsavíkur.

Vegalengd til Reykjavíkur er 487 km sem er heldur lengra en meðal vegalengd í úttektinni. Skólasókn 16-29 ára er nokkuð lægri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík. Í grunnskólanum eru 67 börn. Unglingar sækja framhaldsskóla mest til Akureyrar, en lítið í Lauga.

Helstu styrkleikar eru m.a. öflug ferðapjónusta og sérstæð náttúra. Veikleikar eru m.a. að fyrirtæki hafa hætt starfsemi á undanförnum árum. Tækifæri til sóknar eru í ferðapjónustu og orkufrekum iðnaði. Talsverðar væntingar eru vegna byggingar álvers við Bakka.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Skútustaðahreppi voru 403 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 122 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 21,9%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 1991-1996, eða um 10,3%.


Fjöldi íbúa

	Færðing	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-23,1	-20,6	-21,9
Frá 1991 til 1996	5 ár	-11,4	-9,1	-10,3
Frá 1996 til 2001	5 ár	-2,9	-5,2	-4,0
Frá 2001 til 2006	5 ár	-10,6	-7,8	-9,3

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Skútustaðahrepps. Aldursdreifing og íbúafjöldi er ekki í réttu hlutfalli hvorki í aldurshópum eða eftir kyni. Aldurshóparnir 0-4 ára og 20-34 ára eru hlutfallslega fámennir og elstu aldurshóparnir eru hlutfallslega fjölmennir miðað við landið allt.


Aldursdreifing



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Fjöldi karla og kvenna í Skútustaðahreppi hélst svipaður allt tímabilið, en karlar voru yfirleitt fleiri en konur. Karlar voru samtals 210 á móti 200 konum þann 1. desember 2006, eða 5,0% fleiri en konur.

Íbúapróun eftir kyni




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Skútustaðahreppi á íbúa eru svipaðar og meðaltal útsvarstekna í úttektinni, en lægri en í Reykjavík. Tekjur af fasteignasköttum eru hærri en meðaltal í úttektinni. Framlög Jöfnunarsjóðs á íbúa eru undir meðaltali í úttektinni, eða 36% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. isl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er heldur herra en meðaltal í úttektinni og lægra en í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru svipuð og að meðaltali í úttektinni, en 25% hærri en í Reykjavík. Varið er svipaðri upphæð á íbúa til menningarmála og hærri upphæð til æskulýðs- og íþróttamála og að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. isl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Skútustaðahreppi eru 50 fyrirtæki með 157 störf. Flest fyrirtæki eru landbúnaði, samtals 23 (hvert býli talið sem fyrirtæki) með 23 störf og í þjónustu eru 20 fyrirtæki með 81 starf. Fjöldi starfa í iðnaði eru 24, í menntun og menningu eru 21 og tvö í heilbrigðis- og félagsþjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	50	157
Landb. og fiskv.	23	23
Iðnaður	3	24
Fiskvinnsla	0	0
Þjónusta	20	81
Opinber stj.	1	6
Mennt./menning	2	21
Heilb./félagsþj.	1	2

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Hlutfallslega flest störf eru í þjónustu, eða um 52%, en eru 24% meðaltali í úttektinni og 43% í Reykjavík. Í landbúnaði og iðnaði eru um 15% starfa í hvorri grein og 13% í fræðslustarfsemi.

Hlutfallsleg skipting starfa



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Þjónusta

Skútustaðahreppur er ekki inni í þjónustugreiningu Háskóla Íslands, þar sem sveitarfélaginu var bætt inn í úttektina á síðari vinnslustigum. Matvöruverslun er í sveitinni, en íbúar sækja annars verslun og þjónustu bæði til Húsavíkur og Akureyrar. Heilbrigðisþjónusta er sótt til Húsavíkur, en hjúkrunarfræðingur er á staðnum. Unglingar sækja framhaldsskóla út fyrir sveitarfélagið, ekki síst til Akureyrar.

Fjarlægð til þjónustu

Fjarlægð til næsta stærri þjónustukjarna sem er Húsavík eru 56 km. Til Akureyrar eru 99 km. Þetta eru talsvert styttri vegalengdir en meðaltal í úttektinni. Til Reykjavíkur eru 487 km sem er heldur lengra en meðal vegalengd í úttektinni.


Vegalengd í þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglunga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Skútustaðahreppi 71%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og að meðaltali í úttektinni er um 75%. Hlutfall skólasóknar 21-29 ára er um 33% en er 40% að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Í Skútustaðahreppi er góð samstaða íbúa styrkleiki. Sterk ættjarðarást einkennir samfélagið, t.d. eiga sömu fjölskyldur jarðirnar kynslóð eftir kynslóð, það eru aldrei jarðir til sölu. Atvinnulíf er tiltölulega fjölbreytt m.v. mannfjölda. Landsvirkjun er kjölfestan í atvinnulífinu. Kísiliðjan lokaði síðla árs 2004, en fólksfækkun varð ekki eins mikil og menn óttuðust, m.a. vegna þess að menn sóttu vinnu annað. Sveitarfélagið hefur „haldið sjó“ þótt Kísiliðjan lokaði. Í Skútustaðahreppi er öflug ferðaþjónusta og þangað er mikill straumur ferðamanna og hefur verið um langt skeið, sem tengist ekki síst sérstæðri náttúru. Fjölmarginir gististaðir eru í sveitinni. Ferðaþjónustan hefur líka aukið við sig undanfarin ár. Starfsmönnum hefur t.d. fjölgað í Sel-hótel og þar er starfsemi allt árið. Jólasveinarnir í Dimmuborgum draga mjög mikið að og aðsókn eykst árlega. Ýmsir viðburðir eru því tengdir, t.d. hjá handverkshúsinu og veitingastöðunum. Verslun stendur vel og hefur sprengt allt utan af sér, verslunin yfir sumarið stendur í raun undir rekstrinum. Samgöngur eru góðar, alltaf fært og meginleiðir malbikaðar. Það mætti þó bæta ýmsar ferðamannaleiðir.


Veikleikar, ógnanir

Samfélagið er að eldast og skortur er á nýliðun í atvinnulífi. Það vantar fleiri frumkvöðla. Nokkrir þeirra sem misstu vinnu við lokun Kísiliðjunnar hafa sótt vinnu á Austurland, en nú eru þeir farnir að hugsa sér til hreyfings. Malarvinnslan sagði upp sínu starfsfólki á staðnum, milli 8 og 10 manns. Þeim var boðin vinna á Egilsstöðum, en það eru ekki allir sem kæra sig um það og mögulega flytja einhverjir þeirra burt. Nettenging er slæm, nema við Kröflu. Gsm-samband er sæmilegt, en þó dauðir punktar, t.d. á mörgum af ferðamannastöðunum. Mýflug hætti áætlunarflugi á sumrin og ekkert áætlunarflug er lengur í Aðaldal. Lög um verndun Mývatns og Laxár geta virkað sem fjötur um fót hvað varðar skipulagsmál.

Tækifæri

Starfsmenn Malarvinnslunnar sem missa vinnuna ætla að stofna nýtt fyrirtæki með smíðar, vöruflutninga og rekstur bifreiðaverkstæðis. Starfsemi Grænna lausna hefur farið hægar af stað en til stóð, en á væntanlega eftir að eflast. Miklar væntingar eru til álvers á Húsavík, það mun hafa áhrif á búsetu og fólk úr sveitarfélaginu sækja vinnu þangað. Á hinn bóginn mætti fá fleiri smærri fyrirtæki, auk álvers. Ferðaþjónustan gæti bætt við sig en það þarf að hafa þolmörk svæðisins í huga (viðkvæma náttúru). Það mætti auka afþreyingu fyrir ferðamenn, það þarf meira en náttúrufegurð til að trekkja að. Til dæmis er áhugi á að byggja upp heilsutengda ferðaþjónustu, en það mál er í bið. Það mætti gera meira út á t.d. fuglalíf í sveitinni sem er einstakt á heimsvísu. Einnig út á jarðfræðina, því þetta er eldfjallasvæði. Það mætti t.d. stofna einhvers konar eldfjallaakademíu.

Norðurþing



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 12,6% á tímabilinu 1991-2006.
- Aldursdreifing er skekkt m.v. landið allt, vantar í yngstu hópana en þeir elstu eru fjölmennir.
- Karlar voru 3% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa voru lægri en að meðaltali í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til fræðslu- og uppeldismála voru lægri en meðaltal í úttektinni.
- Hlutfallslega flest störf eru í þjónustu, um 34%.
- Þjónustustig mælist hærra en meðaltal í úttektinni.
- Skólasókn 16-29 ára er lægra en meðaltal.
- Styrkleikar eru m.a. að þjónusta og verslun stendur vel á Húsavík, ferðamannastraumur er mikill og vaxandi og mikil orka fyrirfinnst á svæðinu.
- Veikleikar eru m.a. skortur á fjölbreytni í atvinnulífi, slæm fjarskipti og þörf er á vegabótum á austursvæðinu.
- Áföll urðu í sjávarútvegi með lokun Fiskiðjunnar, Gerplu og Jökuls. Einnig var áfall fyrir samfélagið þegar Kþ lokaði.
- Miklar væntingar eru vegna byggingar álvers á Bakka, m.a. hefur fasteignaverð hækkað.
- Sveitarfélagið hefur þá stefnu að byggja upp jákvæðni og bjartsýni.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Norðurþings á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Norðurþing er í Þingeyjarsýslu. Það varð til við sameiningu Húsavíkurbæjar, Öxarfjarðarhrepps, Raufarhafnarhrepps og Keldunesshrepps. Flatarmál sveitarfélagsins er 3.729 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Norðurþingi hefur fækkað nokkuð undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur í Norðurþingi er 37,9 ár, en er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru ekki háar og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála.

Fiskveiðar og fiskvinnsla eru mikilvægar atvinnugreinar í Norðurþingi. Fyrir utan starfsemi sveitarfélagsins er GPG stærsta fyrirtækið á Húsavík, þar vinna rúmlega 100 manns. Norðlenska og Fjallalamb á Kópaskeri eru öflug fyrirtæki og sjúkrahúsið á Húsavík er fjölmennur vinnustaður. Hvalaskoðunarsiglingar og hvalasafn eru á Húsavík, að auki eru önnur söfn og hótél og fleira í ferðaþjónustu. Flest störf eru í þjónustu, enda er þjónustustig hátt í Norðurþingi miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni.

Vegalengd til Reykjavíkur er 480-631 km (eftir því hvort miðað er við Húsavík eða Raufarhöfn) sem er lengra en meðal vegalengd í úttektinni. Í sveitarfélaginu eru þrjú þéttbýliskjarnar, Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Sveitarfélagið er stórt með þrjár hafnir, þrjú slökkvilið, þrjú áhaldahús, skóla á fimm stöðum og leikskóla á fjórum stöðum. Skólasókn 16-29 ára er minni en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Styrkleikar eru m.a. að iðnaður og verslun stendur nokkuð vel á Húsavík og ferðamannastraumur er mikill og vaxandi í sveitarfélaginu. Veikleikar eru m.a. skortur á fjölbreytni í atvinnulífi, erfiðleikar í sjávarútvegi og slæmar samgöngur á austursvæðinu. Tækifæri til sóknar eru í ferðaþjónustu og orkufrekum iðnaði, en bættar samgöngur og aukin fjölbreytni í atvinnulífi eru forsendur eflingar. Mestar væntingar eru vegna byggingar álvers við Bakka.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Norðurþingi voru 2.970 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 487 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 12,6%, mest á tímabilinu 2001-2006, eða um 7,4%.


Fjöldi íbúa

	Tímabil	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-14,9	-10,0	-12,6
Frá 1991 til 1996	5 ár	1,3	2,0	1,6
Frá 1996 til 2001	5 ár	-7,8	-6,3	-7,1
Frá 2001 til 2006	5 ár	-8,9	-5,8	-7,4

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldursamsetningu Íslendinga og íbúa Norðurþings. Aldursdreifing í Norðurþingi er skekkt þegar borið er saman við aldursdreifingu á landinu öllu. Aldurshóparnir 0-4 ára og 25-34 ára eru hlutfallslega fámennir og elstu aldurshóparnir eru hlutfallslega fjölmennir miðað við landið allt.


Aldursdreifing



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Hlutfallslegur fjöldi karla og kvenna í Norðurþingi hélst svipaður allt tímabilið, en karlar voru fleiri en konur allt tímabilið. Karlar voru samtals 1.534 á móti 1.489 konum þann 1. desember 2006, eða 3,0% fleiri en konur.

Íbúapróun eftir kyni




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Norðurþingi á íbúa eru svipaðar og meðaltal útsvarstekna í úttektni, en lægri en í Reykjavík. Tekjur af fasteignasköttum eru lágar. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er lægra en meðaltal eða 36% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru lægri en meðaltal í úttektni og hærri en í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er svipað og meðaltal í úttektni og lægri en í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru 28% lægri en að meðaltali í úttektni, eða svipað og í Reykjavík. Varið er lægri upphæð á íbúa til menningarmála og svipaðri upphæð til æskulýðs- og íþróttamála og að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Norðurþingi eru 295 fyrirtæki með 1.335 störf. Flest fyrirtæki eru í þjónustu, samtals 139 með 447 störf, og í landbúnaði og fiskveiðum eru 96 fyrirtæki með 140 störf. Fjöldi starfa í fiskvinnslu eru 194, í menntun og menningu eru 164, og í heilbrigðis- og félagsþjónustu eru 156 störf.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	295	1335
Landb. og fiskv.	96	140
Iðnaður	15	159
Fiskvinnsla	9	194
Þjónusta	139	447
Opinber stj.	14	75
Mennt./ menning	15	164
Heilb./ félagsþj.	7	156

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Hlutfallslega flest störf í Norðurþingi eru í þjónustu, eða um 34%, á móti 24% að meðaltali í úttektni og 43% í Reykjavík. Um 15% starfa eru í fiskvinnslu. Hlutfall starfa í iðnaði, fræðslustarfsemi og í heilbrigðis- og félagsþjónustu eru 12% í hverri grein um sig.


Hlutfallsleg skipting starfa



Þjónusta

Þjónustustig í Norðurþingi mælist hærra en að meðaltali í úttektinni. Þjónustustigið mælist hærra á Húsavík en á öðrum stöðum í Norðurþingi, þar sem það er nálægt meðaltali í úttektinni.


Samanburður á þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla, með lögheimili í Norðurþingi 70%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og að meðaltali í úttektinni var um 75%. Hlutfall skólasóknar 21-29 ára er um 30% á móti um 40% að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.


Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Fjarlægð til þjónustu

Þar sem Norðurþing er víðfeðmt sveitarfélag er fjarlægð til aðal þjónustukjarna (Húsavíkur) álíka í km og til næsta stærri þjónustukjarna (Akureyrar) frá Húsavík. Til Reykjavíkur eru 480-631 km sem er töluvert lengra en að meðaltali frá sveitarfélögum í úttektinni, en vegalengdir eru hér miðaðar við annars vegar Húsavík og hins vegar Raufarhöfn.

Vegalengd í þjónustu



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Á Húsavík er sterkur iðnaður og verktakastarfsemi. Þar er einnig sjúkrahús og framhaldsskóli. Hjá hinu opinbera eru flest störf. Landbúnaður er sterk atvinnugrein og sjávarútvegur einnig, þótt hann sé í vörn. Þjónusta og verslun á Húsavík er góð, þar eru margar verslanir, eins og fataverslanir, tvær matvöruverslanir, raftækjaverslun, bókabúð o.fl. Matvöruverslanir eru einnig á hinum þéttbýlisstöðunum, en íbúar austan að sækja annars verslun og þjónustu til Húsavíkur. Mikill ferðamannastraumur er til Húsavíkur, um 100 þúsund manns á ári. Það hefur mikil áhrif, m.a. á verslun. Hvalaskoðunarferðir og hvalasafnið er mjög vel sótt og er sóknin vaxandi. Ferðamannastaðir eins og Ásbyrgi, Dettifoss og Mývatn eru í seilingarfjarlægð. Fjárhagslegur ávinningur af sameiningu í sveitarfélaginu er takmarkaður, en það er auðveldara að þjappa fólki saman, t.d. varðandi skipulagsmál. Í

raun gekk sameiningarferlið vel og engin stór átakamál hafa komið upp. Atvinnuþróunarfélagið hefur verið mjög virkt og unnið vel og þarf að styrkja það enn frekar.

Veikleikar, ógnanir

Ekki er næg fjölbreytni í atvinnulífi í sveitarfélaginu. Kvótaniðurskurðurinn hefur mikil áhrif, um 50% af mannafla á Raufarhöfn starfar t.d. í sjávarútvegi. Sennilega eru fá svæði á landinu sem verða fyrir jafn miklum áhrifum. Sveitarfélagið stendur ekki vel fjárhagslega og er að verða algjörlega háð Jöfnunarsjóði. Framhaldsskólinn á Húsavík fær enga fjármuni vegna mótvægisáðgerðanna, né heldur þekkingarsetrið, en aðrar sambærilegar stofnanirnar á landinu fá framlög. Það er niðurdrepandi að vera í vörn eins og samfélagið hefur verið síðustu 20 árin. Það skortir grunnstoðina, sterku fyrirtækin eins og KP og Fiskiðjusamlagið. Missir þessara fyrirtækja var mjög erfiður fyrir svæðið. Þá hrundi rækjustofninn og Gerpla á Kópaskeri hvarf, Jökull sameinaðist Brimi og var seldur og aflaheimildin fór burt. Staðan hefur því verið erfið á Kópaskeri. Bændasamfélagið er hornsteinninn, en þar er samt einnig niðursveifla þótt hægari sé. Menn misstu tókin á auðlindinni, sjávarútveginum. Þetta er meginástæðan að baki „Sjálfbæru samfélagi“, verkefni um byggingu álvers. Fjarskipti eru í afar slæmu horfi, þau eru kannski sæmileg á Húsavík en þó ekki nógu góð. Þetta háir t.d. stjórnslu, en fjarfundir með austursvæðinu eru ekki mögulegir vegna vandra fjarskipta. Það er ekki hægt að auka starfsemi þar vegna þessa. Hóтелиð á Húsavík mun hafa lokað að vetrinum, sem er breyting, en það er nú Fosshótel og stjórnnað annars staðar frá.

Tækifæri

Í Þingeyjarsýslu búa um 5000 manns og spurning að stækka sveitarfélagið enn frekar. Stefna sveitarfélagsins er að vera hvetjandi og byggja upp jákvæðni og bjartsýni, að móta stefnu byggða á manngildissjónarmiðum, samfélag byggt á lýðræði. Mikla orku má finna á svæðinu og það ásamt náttúru og umhverfi skapar tækifæri. Bygging álvers mun hafa margvísleg áhrif og þau munu ná til Eyjafjarðar og um allt sveitarfélagið, einnig á austurhlutann. Sveitarfélagið mun t.d. fá burði til að sinna verkefnum austur frá. Möguleikar á byggingu álvers hefur skapað væntingar, t.d. hefur verð á fasteignum hækkað mjög mikið og fólk hefur mikinn áhuga á að flytja á svæðið. Áhrifin hafa því verið jákvæð til þessa. Niðurstaðan

varðandi álverið liggur ekki fyrir enn, svo það er óvíst hvort þetta er tækifæri, en samt er líklegt að af verði. Tækifæri gætu fólgið í að fjölga opinberum störfum. Það þyrfti að auglýsa þjóðgarðinn betur og auka aðgengi með bætum vegum og stígum. Í þjóðgarðinum eiga allir að geta notið náttúrunnar, einnig aldraðir og fatlaðir. Það mætti malbika göngustíga og bjóða upp á veitingar. Verndarlögin hafa hins vegar hamlað uppbyggingu þar.

Tjörneshreppur



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 31% á tímabilinu 1991-2006.
- Aldursdreifing er mikið skekkt og vantar jafnvel alveg í elstu og yngstu aldurshópa.
- Karlar voru 22,2% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru lægri en meðaltal í úttektni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til hinna ýmsu málaflokka eru almennt lægri en að meðaltali í úttektni.
- Öll störf í sveitarfélaginu eru í landbúnaði.
- Öll þjónusta er sótt út fyrir sveitarfélagið.
- Nálægð við þéttbýlisstað er styrkleiki og að samgöngur eru góðar.
- Fámenni og aldurssamsetning er veikleiki.
- Spurning hvaða áhrif álver við Bakka mun hafa á búsetu.
- Tækifæri gætu falist í aukinni þjónustu við ferðamenn.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúaþróun, tekjur og gjöld Tjörneshrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins. Hafa ber í huga að vegna fámennis í sveitarfélaginu getur verið vafasamt að draga ályktanir af tölfræðilegum upplýsingum eða bera saman við fjölmennari byggðarlög.

Tjörneshreppur er í Suður-Þingeyjarsýslu og nær yfir norður- og vesturströnd Tjörneshrepps að Héðinsvík norðan Húsavíkur. Flatarmál sveitarfélagsins er 199 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Tjörneshreppi hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Sökum fámennis vantar nær alveg einstaka aldurshópa. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er mjög hár eða 48,3 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru lágar og er fjármunum að mestu varið til fræðslu- og uppeldismála sem er þó lægri fjárhæð en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.

Landbúnaður er eina atvinnugreinin í Tjörneshreppi. Sveitarfélagið á hlut í Hafralækjarskóla í Aðaldal og börn úr Tjörneshreppi sækja þann skóla. Sveitarfélagið á einnig samstarf við nágrannabyggðir, t.d. um félags- og skólaþjónustu, slökkvilið og sorpsamlag. Íbúar sækja atvinnu, verslun og þjónustu til Húsavíkur og Akureyrar. Eins og áður segir er atvinnurekstur í sveitarfélaginu nánast eingöngu landbúnaður og þar eru 12 býli með blandaðan búskap. Á Hallbjarnarstöðum er steingervingasafn og á Mánárbakka er einnig safn af gömlum munum. Engin störf eru í þjónustu, en þjónustustig mælist mjög lágt í Tjörneshreppi miðað við önnur sveitarfélög í úttektni.

Vegalengd til Reykjavíkur er 494 km sem er svolítið lengra en meðal vegalengd í úttektni. Hins vegar er miklu styttra í næsta stærri þjónustukjarna en meðaltal, eða 14 km. Skólasókn 16-29 ára er hærri en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík, en taka verður tillit til fámennis í Tjörneshreppi.

Styrkleikar í Tjörneshreppi er t.d. nálægð við þéttbýli og vinsæla ferðamannastaði. Veikleikar eru m.a. aldurssamsetning íbúa. Tækifæri til sóknar eru m.a. í ferðaþjónustu.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Íbúapróun

Í Tjörneshreppi voru 60 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 27 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 31,0%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 1996-2001, eða um 16,9%.


Fjöldi íbúa

	Frá 1991 til 2006	15 ár	Fækkun íbúa %		
			Karlar	Konur	Heildar
	Frá 1991 til 2006	15 ár	-26,7	-35,7	-31,0
	Frá 1991 til 1996	5 ár	-6,7	-2,4	-4,6
	Frá 1996 til 2001	5 ár	-11,9	-22,0	-16,9
	Frá 2001 til 2006	5 ár	-10,8	-15,6	-13,0

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldursamsetningu Íslendinga og íbúa Tjörneshrepps. Aldursdreifing er í heild mikið skekkt þegar borið er saman við landið allt. Íbúafjöldi er ekki í réttu hlutfalli, hvorki í aldurshópum eða eftir kyni. Elstu og yngstu aldurshópnum vantar eða eru hlutfallslega fámennir miðað við landið allt.

Aldursdreifing



Karlar í Tjörneshreppi vpru ætíð fleiri en konur á tímabilinu, mestur var munurinn árið 2005 þegar karlar voru rúmlega 33% fleiri en konur. Karlar voru samtals 33 á móti 27 konum þann 1. desember 2006, eða 22,2% fleiri en konur.


Íbúapróun eftir kyni



Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Tjörneshreppi á íbúa eru lægri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík. Tekjur af fasteignasköttum eru einnig lágar. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er lægra en meðaltal, eða 43,1% hlutfall af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru lægri en að meðaltali í úttektinni, eða svipaðar og í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er svipað og að meðaltali í úttektinni og nokkuð lægra en í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála, menningarmála og til æskulýðs- og íþróttamála eru lægri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. isl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Tjörneshreppi eru 11 fyrirtæki (hvert býli talið sem fyrirtæki) með 13 störf. Öll fyrirtæki og störf eru landbúnaði og er ekki um aðra starfsemi að ræða.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	11	13
Landb. og fiskv.	11	13
Iðnaður	0	0
Fiskvinnsla	0	0
Þjónusta	0	0
Opinber stj.	0	0
Mennt./menning	0	0
Heilb./félagsþj.	0	0

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Tjörneshreppi eru öll störf í landbúnaði eins og þegar hefur komið fram. Viðmiðunarstörf eru því ekki fyrir hendi.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Skóli, verslun og heilbrigðisþjónusta er ekki fyrir hendi í Tjörneshreppi. Önnur þjónusta mælist einnig lægri en að meðaltali í úttektinni. Hafa ber þó í huga að einungis 14 km eru í næsta stærri þjónustukjarna og þangað sækja íbúar mestalla þjónustu.

Samanburður á þjónustu




Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Fjarlægð til þjónustu

Íbúar Tjörneshrepps sækja þjónustu bæði til Akureyrar og Húsavíkur sem er næsti stærri þjónustukjarni í um 14 km fjarlægð. Vegalengd til Akureyrar sem er stærri þjónustukjarni er 106 km. Til Reykjavíkur eru 494 km, en 420 km að meðaltali í úttektinni.

Vegalengd í þjónustu




Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Tjörneshreppi 71%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og að meðaltali í úttektni um 75%. Skólasókn 21-29 ára er um 100%, en um 40% að meðaltali í úttektni og í Reykjavík. Hafa ber í huga fámenni í hreppnum og skekka aldursdreifingu.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Nálægð við þéttbýli og ferðamannastaði er styrkleiki. Talsverður straumur ferðamanna er á Tjörnes og fara ferðamenn gjarnan niður í fjöru til að skoða steingervinga. Stutt er að sækja verslun og þjónustu, hún er bæði sótt til Húsavíkur og Akureyrar. Íbúar sækja einnig vinnu til Húsavíkur, gjarnan sem hlutastarf með búskapnum. Samgöngur eru góðar.


Veikleikar, ógnanir

Aldurssamsetning er veikleiki. Fá börn eru í sveitarfélaginu, aðeins sjö á skólaaldri og öll yfir fermingu. Eftir tvö til þrjú ár eru engin börn úr sveitarfélaginu í grunnskóla. Samfélagið er að eldast og endurnýjun lítil eða engin, að vísu eru þrír ungir bændur í sveitinni en enginn þeirra er með fjölskyldu. Nálægðin við Húsavík er bæði styrkur og veikleiki. Á Héðinshöfða búa 10 manns og bærinn liggur mjög nálægt Bakka og væntanlegt álver gæti haft alvarleg áhrif á búsetuna þar og jafnvel fleiri bæi. Þótt ferðamenn staldri við á Tjörnesi skortir afþreyingu og þjónustu við þá. Steingervingasafnið var lokað s.l. sumar vegna fráfalls bóndans á Hallbjarnarstöðum og óvíst um framhaldið.

Tækifæri

Hægt væri að bjóða ferðamönnum einhverja þjónustu, t.d. að vera með veitingar í fjörunni við Hallbjarnarstaði, húsnaði er fyrir hendi en þarfnast endurbóta. Einnig mætti nýta félagsheimilið á Hallbjarnarstöðum. Hugsanlega eru fleiri möguleikar varðandi ferðaþjónustu. Það mætti virkja eigendur sumarhúsa og jarða sem ekki eru með fasta búsetu til að taka þátt í verkefnum. Mun álverið styrkja búsetu í sveitarfélaginu? Sjónarmið íbúa munu mismunandi hvað þetta varðar.

Svalbarðshreppur



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 10,9% á tímabilinu 1991-2006.
- Yngstu aldurshóparnir eru fámennir m.v. landsmeðaltal.
- Karlar voru 16,3% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa voru lægri en að meðaltali í úttektinni.
- Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu og til fræðslu- og uppeldismála er hærra en að meðaltali í úttektinni.
- Um 81% starfa eru í landbúnaði.
- Þjónustustig er lágt og mest öll þjónusta er sótt út fyrir sveitarfélagið.
- Frumkvöðlaandi og virkni einkennir samfélagið.
- Samgöngur eru slæmar, en munu batna með nýjum vegi á Hófaskarðsleið.
- Veikleikar eru m.a. að ekki er 3ja fasa rafmagn og nettenging og símasamband er ekki gott.
- Áhrif frá fyrirhuguðu álveri við Bakka verða lítil.
- Möguleikar tengjast m.a. miklu landrými, eflingu ferðaþjónustu og vegabótum.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Svalbarðshrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins. Hafa ber í huga að vegna fámennis í sveitarfélaginu getur verið vafasamt að draga ályktanir af tölfræðilegum upplýsingum eða bera saman við fjölmennari byggðarlög.

Svalbarðshreppur er á austanverðri Melrakkaslétu og liggur að Þistilfirði. Hreppurinn er nefndur eftir kirkjustaðnum Svalbarði. Flatarmál sveitarfélagsins er 1.155 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Svalbarðshreppi hefur fækkað nokkuð undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Sökum fámennis vantar nær alveg einstaka aldurshópa. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur í Svalbarðshreppi er ekki hár eða 36,8 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru lágar og er fjármunum að mestu varið til fræðslu- og uppeldismála. Fjármunir á íbúa varið til félagsþjónustu eru umfram það sem er að meðaltali í úttektinni.

Atvinnulíf í Svalbarðshreppi byggist nær eingöngu á landbúnaði og þá sauðfjárbúskap. Búskapur er á öllum heimilum nema einu. Hvergi er kúabú, ekki fyrr en á Tjörnesi eða í Vopnafirði. Ferðaþjónusta er að Ytra-Álandi og hefur verið starfrækt frá því um 1992. Fjöldi íbúðarhúsa sem búið er í eru um 32. Það vantar almennilega vegi, enn eru þrjú ár í að nýja leiðin um Hófaskarð verði tilbúin. Íbúar sækja vinnu til Þórshafnar, svo og verslun og þjónustu. Heimilishjálpin er eiginlega eini þjónustupátturinn sem er alfarið á vegum hreppsins, svo og rekstur skólans á Svalbarði og skólaakstur til Þórshafnar. Flestir aðrir þættir eru í samstarfi við önnur sveitarfélög. Engin störf eru í þjónustu, en þjónustustig mælist mjög lágt í Svalbarðshreppi miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni.

Vegalengd til Reykjavíkur er 601-670 km (eftir því hvaða leið er farin) sem er talsvert lengra en meðal vegalengd í úttektinni. Skólasókn 16-20 ára er meiri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík og einnig í aldurshópnum 21-29 ára, en taka verður tillit til fámennis í Svalbarðshreppi.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Nokkuð af ungum bændum í sveitarfélaginu, frumkvöðlaandi og góð virkni íbúa er meðal helstu styrkleika. Samgöngur hafa verið veikleiki en það mun breytast með nýjum vegi um Hófaskarð. Óvíst að áhrif frá álveri verði jákvæð á þessu svæði. Tækifæri til sóknar eru m.a. í ferðapjónustu, ekki síst með bættum samgöngum.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Svalbarðshreppi voru 110 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 9 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 10,9%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 2001-2006, eða um 11,7%.


Fjöldi íbúa

	Fækkun íbúa %	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-9,5	-12,5	-10,9
Frá 1991 til 1996	5 ár	4,8	-7,1	-0,8
Frá 1996 til 2001	5 ár	-6,1	11,5	1,7
Frá 2001 til 2006	5 ár	-8,1	-15,5	-11,7

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldursamsetningu Íslendinga og íbúa Svalbarðshrepps. Aldursdreifing í Svalbarðshreppi er í heild mikið skekk þegar borið er saman við landið allt. Íbúafjöldi er ekki í réttu hlutfalli hvorki í aldurshópum eða eftir kyni. Í öllum aldurshópunum er kynjahalli og eru yngstu aldurshóparnir hlutfallslega fámennir miðað við landið allt.


Aldursdreifing



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Karlar í Svalbarðshreppi voru fleiri en konur allt tímabilið, mestur var munurinn árið 1995 þegar karlar voru tæplega 30% fleiri en konur. Karlar voru samtals 57 á móti 49 konum þann 1. desember 2006, eða 16,3% fleiri en konur.

Íbúapróun eftir kyni




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Svalbarðshreppi á íbúa eru lægri en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík. Tekjur af fasteignasköttum eru lágar í Svalbarðshreppi. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er lægra en meðaltal, eða 45,9% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru lægri en meðaltal í úttektni eða svipaðar og í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er hærra en að meðaltali í úttektni og lægra en í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru hærri en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík. Varið er lægri upphæð á íbúa til menningarmála og svipaðri upphæð til æskulýðs- og íþróttamála og að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Svalbarðshreppi eru 20 fyrirtæki (hvert býli talið sem fyrirtæki) með 26 störf. Flest fyrirtæki eru í landbúnaði, eða 16 með 21 starf. Fjöldi starfa í menntun og menningu eru þrjú og í heilbrigðis- og félagsþjónustu og í þjónustu er eitt starf í hvorri grein.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	20	26
Landb. og fiskv.	16	21
Iðnaður	0	0
Fiskvinnsla	0	0
Þjónusta	2	1
Opinber stj.	0	0
Fræðslustarfsemi	1	3
Heilb./ félagsþj.	1	1

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Hlutfallslega langflest störf í Svalbarðshreppi eru í landbúnaði, eða um 81%. Um 12% starfa eru í fræðslustarfsemi sem er svipað og að meðaltali í úttektni. Hlutfall starfa í þjónustu og í heilbrigðis- og félagsþjónustu er 4% í hvorri grein.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Verslun og heilbrigðisþjónusta er ekki fyrir hendi í Svalbarðshreppi. Önnur þjónusta mælist einnig lægri en að meðaltali í úttektinni. Skýringin felst m.a. í því að Svalbarðshreppur er dreifbýlissveitarfélag og nánast öll þjónusta sótt út fyrir sveitarfélagið.


Samanburður á þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Svalbarðshreppi 89%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og að meðaltali í úttektinni um 75%. Hlutfall skólasóknar 21-29 ára var um 42%, en um 40% að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.


Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Fjarlægð til þjónustu

Íbúar Svalbarðshrepps sækja þjónustu bæði til Húsavíkur og Þórshafnar sem er næsti stærri þjónustukjarni í um 23 km fjarlægð. Til Húsavíkur, sem er stærri þjónustukjarni, eru 121-190 km. Til Reykjavíkur eru 601-670 km, en 420 km að meðaltali í úttektinni. Hafa ber í huga að vegalengd er ekki sú sama að vetri og sumri, þar sem Öxarfjarðarheiðin er lokuð að vetrinum og því eru hér gefnar tvær mögulegar vegalengdir.

Vegalengd í þjónustu



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Samstaða og virkni íbúanna er styrkleiki. Það er frumkvöðlaandi í samfélaginu, sem m.a. skýrist af því að ungu fólki hefur fjölgað verulega. Hugsanlega er lægstur meðalaldur bænda á landinu í Svalbarðshreppi. Flugsamgöngur til Reykjavíkur eru góðar, flugið er alla virka daga á Þórshöfn og millilént á Akureyri. Hins vegar er mjög dýrt að fljúga. Ferðamannastraumur er nokkur. Íslendingum hefur fjölgað, en ekki erlendur ferðamönnum, straumurinn úr Norrænu nær ekki á svæðið. Það kann þó að breytast með samgöngubótum. Að Ytra-Álandi er gistirými fyrir um 22 manns og rekin hestaleiga í smáum stíl. Veðið í laxveiðianum gefur tekjur, einar fimm laxveiðiár sem tilheyra sveitarfélaginu, a.m.k. að hluta. Þetta er stærstur hluti tekna í sveitarfélaginu, auk sauðfjárbúskaparins.


Veikleikar, ógnanir

Fækkun íbúa er veikleiki. Samgöngur eru veikleiki, t.d. varðandi flutninga, sem gerir að verkum að ekki er hægt að vera með neina framleiðslu. Kannski er of mikil áhersla á ferðapjónustu sem eina möguleikann í atvinnu- og nýsköpunarmálum. Nettenging er léleg og nánast ekkert gsm-samband. Venjulega símakerfið er heldur ekki í nógu góðu lagi, t.d. er ekki hægt að fá nógu margar línur fyrir þjónustuna á Ytra-Álandi (t.d. fyrir sumarhúsabyggð). Ekki er 3ja fasa rafmagn og ekki hægt að fá það nema með miklum tilkostnaði þar sem markaðurinn er of lítill. Þetta er t.d. hamlandi fyrir alla framleiðslu, ef menn vildu fara út í slíkt. Lítil áhrif verða frá álveri á Húsavík, annað en að einhverjir kynnu að flytja burt og nær álverinu til að vinna þar.

Tækifæri

Möguleikar til sóknar tengjast náttúru og miklu landrými, sem getur nýst bæði landbúnaði og ferðapjónustu. Mesta nýsköpunin er í ferðapjónustu. Væntanlega opnast ný tækifæri með nýjum vegi um Hófaskarð í stað Öxarfjarðarheiðar.

Langanesbyggð



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 12,8% á tímabilinu 1991-2006.
- Aldursdreifing er skekkt og íbúar 40-54 ára eru hlutfallslega fjölmennir m.v. landið allt.
- Karlar voru 18,6% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til fræðslu- og uppeldismála og til æskulýðs- og íþróttamála eru hærri en meðaltal í úttektinni.
- Um 42% starfa eru í fiskveiðum og landbúnaði.
- Þjónustustig mælist hærra en að meðaltali í úttektinni.
- Fjarlægðir eru miklar, t.d. lengsta fjarlægð í loftlínu til höfuðborgarinnar af öllum sveitarfélögum í úttektinni.
- Skólasókn 16-29 ára er talsvert minni en að meðaltali í úttektinni.
- Þetta er gott svæði fyrir frumvinnslugreinar.
- Talsvert er af ungu fólki í sveitarfélaginu og góður frumkvöðlaandi.
- Slæmar samgöngur eru veikleiki, en gerð nýs vegar um Hófaskarð hefur dregist.
- Óvíst er að álver á Bakka hafi jákvæð áhrif á þessu svæði.
- Tækifæri felast í sérhæfingu í sjávarútvegi.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Langanessbyggðar á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Langanesbyggð er á og við Langanes á norðausturhorni landsins. Það varð til við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðarhrepps. Flatarmál sveitarfélagsins er 1.333 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Langanesbyggð hefur fækkað nokkuð undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur í Langanesbyggð er 36,9 ár, en er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru háar og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála og einnig eru talsverðir fjármunir á íbúa lagðir til æskulýðs- og íþróttamála.

Atvinnulíf í Langanesbyggð felst einkum í fiskveiðum og fiskvinnslu. Langstærsti vinnuveitandinn er HÞ með allt að 80 manns á sjó og í landi. Nokkrir erfiðleikar hafa hins vegar verið undanfarið við hráefnisöflun. Í hinum gamla Þórshafnarhreppi má segja að sauðfjárbúskapur standi traustum fótum. Í landbúnaði hefur verið stundað metnaðarfullt ræktunarstarf sem hefur skilað sé í betri afurðum og markaði fyrir hrúta til undaneldis á sæðingastöðvum og til bænda víða um land. Kúabúskapur lagðist af á svæðinu fyrir 8-10 árum. Mörg störf eru í þjónustu en þjónustustig mælist ágætlega hátt í Langanesbyggð miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni.

Vegalengd til Reykjavíkur eru 659-692 km (eftir því hvort farið er frá Þórshöfn eða Bakkafirði) sem er talsvert lengra en meðal vegalengd úttektinni. Flugfélag Íslands heldur uppi flugi um Akureyri til Langanessbyggðar. Skólasókn 16-29 ára er töluvert minni en að meðaltali í úttektinni.

Styrkleikar eru m.a. að svæðið er gott til sauðfjárræktar og sjávarútvegs og meðalaldur er tiltölulega lágur. Vegalengdir og slæmar samgöngur eru veikleikar sem og einhæfni í atvinnulífi. Tækifæri til sóknar eru í ferðaþjónustu með bættum samgöngum. Möguleikar felast einnig í sérhæfingu í sjávarútvegi og

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

má þá nefna kúfiskvinnsluna. Samgöngubætur með Norðausturvegi um Hófaskarð munu auka tækifærin á svæðinu.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Langanesbyggð voru 479 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 115 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 12,8%, mest á tímabilinu 1996-2001 eða um 9,8%.


Fjöldi íbúa

	Færsla	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-14,8	-10,2	-12,8
Frá 1991 til 1996	5 ár	3,9	2,7	3,4
Frá 1996 til 2001	5 ár	-9,3	-10,3	-9,8
Frá 2001 til 2006	5 ár	-9,6	-2,5	-6,5

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Langanesbyggðar. Aldursdreifing í Langanesbyggð er í heild nokkuð skekkt þegar borið er saman við aldurudreifingu á landinu öllu. Nokkur kynjahalli er í einstaka aldurshópum. Aldurshóparnir 40-54 ára eru hlutfallslega fjölmennir og í elstu aldurshópunum er nokkur kynjahalli miðað við landið allt.


Aldursdreifing



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Karlar í Langanesbyggð eru fleiri en konur allt tímabilið, mestur var munurinn árið 2002 þegar karlar voru tæplega 30% fleiri en konur. Karlar voru samtals 281 á móti 237 konum þann 1. desember 2006 eða 18,6% fleiri en konur.

Íbúapróun eftir kyni




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Langanesbyggð á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni, en 23% lægri en í Reykjavík. Tekjur af fasteignasköttum eru lágar. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er svipað og meðaltal í úttektinni, eða 41,8% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er lægra en meðaltal í úttektinni og í Reykjavík, en framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru hærri. Varið er svipaðri upphæð á íbúa til menningarmála og hærri upphæð til æskulýðs- og íþróttamála en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Langanesbyggð eru 67 fyrirtæki með 233 störf. Flest fyrirtæki eru í þjónustu, eða 26 með 41 starf og í landbúnaði og fiskveiðum eru 25 fyrirtæki með 97 störf. Í fiskvinnslu eru 40 störf og 43 í opinberri þjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	67	233
Landb. og fiskv.	25	97
Iðnaður	4	12
Fiskvinnsla	4	40
Þjónusta	26	41
Opinber stj.	3	16
Fræðslustarfsemi	3	15
Heilb./ félagsþj.	2	12

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Langanesbyggð eru hutfallslega flest störf í fiskveiðum og landbúnaði, eða um 42%. Í fiskvinnslu og þjónustu eru um 18% starfa í hvorri grein. Hlutfall starfa í opinberri stjórnsýslu er svipað og meðaltal í úttektinni og í Reykjavík, en hlutfall starfa í fræðslustarfsemi og í heilbrigðis- og félagsþjónustu er lægra.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í Langanesbyggð mælist hærra en meðaltal í úttektinni. Áberandi er hvað heilbrigðisþjónusta mælist hátt yfir meðaltali. Menntunarmöguleikar mælast svipaðir og önnur þjónusta kemur betur út en meðaltalið.


Samanburður á þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Langanesbyggð er 56%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektinni er um 75%. Hlutfall skólasóknar 21-29 ára er um 27% á móti um 40% að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.


Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Fjarlægð til þjónustu

Íbúar Langanesbyggðar sækja lítið þjónustu til Húsavíkur sem er næsti stærri þjónustukjarni í 144-226 km fjarlægð (tilgreindar vegalengdir fara eftir því hvort miðað er við Þórshöfn eða Bakkafjörð). Þar gætu slæmar samgöngur spilað inn í. Til Akureyrar sem er enn stærri þjónustukjarni er vegalengd um 235-303 km. Til Reykjavíkur eru 659-692 km, en eru 420 km að meðaltali í úttektinni.

Vegalengd í þjónustu



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Styrkleikar svæðisins liggja í grunnatvinnuvegunum. Þetta er gott svæði til sauðfjárræktar og vel staðsett gagnvart sjávarmiðum, sérstaklega uppsjávarfiski. Styrkleikar svæðisins liggja að hluta til í jákvæðu viðhorfi íbúanna ásamt miklum frumkvöðlaanda. Eins og aldurstre sýnir er mikið um ungt fólk í Langanesbyggð, sem gæti þá verið skýring. Töluvert er um að ungt fólk kaupi eignir, sem sýnir að það hefur trú á svæðinu. Nefna má spænisvinnslu á Langanesi og silkiprentun á fánum sem er sú eina á landinu.

Veikleikar, ógnanir

Veikleikarnir liggja m.a. í staðsetningu svæðisins, þ.e. svæðið er fjærst í beinni loftlínu frá höfuðborginni. Vegasamgöngur eru slæmar, með malarvegum, en von er um bætur fljótlega með nýjum vegi, Norðausturvegi um Hófaskarð. Slæmar samgöngur þýða lakari heilbrigðisþjónustu og veikari búsetuskilyrði. Sérhæfni

og einhæfni fiskvinnslunnar er mikil þar sem nær eingöngu er um uppsjávarafla að ræða og hefur loðnubrestur komið illa við atvinnurekstur á svæðinu undanfarin tvö ár. Markaður fyrir kúfisk hefur einnig verið í lægð og er svo komið að nú sjást í fyrsta sinn í langan tíma atvinnuleysistöð. Uppbygging og þensla svæða bæði austanlands og nú hugsanlega við Húsavík er ógn við svæði eins og Langanesbyggð, þensluáhrif þessara svæða koma með neikvæðum formerkjum inn á jaðarsvæðin.

Tækifæri

Tækifærin felast fyrst og fremst í sérhæfingu í sjávarvinnslunni og má þá nefna kúfiskvinnsluna. Ný tækifæri með kúfisk eru að skapast á Evrópumarkaði. Samstarf Hraðfrystistöðvar Þórshafnar við önnur öflug sjávarútvegsfyrirtæki mun einnig skapa tækifæri í sjávarútvegi. Aðrir þættir sem snerta sjávarútveg og skapa aukin tækifæri eru lega gagnvart norsk-íslensku síldinni og góð hafnaraðstaða. Loks má nefna samgöngubætur með Hófaskarðsleið sem mun auka búsetugæði og efla ferðapjónustu á svæðinu.

Breiðdalshreppur



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 30,3% á tímabilinu 1991-2006.
- Karlar voru 18,6% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur á íbúa eru svipaðar og að meðaltali í úttektinni.
- Flest störf eru í iðnaði og þjónustu.
- Þjónustustig er svipað og að meðaltali í úttektinni.
- Skólasókn 16-29 ára er svipuð og að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.
- Styrkleikar í ferðaþjónustu eru m.a. gott gistirými og ágætar samgöngur.
- Mikið landrými í sveitarfélaginu er styrkleiki.
- Staða sveitarsjóðs er ekki góð.
- Sjávarútvegur stendur illa.
- Sveitarfélagið er ekki á áhrifasvæði stóriðju á Austurlandi.
- Tækifæri gætu falist í uppbyggingu safna og annarri afþreyingu fyrir ferðamenn.
- Nýta mætti atvinnuhúsnæði sem stendur autt.
- Hægt væri að nýta betur neysluvatn og byggja upp í kringum veiði í Breiðdalsá.
- Tækifæri gætu einnig falist í að opna sláturhúsið á ný.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Breiðdalshrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Breiðdalshreppur nær yfir Breiðdal, en hann er landmestur dala á Austfjörðum. Þéttbýli er á Breiðdalsvík. Flatarmál sveitarfélagsins er 452 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Breiðdalshreppi hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er mjög hár eða 43,1 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru háar og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála.

Í Breiðdalshreppi eru fiskvinnsla og landbúnaður helstu atvinnugreinar. Fjárbúskapur er stærsta grein landbúnaðar og aðeins er eitt kúabú. Fiskvinnslan Fossvík er stærsti vinnustaðurinn og þar vinna um 20 manns. Einn smábátur er á staðnum. Hjá sveitarfélaginu starfa um 20 manns í um 15 stöðugildum. Svo eru minni fyrirtæki, m.a. verktakafyrirtæki sem sækir út fyrir sveitarfélagið, auk einrykja. Tvö hótél eru í sveitarfélaginu, Hótel Bláfell á Breiðdalsvík og Hótel Staðarborg (7 km frá Breiðdalsvík). Hótelin, veiðihúsið Eyjar og Kaffi Margrét hafa gistirými fyrir rúmlega 100 manns. Að auki eru þrjú sumarhús leigð út. Þjónusta og verslun er meira sótt til Reyðarfjarðar eftir að uppbygging hófst þar, en þangað er 30 km styttra en til Egilsstaða. Ein matvöruverslun er á staðnum (Óskaup) og bensinstöð. Mörg störf eru í þjónustu, en þjónustustig mælist svipað í Breiðdalshreppi og að meðaltali í úttektinni.

Vegalengd til Reykjavíkur eru 615 km sem er talsvert lengra en meðal vegalengd í úttektinni. Vegalengd í næsta stærri þjónustukjarna er hins vegar mun styttri en að meðaltali. Skólasókn 16-20 ára er svipuð og að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík, en lægri í aldurshópnum 21-29 ára.

Styrkleikar í sveitarfélaginu eru m.a. að stutt er að sækja vinnu og þjónustu til Reyðarfjarðar og að nægt gistirými er til staðar sem styrkir ferðaþjónustuna. Veikleikar eru m.a. slæm staða í sjávarútvegi, á

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

fasteignamarkaði og fjárhagsstaða sveitarfélagsins. Tækifæri til sóknar eru í ferðapjónustu, einkum menningartengdri ferðapjónustu. Með góðum samgöngum og samstarfi við Fjarðabyggð má auka atvinnutækifæri.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Breiðdalshreppi voru 218 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 132 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 30,3%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 1991-1996 eða um 12,6%.


Fjöldi íbúa

	Tímabil	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-27,7	-33,1	-30,3
Frá 1991 til 1996	5 ár	-12,0	-13,3	-12,6
Frá 1996 til 2001	5 ár	-10,5	-12,5	-11,4
Frá 2001 til 2006	5 ár	-8,3	-11,9	-10,0

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Breiðdalshrepps. Aldursdreifing í Breiðdalshreppi er í heild mikið skekkt þegar borið er saman við aldurssamsetningu á landinu öllu. Íbúafjöldi er ekki í réttu hlutfalli hvorki í aldurshópum né eftir kyni. Í öllum aldurshópnum er kynjahalli og eru yngstu aldurshóparnir hlutfallslega fámennir miðað við landið í heild.

Aldursdreifing



Karlar í Breiðdalshreppi voru fleiri en konur allt tímabilið, mestur var munurinn árið 2002 þegar karlar voru rúmlega 27% fleiri en konur. Karlar voru samtals 133 á móti 111 konum þann 1. desember 2006 eða 18,6% fleiri en konur.


Íbúapróun eftir kyni



Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Breiðdalshreppi á íbúa eru lægri en meðaltal útsvarstekna í úttektinni og 35% lægri en í Reykjavík og tekjur af fasteignasköttum eru lágar. Framlag Jöfnunarsjóðs á einstakling er svipað og meðaltal eða 46,1% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru svipaðar og að meðaltali hjá sveitarfélögum í úttektinni og nokkru hærri en í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er svipað og að meðaltali í úttektinni, en lægra en í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru hærri en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík, en svipaðri upphæð er varið til menningarmála og til æskulýðs- og íþróttamála og að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Breiðdalshreppi eru 50 fyrirtæki með 125 störf. Flest fyrirtæki eru í landbúnaði og fiskveiðum, eða 20 með 21 starf og í þjónustu eru 18 fyrirtæki með 28 störf. Í iðnaði eru 30 störf, 26 í fiskvinnslu og samtals 20 störf í opinberri þjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	50	125
Landb. og fiskv.	20	21
Iðnaður	4	30
Fiskvinnsla	1	26
Þjónusta	18	28
Opinber stjs.	3	5
Fræðslustarfsemi	2	12
Heilb./ félagsþj.	2	3

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Breiðdalshreppi eru hlutfallslega flest störf í iðnaði, eða um 24%. Um 22% starfa eru í þjónustu, 21% í fiskvinnslu, 17% í landbúnaði og fiskveiðum en 32% að meðaltali í úttektinni og 1% í Reykjavík. Í heilbrigðis- og félagsþjónustu er 2% starfa.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í Breiðdalshreppi mælist svipað og að meðaltali í úttektni. Menntunarmöguleikar mælast heldur hærri og önnur þjónusta kemur betur út en að meðaltali í úttektni, nema hvað heilbrigðisþjónusta mælist undir meðaltali.


Samanburður á þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Breiðdalshreppi 76%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektni er svipað, um 75%. Hlutfall skólasóknar 21-29 ára er um 35% en er um 40% að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.


Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Fjarlægð til þjónustu

Íbúar Breiðdalshrepps sækja þjónustu til Egilsstaða sem er næsti stærri þjónustukjarni í 83ja km fjarlægð. Reyðarfjörður er að stækka sem þjónustukjarni og þangað eru um 34 km. Til Reykjavíkur eru 615 km, en 420 km að meðaltali í úttektni.

Vegalengd í þjónustu



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Mikil náttúrufergurð er í Breiðdalshreppi og engin náttúruvá. Í sveitarfélaginu er nægt gistirými sem kemur ferðaþjónustu til góða. Um fimm manns í sveitarfélaginu sækja vinnu til Reyðarfjarðar. Vetrarsamgöngur eru ágætar og sjaldan ófært. Breiðdalsheiði er einnig haldið opinni yfir veturinn. Breiðdalsvík er endastöð rútu sem gengur á firðina og Egilsstaði í tengslum við flug. Skóli, íþróttahús, sundlaug og leikskóli eru ný mannvirki.

Veikleikar, ógnanir

Nýlega hafa nokkrar fjölskyldur flutt burt. Nemendum fækkaði í 27 úr 30-40 haustið 2007 og af þeim sökum fækkaði um eina kennarastöðu. Í sveitarfélaginu er hátt hlutfall eldri borgara. Á Breiðdalsvík eru 3-4 auð hús og í mörgum húsum eru aðeins einn til tveir íbúar. Engin hreyfing er á fasteignamarkaði. Sveitarfélagið á 15 íbúðir sem er þungur fjárhagslegur baggi á því.

Reynt er að fá íbúana til að kaupa þessar íbúðir með því að hækka leigu, þ.e. hætta að niðurgreiða. Staða sveitarsjóðs er ekki góð. Breiðdalshreppur varð „út undan“ í sameiningarferlinu, engin tillaga lá fyrir um sameiningu og lítill áhugi heima fyrir. Niðurskurður þorskkvótans mun segja til sín og tíðindi um hann höfðu þau áhrif að rót kom á fólk. Uppbyggingin á Vallarsvæðinu (Keflavík) togar. Það er vafamál að Breiðdalshreppur njóti góðs af mótvægisáðgerðum og nýi vegurinn yfir Öxi gerir að verkum að þjóðvegurinn liggur ekki lengur um sveitina og spurning hvaða áhrif það hefur. Breiðdalshreppur er ekki á áhrifsvæði framkvæmda á Austurlandi.

Þjónustu í Fjarðabyggð og hefð er fyrir samvinnu þessara sveitarfélaga. Verið er að ræða sameiningu og það yrði mikið öryggi og aukin þjónusta fyrir íbúa Breiðdalshrepps. Það liggur beinna við að sameinast Fjarðabyggð en Fljótaldalshéraði.

Tækifæri

Ýmsar hugmyndir eru uppi um afþreyingu fyrir ferðamenn. Verið er að byggja upp gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík, með ýmsa menningarstarfsemi í huga. Þar má nefna sýningar og söfn, eins og t.d. jarðfræðisetur tileinkað George Walker sem rannsakaði þetta svæði á Austurlandi og safn um dr. Stefán Einarsson íslenskufraeðing. Þarna gæti líka verið aðstaða fyrir fræðimenn. Verið er að skrifa handrit að sjónvarpsþáttum, byggt á bók Guðjóns Sveinssonar, Sögunni af Daníel sem gerist á Breiðdalsvík um 1940 á upphafsárum þorpsins. Ef til vill er hægt að gera meira úr þessari sögu sem er samofin sögu staðarins. Fyrirmyndin gæti t.d. verið Þórbergssetur í Suðursveit. Nægt gistirými í sveitarfélaginu skapar nokkra sérstöðu á Austurlandi. Mikill áhugi er hjá eiganda Staðarborgar að ná inn fundum og ráðstefnum. Með því myndi nýting gistirýmis í sveitarfélaginu aukast. Verið er að byggja upp veiði í Breiðdalsá og koma upp seiðaeldisstöð á Tungufelli í Norðurdal og þar felast einnig tækifæri. Gilsárveita er mjög góð og fleiri tækifæri gætu falist í nýtingu vatnsins en bara sem neysluvatns. Á Breiðdalsvík er nýlegt og stórt sláturhús sem ekki er lengur í rekstri. Verið er að vinna út frá tillögu í vaxtarsamningi um að opna sláturhúsið á ný, en með nokkuð breyttu sniði. Neytandinn þarf að geta treyst því að hann sé einmitt að fá lamb frá ákveðnum framleiðanda og slíkt væri frekar hægt í minna sláturhúsi. Sláturfé er annars flutt um langan veg. Hægt væri að setja upp verkefni tengt þjónustu við aldraða, en nú er rekin dagvist fyrir aldraða á Breiðdalsvík og hana mætti t.d. stækka. Í Breiðdalshreppi er nægt landrými og líka vannýtt atvinnuhúsnæði. Öll innri uppbygging er til staðar, nýr skóli, nýtt íþróttahús, ný sundlaug og nýlegur leikskóli. Það er auðvelt fyrir íbúa Breiðdalshrepps að sækja

Djúpavogshreppur



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 22,4% á tímabilinu 1991-2006.
- Karlar voru 15,3% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru lægri en að meðaltali í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til æskulýðs- og íþróttamála er 50% hærra en að meðaltali í úttektinni.
- Flest störf eru í fiskvinnslu eða 36%.
- Þjónustustig er hærra en meðaltal í úttektinni.
- Skólasókn 16-20 ára er yfir meðaltali í úttektinni, en skólasókn 21-29 ára er langt undir meðaltali.
- Ferðaþjónusta er í vexti.
- Áföll í sjávarútvegi hafa veikt samfélagið og stöðu sveitarfélagsins.
- Fiskeldi hefur dregist saman.
- Sveitarfélagið er ekki á áhrifsvæði stóriðju á Austurlandi.
- Tækifæri felast í ferðaþjónustu, m.a. umferð skemmtiferðaskipa.
- Vegurinn um Öxi mun skapa ný tækifæri, m.a. möguleika á sameiningu við Fljótsdalshérað.
- Ef dvalarheimilinu yrði breytt í hjúkrunarheimili mætti nýta það fyrir stærra svæði.
- Stefna sveitarfélagsins er að skapa fjölskyldu- og barnvænt samfélag.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Djúpavogshrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Djúpavogshreppur er á sunnanverðum Austfjörðum. Hreppurinn varð til við sameiningu Búlandshrepps, Beruneshrepps og Geithellnahrepps, til hreppsins heyrir Papey. Flatarmál sveitarfélagsins er 1.133 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Djúpavogshreppi hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er 38,0 ár, en hann er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru ekki háar og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála. Einnig eru miklir fjármunir lagðir til æskulýðs- og íþróttamála.

Fiskvinnsla og landbúnaður eru höfuðatvinnuvegir í Djúpavogshreppi. Störf í sjávarútvegi eru 70-80. Í vinnslustöðinni (Búlandstindi) starfa 50 manns en fimm hjá fjölskyldufyrirtækinu Ósnesi. Þá eru nokkrir svokallaðir 15 tonna bátar og um 20-30 störf sem tengjast þeim. Nokkrir heimabátar hafa kvóta. Fiskmarkaður Djúpavogs er nýstofnaður. Fiskeldi í Berufirði á vegum Granda var laxeldi í stórum stíl en er núna þorskeldi. Í ferðaþjónustu eru um 30 störf á ársgrundvelli. Hótel Framtíð er stórt og vel nýtt og í tengslum við það eru fjögur smáhýsi sem eru leigð út. Þá er flutningafyrirtæki þar sem eru tvö störf, þó nokkur störf í iðnaði, m.a. verktakafyrirtæki (Austverk) og sumir verktakar eru með verkefni annars staðar. Um 33 stöðugildi eru hjá sveitarfélaginu. Nokkur býli bjóða upp á ferðaþjónustu, gistingu og afþreyingu. Mörg störf eru í þjónustu en þjónustustig mælist ágætlega hátt í Djúpavogshreppi miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni.

Vegalengd til Reykjavíkur eru 550 km sem er talsvert lengra en meðal vegalengd í úttektinni. Skólasókn 16-29 ára er nokkuð lægri en að meðaltali í úttektinni.

Styrkleikar eru m.a. sú stefna sveitarfélagsins að skapa fjölskylduvænt samfélag, tilvonandi samgöngubætur yfir Öxi og vaxandi ferðamennska. Áföll í sjávarútvegi er einn helsti veikleikinn og fjárhagsstaða sveitarfélagsins, en áhrif framkvæmdanna á

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Austurlandi ná ekki á þetta svæði. Tækifæri til sóknar eru í ferðapjónustu, einkum menningartengdri ferðapjónustu og með samstarfsverkefni um Vatnajökulspjóðgarð. Með vegi yfir Öxi skapast tækifæri á sameiginlegu atvinnusvæði við Egilsstaði.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Djúpavogshreppi eru 450 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 147 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 22,4%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 2001-2006 eða um 11,1%.


Fjöldi íbúa

	Frá	til	Fækkun íbúa %		
			Karlar	Konur	Heildar
	Frá 1991 til 2006	15 ár	-23,0	-21,8	-22,4
	Frá 1991 til 1996	5 ár	-8,4	-4,4	-6,5
	Frá 1996 til 2001	5 ár	-6,1	-7,2	-6,6
	Frá 2001 til 2006	5 ár	-10,5	-11,9	-11,1

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Djúpavogshrepps. Aldursdreifing í Djúpavogshreppi er í heild mikið skekkt þegar borið er saman við landið allt. Íbúafjöldi er ekki í réttu hlutfalli hvorki í aldurshópum né eftir kyni. Í öllum aldurshópum er kynjahalli og eru yngstu aldurshóparnir hlutfallslega fámennir miðað við landið allt.


Aldursdreifing



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Karlar í Djúpavogshreppi voru fleiri en konur allt tímabilið, mestur var munurinn árið 2005 þegar karlar voru rúmlega 21% fleiri en konur. Samtals voru 248 karlar á móti 215 konum í sveitarfélaginu þann 1. desember 2006, eða 15,3% fleiri en konur.

Íbúapróun eftir kyni




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Djúpavogshreppi á íbúa eru hærri en meðal útsvarstekjur í úttektni og 28% hærri en í Reykjavík. Tekjur af fasteignasköttum eru lágar. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er lægra en meðaltal, eða 36,6% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa eru lægri en meðaltal í úttektni og nokkuð hærri en í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er svipað og meðaltal í úttektni, en lægra en í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru svipuð og meðaltal í úttektni og hærri en í Reykjavík. Til æskulýðs- og íþróttamála er varið rúmlega 50% hærri upphæð en að meðaltali í úttektni og í Reykjavík, en svipaðri upphæð til menningarmála.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Djúpavogshreppi eru 45 fyrirtæki með 168 störf. Flest fyrirtæki eru í landbúnaði og fiskveiðum, eða 25 með 38 störf og 9 fyrirtæki í þjónustu með 25 störf. Í fiskvinnslu eru 60 störf, 13 í iðnaði og samtals 32 störf í opinberri þjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	45	168
Landb. og fiskv.	25	38
Iðnaður	6	13
Fiskvinnsla	3	60
Þjónusta	9	25
Opinber stjs.	1	19
Fræðslustarfsemi	0	11
Heilb./ félagsþj.	1	2

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Djúpavogshreppi eru hlutfallslega flest störf í fiskvinnslu, eða um 36%. Um 23% starfa eru í landbúnaði og fiskveiðum en 32% að meðaltali í sveitarfélögum í úttektni og 1% í Reykjavík. Í þjónustu eru 15% starfa, 11% í opinberri stjórnsýslu og 1% í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í Djúpavogshreppi mælist hærra en að meðaltali í úttektni. Menntunarmöguleikar mælast heldur hærra og önnur þjónusta kemur betur út í Djúpavogshreppi en að meðaltali í úttektni, en heilbrigðisþjónusta mælist lægri en meðaltal í úttektni.

Samanburður á þjónustu




Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglunga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Djúpavogshreppi 81%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektni er um 75%. Skólasókn 21-29 ára í Djúpavogshreppi var um 22% en um 40% að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Fjarlægð til þjónustu

Íbúar Djúpavogshrepps sækja þjónustu til Egilsstaða, sem er næsti stærri þjónustukjarni í 85 eða 146 km fjarlægð, eftir því hvaða leið er valin. Til Hafnar í Hornafirði eru 103 km. Til Reykjavíkur eru rúmlega 550 km, en 420 km að meðaltali í úttektni.

Vegalengd í þjónustu



Byggðastofnun / Háskóli Íslands

Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Stefna núverandi sveitarstjórnar er að skapa fjölskyldu- og barnvænt samfélag og að þurfa ekki að skera niður þjónustu. Skólastarf er mjög gott og leikskólinn er nýr. Sundlaugin er einnig ný, en rekstrarkostnaður hár, enda er ekki hitaveita, en verið er að bora eftir heitu vatni. Góð íþróttamiðstöð er á Djúpavogi og mikil þátttaka í íþróttalífi. Sveitarfélagið setti á fót íbúaráð sem m.a. tekur á málafnum íbúa af erlendum uppruna, en þeir eru um 30 talsins. Á vegum sveitarfélagsins eru daglegar ferðir á Hornafjörð í tengslum við flug og skólaakstur. Samgöngubótum með vegi yfir Öxi á að ljúka 2011 og þá greiðist fyrir sameiningu við Fljótsdalshérað og að þetta verði eitt atvinnusvæði. Vísir hf. er grunnstoðin í atvinnulífinu. Rekstur fiskmarkaðarins gengur vel og starfsemi hans eykur umferð um höfnina. Ferðaþjónustan stendur ágætlega og er í vexti. Góð nýting er á hóteli og tjaldsvæði og verslunin væri miklu lélegri ef ekki væri fyrir ferðamennina. Einnig eykur það verslun að

Vísisbátarnir landa á Djúpavogi. Sífelld fjölga farþegum í Papeyjarferðum og Langabúð er aðráttarafl fyrir ferðamenn, en hún er rekin af Kvennasmiðjunni. Verið er að gera við Faktorshúsið, en ekki er enn ákveðið hvernig það verður nýtt.


Veikleikar, ógnanir

Áföll í sjávarútvegi undanfarin ár hafa sett mark sitt á stöðu greinarinnar og sveitarfélagsins. Festir, útgerðarfyrirtæki í uppsjávarfiski, var seldur burt árið 2004 og fiskimjölsverksmiðjan lokaði sama ár, var síðan enduroppnuð af sveitarfélaginu árið eftir, en lokað aftur 2006. Stöðugildi sem þar töpuðust voru 15-20. Verið er að reyna að selja tæki og búnað. Sveitarfélagið kemur ekki vel út hvað varðar byggðakvóta. Vísir hf. landar drjúgum hluta af afla sínum á Djúpavogi, en verulegur hluti aflans er keyrður burt til annarra vinnslustöðva í eigu fyrirtækisins. Ekki er ljóst hvert framhaldið verður í vinnslustöðinni og hver áhrif kvótaniðurskurðarins verða. Laxeldið átti að skapa 40-50 störf en því var hætt og við tók lágmarks þorskeldi sem skapar fá störf. Búið er að segja upp fimm starfsmönnum dvalarheimilis og því verður lokað verði ekkert að gert. Hægt væri að breyta því í hjúkrunarheimili, en ekki fæst samþykki heilbrigðisyfirvalda fyrir hvíldarinnlögn á Djúpavogi. Sveitarfélagið er undir eftirliti (eftirlitsnefndar) og verður því að hagræða í rekstri. Á sama tíma þurfti að fara í ýmsar fjárfrekar framkvæmdir, eins og t.d. byggingu leikskóla. Sveitarfélagið þurfti að glíma við afleiðingar áfalla í atvinnulífi eftir að sjávarútvegsfyrirtækið Festir var selt burt ásamt kvóta fyrirtækisins í uppsjávarfiski. Í framhaldinu varð fyrirtækið Gautavík gjaldþrota og rekstri fiskimjölsverksmiðju á staðnum síðan hætt. Þá hafði sveitarfélagið lagt í miklar fjárfestingar til að tryggja starfsemi verksmiðjunnar og útgerðar henni tengdri, m.a. með byggingu hafnarmannvirkja. Það skortir fjölbreytni í atvinnulífi og störf fyrir ungt fólk. Það skortir fjármagn t.d. í ferðaþjónustu. Áhrif framkvæmdanna á Austurlandi hafa ekki verið jákvæð fyrir sveitarfélagið, þau hafa t.d. birst í brottflutningi íbúa og skorti á iðnaðarmönnum og hækkðu verði á þjónustu þeirra. Loforð um vegabætur á jaðarsvæðin sem gefin voru í upphafi hafa ekki verið efnd.

Tækifæri

Tækifærin felast ekki síst í ferðaþjónustu. Byggja á nýtt 500 fermetra hús sem verður einskona menningarhús. Fyrir því standa dætur Ríkharðs Jónssonar sem ætla að ánafna hreppnum öll verk hans og verk eftir Finn bróður hans, Kjarval o.fl. sem verða til sýnis í húsinu. Í Faktorshúsinu mætti t.d. hafa fuglasafn, steinasafn og upplýsingamiðstöð. Stærsta eggjasafnið á landinu er til staðar á Djúpavogi og verið að hugað að nánari útfærslu á fuglaskoðun. Ferða- og menningarfulltrúi er nýráðinn í hlutastarf, fjármagnað af vaxtarsamningi. Nokkur skemmtiferðaskip hafa komið á Djúpavog, þar er einnig sóknarfæri og tekjur fyrir höfnina. Samstarf gæti verið við Hornafjörð, þar sem Djúpivogur er næsta höfn fyrir slík skip, þau komast ekki inn á Hornafjörð. Virkja mætti styrkleika beggja sveitarfélaga og tengja samstarfið einnig hinum tilvonandi Vatnajökulspjóðgarði. Breyta mætti dvalarheimilinu í hjúkrunarheimili sem þá nýttist fyrir stærra svæði. Heilbrigðisstofnunin er tilbúin að yfirtaka reksturinn á dvalarheimilinu og nýta þau sóknarfæri sem þar eru. Nýi vegurinn yfir Öxi mun valda byltingu í samgöngum, með honum tekur um klukkutíma að aka til Egilsstaða og þetta verður eitt atvinnusvæði. Frá Djúpavogi er mun styttra á Egilsstaði en á Reyðarfjörð. Gerð var skoðanakönnun meðal íbúa og 61% studdu sameiningu við Fljótsdalshérað. Hreppurinn hefur upp á margt að bjóða, umhverfislega, veðurfarslega, þjónustulega, möguleika í ferðaþjónustu, sjávarútvegi, jafnvel landbúnaði. Fiskimiðin liggja nærri og eru gjöful. Nú er verið að byggja eitt hús og þrjú til viðbótar vilja byggja og það hefur jákvæð áhrif. Listamenn hafa sest að á Djúpavogi og gert upp gömul hús, t.d. Sigurður Guðmundsson. Mögulega mætti flytja opinber störf á svæðið. Það yrði einnig mikil innspýting ef kvóti fengist.

Skaftárhreppur



Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 20,9% á tímabilinu 1991-2006.
- Aldursdreifing er skekkt og yngstu hóparnir hlutfallslega fámennir m.v. landið allt.
- Karlar voru 16,5% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa voru svipaðar og meðaltal í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til menningarmála voru hærra en meðaltal í úttektinni.
- Hlutfallslega flest störf eru í landbúnaði eða 49%.
- Þjónustustig mælist hærra en meðaltal í úttektinni.
- Langt er til næsta þjónustukjarna, en samgöngur eru góðar.
- Skólasókn 16-29 ára er svipuð og meðaltal í úttektinni.
- Styrkleikar fyrir ferðaþjónustu eru m.a. gott framboð gistirýmis og góðar samgöngur.
- Veikleikar eru m.a. einhæft atvinnulíf, hátt vöruverð og léleg fjarskipti.
- Tækifæri felast í ferðaþjónustu og tengjast m.a. Vatnajökulsþjóðgarði.
- Efla mætti fiskeldið og fjölga þar störfum og efla rannsóknir og Kirkjubæjarstofu.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Skaftárhrepps á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Skaftárhreppur nær yfir alla Vestur-Skaftafellssýslu að Mýrdalshreppi undanskildum. Hreppurinn varð til við sameiningu Álftavershrepps, Leiðvallahrepps, Skaftártunguhrepps, Kirkjubæjarhrepps og Hörglandshrepps. Flatarmál hreppsins er 6.946 km² og búa færri en einn íbúi á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Skaftárhreppi hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er hér eða 42,4 ár, en er 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru svipaðar og meðaltal í úttektinni og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála.

Atvinnulíf í Skaftárhreppi er frekar einhæft. Meginatvinnugreinin er ferðaþjónusta, en þetta er jafnframt landbúnaðarsvæði. Engin stór fyrirtæki eru á svæðinu, utan hótelanna, sem eru Icelandair hótél á Kirkjubæjarklaustri, Hótél Lakar á Efri-Vík, 5 km frá Klaustri og á Geirlandi, 2 km frá Klaustri. Einnig er bændagisting á nokkrum stöðum. Hefðbundinn búskapur er kjölfestan, búin eru þó flest lítil og menn hafa annan starfa með. Hjá Klausturbleikju er bleikjueldi og þar eru fjórir starfsmenn, þar af tveir í hlutastarfi. Á Klaustri er hjúkrunarheimili og þar eru 15 störf.

Vegalengd til Reykjavíkur er 253 km sem er styttra en meðal vegalengd í úttektinni. Vegalengd til næsta þjónustukjarna er hins vegar nokkuð lengri en að meðaltali í úttektinni. Skólasókn 16-20 ára er svipuð og að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík, en lægri í aldurshópnum 21-29 ára.

Helstu styrkleikar tengjast m.a. náttúru svæðisins og nægu gistirými fyrir ferðamenn, en mikill straumur ferðamanna er á svæðið. Veikleikar eru m.a. einhæft atvinnulíf og hátt vöruverð. Tækifæri til sóknar eru í ferðaþjónustu í tengslum við opnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Einnig gæti tilkoma þjóðgarðsins og háskóla á Suðurlandi orðið til þess að

rannsóknir á svæðinu og þar með Kirkjubæjarstofa eflist.

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Skaftárhreppi voru 466 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 147 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili um 20,9%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 2001-2006, eða um 10,7%.


Fjöldi íbúa

	Færðir	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-22,3	-19,1	-20,9
Frá 1991 til 1996	5 ár	-4,8	1,4	-2,0
Frá 1996 til 2001	5 ár	-9,7	-9,6	-9,7
Frá 2001 til 2006	5 ár	-9,7	-11,8	-10,7

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldursamsetningu Íslendinga og íbúa Skaftárhrepps. Aldursdreifing er í heild mikið skekkt þegar borið er saman við landið allt. Íbúafjöldi er ekki í réttu hlutfalli hvorki í aldursþópum eða eftir kyni. Í öllum aldursþópunum er kynjahalli og eru yngstu hóparnir hlutfallslega fámennir miðað við landið allt.


Aldursdreifing



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Karlar voru fleiri en konur allt tímabilið, mestur var munurinn árið 1992 þegar karlar voru rúmlega 18,8% fleiri en konur. Karlar voru samtals 261 á móti 224 konum þann 1. desember 2006, eða 16,5% fleiri en konur.

Íbúapróun eftir kyni




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Skaftárhreppi á íbúa eru lægri en meðal útsvarstekjur í úttektinni og 35% lægri en í Reykjavík. Tekjur af fasteignasköttum eru svipaðar og meðaltal í úttektinni og í Reykjavík. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er 42,8% af skatttekjum alls á íbúa, svipað og meðaltal í úttektinni. Skatttekjur alls á íbúa eru svipaðar og meðaltal í úttektinni og nokkuð hærri en í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er svipað og meðaltal í úttektinni, en lægra en í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru svipuð og meðaltal í úttektinni, en nokkuð hærri en í Reykjavík. Varið er hærri upphæð á íbúa til menningarmála en lægri upphæð til æskulýðs- og íþróttamála en meðaltal í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Skaftárhreppi eru 118 fyrirtæki (hvert býli talið sem fyrirtæki) með 187 störf. Flest fyrirtæki eru í landbúnaði eða 97 með 92 störf og í þjónustu eru 14 fyrirtæki með 28 störf. Samtals eru 43 störf í opinberri þjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	118	187
Landb. og fiskv.	97	92
Iðnaður	1	19
Fiskvinnsla	1	5
Þjónusta	14	28
Opinber stjs.	1	4
Fræðslustarfsemi	1	10
Heilb./ félagsþj.	3	29

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Hlutfallslega flest störf í Skaftárhreppi eru í landbúnaði, eða um 49%. Um 15% starfa eru í þjónustu, en eru 24% að meðaltali í úttektinni og 43% í Reykjavík. Í iðnaði eru 10% starfa og 2% eru í opinberri stjórnsýslu. Hlutfall starfa í fræðslustarfsemi er 5% og 16% í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í Skaftárhreppi mælist hærra en meðaltal í úttektni. Menntunarmöguleikar mælast svipaðir og önnur þjónusta kemur betur út en meðaltal í úttektni. Heilbrigðisþjónusta mælist yfir meðaltali.


Samanburður á þjónustu



Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglinga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Skaftárhreppi 74%, sem er svipað og hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektni, sem er um 75%. Hlutfall skólasóknar 21-29 ára er um 38%, en er um 40% að meðaltali í úttektni og í Reykjavík.


Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Fjarlægð til þjónustu

Vegalengd til næsta stærri þjónustukjarna (Selfoss) er 196 km, sem er töluvert lengra en að meðaltali í úttektni (142 km). Til Reykjavíkur eru 253 km sem er styttra en að meðaltali í úttektni (420 km).

Vegalengd í þjónustu



Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Í Skaftárhreppi er mikil náttúrufergurð, kyrrð og ró. Hreinleiki og náttúruleg framleiðsla er það sem unnið er út frá hjá fiskeldisfyrirtækinu Klausturbleikju, fiskurinn er alinn í hreinu vatni og eldið tekur þrjú ár – en ef vatnið væri hitað tæki það miklu styttri tíma. Kirkjubæjarstofa er sjálfseignarstofnun og stendur fyrir ráðstefnuhaldi um allt sem tengist svæðinu, auk fræðslu- og menningartengdrar starfsemi. Ferðamannastraumur er mikill að sumrinu og mikið gistirými í sveitarfélaginu. Samgöngur eru mjög góðar.

Veikleikar, ógnanir

Aldurssamsetning í samfélaginu er óhagstæð, t.d. hefur fækkað mikið í skólanum, þar eru um 50 börn (haustið 2007), en voru yfir 100. Unglingarnir fara burt í framhaldsskóla, til Selfoss og Reykjavíkur, og foreldrarnir elta. Byggðakjarninn á Klaustri byggðist upp sem þjónustukjarni við sveitina, en með samdrætti


Í landbúnaði var fótunum kippt undan kjarnanum. Á staðnum var leikfélag, kaffihús og ýmis félagsstarfsemi, en er allt farið. Erfitt að halda uppi félagslífi, fólk á börn og barnabörn í höfuðborginni og er því jafnvel ekki á staðnum um helgar. Það að skilgreina svæðið sem jaðarsvæði dregur kjarkinn úr samfélaginu. Atvinnulíf er einhæft með láglauastörf og gefur fá tækifæri. Það skortir vinnuafli, ekki síst iðnaðarmenn og þarf að kaupa þá langt að sem er miklu dýrara. Í landbúnaði vantar endurnýjun og/eða breytta búskaparhætti. Of mikil tortryggni ríkir milli landbúnaðar og ferðaþjónustuaðila og henni þarf að eyða. Ólíklegt er að það komi stóriðja á svæðið, m.a. vegna flutningskostnaðar og orkuskortis. Í fiskeldinu eru láglauastörf og þau draga ekki að fólk. Það vantar kannski áhættuþor í fiskeldisfyrirtækið, sem gæti m.a. stafað af því að reksturinn hefur oft gengið illa og það vantar fjármagn til að klára sláturhúsið, lánsfé fæst ekki vegna þess að fiskeldið hefur óorð á sér. Mjög mikil uppbygging er á Efri-Vík, en það hefur verið of lengi á framkvæmdastigi. Matvöruverslunin Kjarval er inni í bænum, hún er hluti af 11-11 og vöruverð er hátt, sem verður til þess að fólk verlar annars staðar, mest á Selfossi. Þangað er svipuð vegalengd og til Hafnar, en þar er búið að leggja niður lágverðsverslunina. Ferðamennirnir halda verslun uppi á Klaustri, annars myndi hún leggjast af. Hún er opin takmarkaðan tíma að vetrinum og það vantar einhvern til að vera með rekstur allt árið. Það er bæði of stutt og of langt til höfuðborgarinnar.

Tækifæri

Fyrir liggur beiðni um að endurskoða aðalskipulag sem gildir til 2014. Send var inn tillaga í 20 liðum, þar eru margir þættir sem snerta búskap, landnýtingu og ferðaþjónustu og aðra atvinnuuppbyggingu. Tækifæri felast kannski í hreinleikanum, vatninu og náttúrunni. Sóknarfæri eru í tengslum við opnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Ferðaþjónusta mun eflast og í tengslum við hana eflist verslun, þjónusta, menning, upplýsingar, útivist og fleira. En það þarf að markaðsetja og auglýsa svæðið. Það mætti skapa svona 8-10 ný störf kringum fiskeldið, þótt það verði ekki stórfyrirtæki. Ræktunarskilyrði á svæðinu eru góð og ef til vill mætti finna nýjar afurðir. Sláturhúsið lokaði fyrir 4-5 árum og húsin voru seld heimaaðilum og verða hugsanlega nýtt í eitthvað sem tengist ferðaþjónustu. Eigendurnir hafa hugmyndir um námskeiðahald, jafnvel allt árið. Með því væri hægt að nýta betur þá gístiaðstöðu sem er til staðar. Í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð mætti efla rannsóknir á

svæðinu, t.d. háskólastarfsemi í kringum jarðfræði- eða gróðurannsóknir og tengjast Kirkjubæjarstofu. Þetta gæti verið allt að því 30 manna samfélag og myndi hafa hliðaráhrif. Sveitarfélagið er virkt í undirbúningi háskólahugmyndar á Suðurlandi og Kirkjubæjarstofa er tengiliðurinn. Frístundabyggð er að rísa úti í sveitunum, t.d. í Skaftártungu og hún skapar atvinnu og eflir þjónustu. Þar er annars vegar fólk sem notar húsin sem annað heimili og vill þá geta unnið þar, hins vegar þeir sem eru í fríi. En til að fólk geti unnið þar þá þarf bætt fjarskipti og þau eru alls ekki nógu góð, t.d. í Skaftártungu. Það vantar afþreyingu í ferðaþjónustunni. Það mætti t.d. búa til ratleikjasvæði, sem nær yfir allan hreppinn. Til staðar eru náttúru- og söguvættir sem gætu verið punktar. Ratleikjagarður sameinar hugmyndir um göngustíga og markvissa útivist. Það þarf að merkja gönguleiðir og byggja upp svo þetta sé hægt. Ratleikir eru mjög vinsælir víða um heim og haldnar alþjóðlegar keppnir. Slíkt gæti orðið aðdráttarafl 8-9 mánuði ársins og gistirými yrði betur nýtt. Hótelið á Klaustri hefur verið að ná til sín árshátíðum og ráðstefnum, hotelið á Efri-Vík er með heilsutengda þjónustu og golfvöll. Nauðsynlegt er að halda versluninni, ekki síst ef á að efla frístundabyggð.

Vestmannaeyjabær



- Bættar samgöngur eru lykilatriði og mikil tækifæri munu opnast með tilkomu Landeyjahafnar árið 2010.

Yfirlit

Hér er fjallað um íbúapróun, tekjur og gjöld Vestmannaeyjabæjar á íbúa, atvinnulíf, þjónustu, skólasókn og um núverandi stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélagsins.

Vestmannaeyjar eru eyjaklasi suður af landinu, sem samanstendur af 15 eyjum og um 30 skerjum og dröngum. Flatarmál eyjanna er 17 km² og búa 238 íbúar á hverjum ferkílómetra.

Íbúum í Vestmannaeyjabæ hefur fækkað mikið undanfarin ár og eru einstaka aldurshópar fámennir eins og fram kemur á mynd sem sýnir aldursdreifingu 1.12.2006. Karlar eru fleiri en konur eins og víðast á landsbyggðinni. Meðalaldur er 36,5 ár, en 35,7 ár á landsvísu. Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru undir meðaltali í úttektinni en hærri en í Reykjavík og er fjármunum einkum varið til fræðslu- og uppeldismála.

Atvinnulíf í Vestmannaeyjabæ er öflugt, einkum í fiskveiðum og fiskvinnslu. Flest störf eru í þjónustu, enda mælist þjónustustig hátt miðað við önnur sveitarfélög í úttektinni. Bæjarfélagið er stærsti vinnuveitandinn og á vegum þess starfa um 500 manns. Stærstu fyrirtækin eru Vinnslustöðin og Ísfélagið, svipuð að stærð með um 3-400 manns á hvorum stað. Ferðatími til Reykjavíkur er um 4 klst., sé miðað við að ferðast sé með Herjólfri til Þorlákshafnar og ekið þaðan. Í Eyjum eru þrjár leikskólar og tveir góðir grunnskólar, stór framhaldsskóli með fjölbreytt bók- og starfsnám, HÍ og Viska símenntunarmiðstöð.

Skólasókn 16-20 ára er svipuð og að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík, en nokkuð lægri í aldurshópnum 21-29 ára.

Styrkleikar í Vestmannaeyjum eru m.a. öflugur sjávarútvegur, samheldni íbúa og öflugt menningarlíf. Veikleikar eru auk fólksfækkunar, einhæfni í atvinnulífi og slæmar samgöngur. Tækifæri til sóknar eru í ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Einnig felast tækifæri í uppbyggingu rannsókn- og háskólavers og tilkomu hafnar í Bakkafjöru sem mun skapa margvísleg tækifæri.

Helstu niðurstöður

- Íbúum fækkaði um 17,2% á tímabilinu 1991-2006.
- Aldurshópurinn 25-39 ára er fremur fámennur, svo og yngsti aldurshópurinn.
- Karlar voru 8,3% fleiri en konur 1. desember 2006.
- Skatttekjur sveitarfélagsins á íbúa eru lægri en að meðaltali í úttektinni.
- Framlög sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu og til æskulýðs- og íþróttamála eru hærri en að meðaltali í úttektinni.
- Um 28% starfa eru í þjónustu og 23% í fiskveiðum og landbúnaði.
- Þjónustustig er herra en að meðaltali í úttektinni.
- Samgöngur eru annað hvort með flugi eða á sjó.
- Skólasókn 16-20 ára er góð í Eyjum og lítið undir meðaltali í úttektinni.
- Háskóla- og rannsóknastarfsemi er grundvallarstofnun í bæjarfélaginu, sem og framhaldsskólinn.
- Styrkleikar eru m.a. að ferðaþjónusta er vaxandi, öflug fyrirtæki í sjávarútvegi, mikil samheldni íbúa og frumkvöðlaandi, góð fjarskipti, öflugt íþróttalíf og menningarviðburðir.
- Fólksfækkun og einhæft atvinnulíf er ógnun.
- Tækifæri felast m.a. í ferðaþjónustu og sjávarútvegi.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Umfjöllun í þessari skýrslu um núverandi stöðu og framtíðarhorfur, styrkleika, veikleika og tækifæri, byggir alfarið á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.

Íbúapróun

Í Vestmannaeyjabæ voru 4.040 íbúar 1. desember 2007 og hefur fækkað um 883 íbúa frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili 1991-2006 um 17,2%. Íbúum fækkaði mest á tímabilinu 2001-2006, eða um 8,6%.


Fjöldi íbúa

	Fækkun íbúa %	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-17,1	-17,4	-17,2
Frá 1991 til 1996	5 ár	-3,5	-3,6	-3,5
Frá 1996 til 2001	5 ár	-7,0	-5,2	-6,1
Frá 2001 til 2006	5 ár	-7,6	-9,6	-8,6

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldurssamsetningu Íslendinga og íbúa Vestmannaeyjabæjar. Aldursdreifing í Vestmannaeyjabæ er ekki mikið skekkt þegar borið er saman við landið allt. Aldurshóparnir 25-39 ára eru hlutfallslega fámennir. Í yngri aldurshópnum er kynjahalli og er yngsti hópurinn hlutfallslega fámennur miðað við landið allt.

Aldursdreifing



Karlar í Vestmannaeyjabæ voru fleiri en konur allt tímabilið, mestur var munurinn árið 1992 þegar karlar voru rúmlega 10,7% fleiri en konur. Karlar voru samtals 2.119 á móti 1.956 konum þann 1. desember 2006, eða 8,3% fleiri en konur.


Íbúapróun eftir kyni



Tekjur og gjöld sveitarfélagsins á íbúa

Útsvarstekjur í Vestmanneyjabæ á íbúa eru hærri en að meðaltali í úttektinni og 6% lægri en í Reykjavík. Tekjur af fasteignasköttum eru lágar. Framlag Jöfnunarsjóðs á íbúa er lægra en meðaltal, eða 23,8% af skatttekjum alls á íbúa. Skatttekjur alls á íbúa á eru lægri en að meðaltali í úttektinni og nokkuð hærri en í Reykjavík.


Tekjur kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Framlag bæjarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu er herra en að meðaltali í úttektinni, en lægra en í Reykjavík. Framlög á íbúa til fræðslu- og uppeldismála eru lægri en að meðaltali í úttektinni, eða svipað og í Reykjavík. Varið er svipaðri upphæð á íbúa til menningarmála og til æskulýðs- og íþróttamála er varið rúmlega 20% hærri upphæð en að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Gjöld kr. á íbúa 2006



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í Vestmanneyjabæ eru 256 fyrirtæki með 1.814 störf. Flest fyrirtæki eru í þjónustu, eða 157 með 507 störf og í fiskveiðum eru 27 fyrirtæki með 411 störf. Fjöldi starfa í fiskvinnslu eru 310 og í iðnaði eru 111 störf. Samtals eru 475 störf í opinberri þjónustu.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	256	1814
Landb. og fiskv.	27	411
Iðnaður	21	111
Fiskvinnsla	10	310
Þjónusta	157	507
Opinber stj.	14	129
Fræðslustarfsemi	7	151
Heilb./ félagsþj.	20	195

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Í Vestmannaeyjabæ eru hlutfallslega flest störf í þjónustu, eða um 28%. Um 23% starfa eru í landbúnaði og fiskveiðum, en eru 32% að meðaltali í úttektinni og 1% í Reykjavík. Í fiskvinnslu eru 17% starfa og 7% í opinberri stjórnsýslu. Í fræðslustarfsemi eru 8% starfa og 11% í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Hlutfallsleg skipting starfa




Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þjónusta

Þjónustustig í Vestmannaeyjabæ mælist hærra en meðaltal í úttektinni. Menntunarmöguleikar, heilbrigðisþjónusta og önnur þjónusta koma betur út en að meðaltali í úttektinni.

Samanburður á þjónustu



Byggðastofnun / Háskóli Íslands


Fjarlægð til þjónustu

Íbúar Vestmannaeyjabæjar þurfa að vera sjálfbjarga um nánast alla þjónustu. Flugsamgöngur eru reglulega til Reykjavíkur en sjóleiðin með Herjólfri til Þorlákshafnar og akstur til Reykjavíkur tekur um 4 klst. Erfitt er að bera saman við önnur sveitarfélög í úttektinni, þar sem vandi er að meta ferðatíma eftir vegalengd, en vegasamgöngur eru mjög svo misgóðar á þeim svæðum sem hér eru til skoðunar.

Skólasókn á framhalds- og háskólastigi

Árið 2006 var hlutfall unglunga 16-20 ára í framhaldsskóla með lögheimili í Vestmannaeyjabæ 74%, en hlutfall sambærilegs hóps í Reykjavík og meðaltal í úttektinni er svipað, eða um 75%. Skólasókn 21-29 ára er um 35%, en er um 40% að meðaltali í úttektinni og í Reykjavík.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Samkvæmt mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar þorskafla verða tveir starfsmenn Nýsköpunarmiðstöðvar staðsettir í Eyjum. Háskóla- og rannsóknastarfsemin er grundvallarstofnun í bænum, ásamt framhaldsskólanum. Ferðamannastraumurinn hefur aukist og ferðaþjónusta er öflug og getur eflst enn frekar, en það vantar samgöngubætur. Flugferðum fjölgar sem er einnig liður í mótvægisáðgerðum. Það hefur verið uppbygging í ferðaþjónustu, bæði hvað varðar afþreyingu, veitingastaði og gistingu. Mikil uppbygging er í Eyjum núna. Báðar stóru stöðvarnar eru að byggja frystigeymslur og landvinnslur, bærinn er að byggja knattspyrnuhús og útivistarsvæði og nýbúið er að klára leikskóla og endurgera barnaskólann, auk þess sem 15 einbýlishús eru í byggingu. Í Eyjum eru öflug fyrirtæki í sjávarútvegi, sem eru meðal stærstu sjávarútvegsfyrirtækja á landinu. Samheldni íbúa er mikil og frumkvöðlaandi, t.d. stunda vel á annað hundrað manns fjarnám á háskólastigi. Fjarskipti eru í góðu lagi og aðstaða til fjarnáms er mjög góð. Öflugt íþróttalíf er í Eyjum, það er atvinnuskapandi og skiptir máli fyrir ímynd sveitarfélagsins og einnig mikils virði fyrir fjölskyldufólk. Þá eru ýmsir stórir menningarviðburðir í Eyjum, t.d. Þjóðhátíð, goslokahtíð o.fl. Vaxtarsamningurinn kemur vel út fyrir bæjarfélagið og starfsemi atvinnuráðgjafa APS hefur breytt miklu. Vilji stjórnvalda til að bregðast við vandanum hefur aukist.

Veikleikar, ógnanir


Vestmannaeyjar hafa orðið fyrir miklum búsisfjum, meðalaldur hækkar og barneignum fækkar og Eyjar eru fjölmennasta byggðarlagið á landinu sem glímur við viðvarandi fólksfækkun. Engin merki eru um að þetta sé að breytast og þetta er mesta ógnunin. Kröfur um þjónustu aukast, gerð samfélagsins – eyjar með takmarkaðar samgöngur, kallar á aukna þjónustu. Atvinnuástand er að mörgu leyti gott, en atvinnulíf er einhæft. Störfum í veiði og vinnslu hefur fækkað og sú þróun mun halda áfram. Sjávarútvegurinn hefur gengið í gegnum hagræðingu sem kostaði fórnir og skilaði jafnframt sterkum fyrirtækjum. Aðgerðir stjórnvalda hafa verið skattaíþyngjandi fyrir sjávarútveginn. Ekki hefur tekist að virkja nægilega þann mikla frumkvöðlakraft sem fyrirfinnst í samfélaginu, þótt vilji sé mikill. Það vantar aðgerðir – samgöngubæturnar einar og sér duga ekki. Vestmannaeyingar taka þátt í margvíslegum verkefnum, en það dugar ekki til.

Tækifæri

Bættar samgöngur og aukin fjölbreytni í atvinnulífi er forsenda eflingar. Tækifæri eru til sóknar varðandi íþróttalíf og ferðaþjónustu, sjávarútveg með stórum og öflugum fyrirtækjum og vinnslu sjávarafurða. Þá má nefna frumvinnslu á nýjum tegundum, t.d. makríl. Þessar hugmyndir eru í ferli. Fjöreggið er rannsókn- og háskólaverið og það á að efla verulega. Þar eru 14 starfsmenn en fyrirliggjandi hugmyndir gera ráð fyrir 44. Nýtt húsnæði er fyrirliggjandi. Væntanlegar breytingar á samgöngum munu valda straumhvörfum. Landeyjahöfn á að vera tilbúin árið 2010 og hún mun skapa ný tækifæri. Það verður innspýting í atvinnulífið og mun bæta búsetugæði svæðisins. Gert er ráð fyrir 6-8 ferðum á dag, siglingin tekur hálf tíma. Fólk verður frjálssara með ferðir og ferðalög ódýrari. Það verður mögulegt að sækja þjónustu á vaxtarsvæðið og þetta mun breyta miklu fyrir léttiiðnað og framleiðslu, hvað flutning varðar. Ferðaþjónustan mun taka stakkaskiptum – Eyjar munu tengjast inn í Gullna hringinn. Mesti ferðamannastraumurinn er um Suðurland og Eyjar hafa ekki notið góðs af því, en það breytist við samgöngubæturnar. Hundruðir skemmtiferðaskipa sigla framhjá Eyjum á hverju ári og stórskipahöfn er á áætlun. Hægt væri að taka meginþorrann af þessum skipum, farþegar gætu skoðað Eyjar og siglt í Bakka og ekið þaðan í aðra afþreyingu og komið aftur um borð í Reykjavík. Með samgöngubótum eykst samstarf við eystra svæðið á Suðurlandi og skapar nýjan vaxtaröxul. Þessi svæði eiga

margt sameiginlegt og þegar Eyjar bætast við er komið fjölmennt svæði. Þegar er farið að undirbúa útvíkkun á starfsemi framhaldsskólans, með sameiginlega umsókn til fjárlaganefndar um aukna þjónustu skólans. Það er að fara af stað vinna við stefnumótun fyrir þetta vaxtarsvæði.

Samantekt



Íbúapróun

Í sveitarfélögunum 22 voru samtals 17.034 íbúar 1. desember 2007, 8.888 karlar og 8.146 konur og hefur íbúum fækkað um 4.862 frá 1991. Í heild fækkaði íbúum á 15 ára tímabili 1991-2006 um 20,9%. Íbúum fækkaði mest um 9,8% á tímabilinu 2001-2006. Mesta fækkunin á tímabilinu 1991-2006 var 55,5% í Árneshreppi á Ströndum, en einnig fækkaði mikið í Kaldrananeshreppi, um 42%. Þessu næst kom Vesturbyggð með 37,7% fækkun.


Fjöldi íbúa

Tímabil	Tímabil	Fækkun íbúa %		
		Karlar	Konur	Heildar
Frá 1991 til 2006	15 ár	-21,2	-20,7	-20,9
Frá 1991 til 1996	5 ár	-4,5	-4,5	-4,5
Frá 1996 til 2001	5 ár	-8,7	-7,5	-8,2
Frá 2001 til 2006	5 ár	-9,6	-10,2	-9,8

Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Aldursdreifing


Aldurstré sýnir hlutfallslegan mismun á aldursamsetningu Íslendinga og íbúa sveitarfélaga í úttektinni. Aldursdreifing í sveitarfélögunum er mikið skekkt þegar borið er saman við aldursdreifingu á landinu öllu. Aldurshóparnir 9-19 ára og 75-79 ára eru hlutfallslega fjölmennir í sveitarfélögunum miðað við sömu aldursþópna á landinu öllu. Mesta athygli vekur fámenni í aldursþópnum 25-39 ára og kynjahalli, en konur eru færri en karlar. Einnig vekur athygli hvað yngsti aldursþópurinn er fámennur, sem er afleiða af kynjahallanum. Slíkur kynjahalli, þ.e. að konur eru færri en karlar, er einkennandi á landsbyggðinni hér á landi eins og í dreifbýli í nágrennalöndunum.



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Kynjahalli var viðvarandi allt tímabilið og var mestur árið 1992 þegar konur voru 1.117 færri en karlar í sveitarfélögunum í úttektinni. Kaldrananeshreppur var eina undantekningin, með fleiri konur en karla.

Íbúapróun eftir kyni




Tekjur og gjöld sveitarfélaga á íbúa

Útsvarstekjur á íbúa er undir landsmeðaltali í öllum sveitarfélögum, en landsmeðaltal útsvarstekna er 261 þúsund krónur. Mikill munur er á útsvarstekjum á íbúa í sveitarfélaga í úttektinni, þær eru hæstar í Vestmanneyjabæ, tæplega 260 þúsund krónur og lægstar rúmlega 170 þúsund krónur í Húnavatnshreppi. Tekjur af fasteignasköttum eru hæstar tæpar 100 þúsund krónur í Húnavatnshreppi og lægstar tæpar 10 þúsund krónur á íbúa í Svalbarðshreppi. Framlag frá Jöfnunarsjóði er lægst í Vestmanneyjabæ, um 92 þúsund krónur á íbúa og hæst tæplega 275 þúsund krónur á íbúa í Reykhólahreppi. Framlag frá Jöfnunarsjóði er að meðaltali 43% heildarskatttekna sveitarfélaga í úttektinni, en meðaltalið á landsvísi er 11,6%. Tekjur alls á íbúa eru hæstar í Húnavatnshreppi rúmlega 532 þúsund krónur á íbúa og lægstar í Svalbarðshreppi tæplega 350 þúsund krónur á íbúa. Landsmeðaltal eru tæpar 360 þúsund krónur á íbúa.

Íbúapróun, samanburðartafla

Sveitarfélag	Íbúafj.	fækkun %	fækkun %	Meðalaldur, árafjöldi yfir landsmeðalt.	karlar % umfram konur
	1.12.'07	1991-96	2001-06		
Aðaldælahr.	261	23,3	8,9	4,9	14,2
Árneshreppur	48	55,8	15,3	7,8	27,3
Blönduósbaer	895	23	7,4	3,6	3,7
Breiðdalshr.	218	30,3	10	7,4	18,6
Dalabyggð	710	24,1	8,8	3,9	11,1
Djúpavogshr.	450	22,4	11,1	2,3	15,3
Fjallabyggð	2.188	23,1	11,1	5,1	9,4
Húnavatnshr.	451	19,6	9,6	1,2	20,5
Kaldrananeshr.	102	42	23,5	7,8	-5,8
Langanesb.	479	12,8	6,5	1,2	18,6
Norðurþing	2.970	12,6	7,4	2,2	3
Reykhólahr.	266	32,2	17,4	4,8	10,9
Skaftárh.	466	20,9	10,7	6,7	16,5
Skútustaðahr.	403	21,9	9,3	2,4	5
Strandabyggð	500	21,9	6,5	2	23,3
Svalbarðshr.	110	10,9	11,7	1,1	16,3
Sv.fél. Skagastr.	526	17,8	14	-1,4	3
Tálknafj.hr.	290	18,4	21,5	-1,7	8,6
Tjörneshreppur	60	31	13	12,6	22,2
Vestm.eyjar	4.040	17,2	8,6	0,8	8,3
Vesturbyggð	920	37,7	17,4	2,1	7,3
Pingeyjarsveit	681	22,7	5	4,6	11,2



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.


Til fræðslu- og uppeldismála er mestu varið í Reykhólahreppi, rúmlega 377 þúsund krónum á íbúa, en minnstu í Tjörneshreppi, rúmlega 167 þúsund krónum á íbúa, en landsmeðaltal eru tæpar 214 þúsund krónur á íbúa. Framlög sveitarfélagsins á íbúa til félagsþjónustu eru hæst í Fjallabyggð, rúmlega 65 þúsund krónur og lægstar í Árneshreppi, rúmlega 10 þúsund krónur á íbúa.

Dalabyggð ver mestu af sveitarfélögum til menningarmála, eða rúmlega 43 þúsund krónum á íbúa og Svalbarðshreppur minnstu, rúmlega 7 þúsund krónum á íbúa. Til æskulýðs- og íþróttamála ver

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Djúpavogshreppur mestu, rúmlega 120 þúsund krónum á íbúa, en minnstu er varið í Tjörneshreppi, 230 krónum á íbúa.

Skatttekjur á íbúa í þessum sveitarfélögum eru að jafnaði mun lægri en landsmeðaltal, en heildartekjur flestra þeirra eru yfir landsmeðaltali að teknu tilliti til framlags úr Jöfnunarsjóði. Útgjöld sveitarfélaganna til fræðslumála á íbúa, sem er langstærsti útgjaldaliðurinn, er hins vegar í flestum tilfellum langt yfir landsmeðaltali.



Byggðastofnun / Samband. ísl. svf.

Fyrirtæki og störf

Í sveitarfélögunum í úttektinni eru 2.342 fyrirtæki með 9.363 störf. Þar af eru 968 fyrirtæki í þjónustu með 2.713 störf og í landbúnaði og fiskveiðum eru 860 fyrirtæki með 1.952 störf. Fjöldi starfa í fiskvinnslu er 1.165 og í iðnaði eru 939 störf. Samtals eru 2.596 störf í opinberri stjórnslu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu í úttektinni.


Fjöldi og skipting fyrirtækja og starfa

Í maí 2007	Fyrirtæki	Störf
Fjöldi	2342	9363
Landb. og fiskv.	860	1952
Iðnaður	143	939
Fiskvinnsla	73	1165
Þjónusta	968	2713
Opinber stj.	96	509
Fræðslustarfsemi	126	1120
Heilb./ félagsþj.	76	967

Byggðastofnun/Atvinnuþróunarfélög

Hlutfallslega flest störf í sveitarfélögum í úttektinni eru í þjónustu, tæplega 30% á móti um 43% starfa í Reykjavík. Um 21% starfa eru í landbúnaði og fiskveiðum á móti 1% í Reykjavík. Í fiskvinnslu eru tæplega 12% starfa og í opinberri stjórnslu eru 5% starfa. Hlutfall starfa í fræðslustarfsemi er 12% og 10% í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Hlutfallsleg skipting starfa



Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Byggð og þjónusta

Raunvísindadeild Háskóla Íslands, land- og ferðamálafræðiskor, vann fyrir Byggðastofnun athugun á þjónustu í sveitarfélögunum sem hér um ræðir. Markmið þessarar athugunar var að kanna hvort framboð á þjónustu hafi áhrif á ákvarðanir fólks um búsetu. Tilgátur voru settar fram um að brottflutningur sé því meiri sem þjónustustig sé lægra og lengra til næsta stærri þjónustukjarna. Fjarlægð til Reykjavíkur skiptir ekki máli fyrir íbúapróun þeirra byggðarlaga sem

skoðuð voru, en þau eru öll utan áhrifsvæðis höfuðborgarinnar.

Upplýsingum var safnað um hvort tiltekna tegundir verslunar og þjónustu væru til staðar í byggðarlaginu, m.a. í samvinnu við atvinnuþróunarfélög og sveitarstjórnarmenn. Út frá þessum gagnagrunni var reiknað heildarþjónustustig fyrir hvert byggðarlag. Samtals var spurt um 60 atriði sem gátu gefið 100 stig að hámarki. Stigagjöfin byggist á huglægu mati þeirra sem unnu að verkefninu, en þeim 60 atriðum sem könnuð voru gefin mishá stig, t.d. fékk matvöruverslun á staðnum 6 stig, en bókaverslun 1 stig.

Á flestum stöðum með 1000 íbúa eða fleiri er sæmilega fjölbreytt framboð á þjónustu, um og yfir 80 stig samkvæmt forsendum verkefnisins. Gerðir voru fylgni- og aðhvarfsútreikningar fyrir samband þjónustustigs og íbúaþróunar, annars vegar fyrir tímabilið allt (10 ár) og hins vegar fyrir síðari hluta þess (5 ár), en í þjónustugreiningunni var miðað við tímabilið 1996-2006. Þjónustustig byggðakjarna er mjög háð íbúafjölda. Benda má á að þjónustustig og fjarlægð til næsta stærri þéttbýliskjarna eru ekki einu breytur sem áhrif hafa á ákvarðanir fólks um búsetu. Þar koma t.d. atriði eins og atvinnustig, laun, húsnæðismál, umhverfi og kröfur nútímans. Niðurstöður þessarar athugunar eru nokkuð afdráttarlausar; þjónustustig hefur áhrif á búsetu. Í ljós kom marktæk jákvæð fylgni milli þjónustustigs og íbúaþróunar í öllum sveitarfélögum, þ.e. að því hærra sem þjónustustigið er því minni hlutfallsleg fækkun íbúa hefur orðið á tímabilinu. Fylgnin var sterkari á síðari hluta tímabilsins. Hins vegar er samband aksturstíma til næsta stærri þjónustukjarna og íbúaþróunar ekki jafn sterkt.

Í þessari skýrslu er fjallað um þjónustu samkvæmt úrvinnslu Háskólans og stuðst við sömu flokkun. Þar eru tilgreindir fimm flokkar, verslun, menntun, heilbrigðisþjónusta, ræktun líkama og sálar og önnur þjónusta. Í flokknum „ræktun líkama og sálar“ er að finna hvers kyns afþreyingu en í flokknum „önnur þjónusta“ er ýmis þjónusta sem ekki fellur undir hina flokkana, svo sem þjónusta iðnaðarmanna, dýralæknis, lögfræðings, ýmis opinber þjónusta önnur en í hinum flokkunum, nettenging o.fl. Nánar má skoða þessa flokkun á bls. 9 í skýrslu HÍ.

Skýrslan er birt í heild sinni á heimasíðu Byggðastofnunar ásamt þessari skýrslu.


Samgöngur

Þegar fjallað er um vegalengdir í skýrslunni er notað sama viðmið og í þjónustukönnun Háskóla Íslands, þ.e. miðað við landfræðilega miðju viðkomandi sveitarfélags. Meðal vegalengd frá sveitarfélagi til Reykjavíkur í úttektinni eru 420 km. Meðal vegalengd frá sveitarfélagi í næsta stærri þéttbýliskjarna eru 142 km. Lengsta vegalengd til Reykjavíkur er rúmlega 600 km frá norð-austurhorninu og frá Breiðdalshreppi, en stysta vegalengdin er frá Dalabyggð, 153 km. Lengsta vegalengd til næsta stærri þjónustukjarna er rúmir 300 km frá sunnanverðum Vestfjörðum (þar sem Borgarnes er talinn næsti stærri þéttbýliskjarni), en styst var 14 km frá Tjörneshreppi og 18 km úr Húnavatnshreppi. Vestmannaeyjar og Árneshreppur hafa sérstöðu hvað varðar samgöngur, þar sem í öðru tilvikinu verður aðeins komist með flugi eða sjóleiðina, en í hinu síðara liggja vegasamgöngur niðri ef snjóalög eru mikil. Samgöngubætur eru mikilvægar fyrir viss svæði á landinu, t.d. vegabætur á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Það var því talsverð áhersla lögð á úrbætur í samgöngumálum í viðtölum við sveitarstjórnarmenn. Í sumum tilvikum er þegar verið að vinna að samgöngubótum eða að þær eru á áætlun.

Skólasókn á framhalds- og háskólastigi 2004-2006

Hlutfall unglinga 16-20 ára sem sækja framhaldsskóla með lögheimili í sveitarfélögum í úttektinni er 69-73% en unglinga á sama aldri í Reykjavík er hlutfallið 76-77%. Hlutfall þeirra sem eru á aldrinum 21-29 ára og stunda framhaldsnám með lögheimili í sveitarfélögum í úttektinni er 43-46% á móti 40-41% í Reykjavík. Af þessu má draga þá ályktun að skólasókn ungs fólks í þessum sveitarfélögum sé ekki lakari en í Reykjavík. Hins vegar ber að hafa í huga að sum þessara sveitarfélaga eru mjög fámenn, með allt niður í 48 íbúa, og aldursskipting skekkt, þannig að þar vantar í þennan aldurshóp.

Hlutfall nemenda af íbúafjölda



Hagvöxtur

Í útreikningum Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á hagvexti fyrir árin 1998-2005 kemur fram að hagvöxtur var mestur á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi, þar var hagvöxtur rúmlega 50%. Annars staðar var hagvöxtur undir landsmeðaltali, sem var 40% á tímabilinu. Á Vesturlandi var hagvöxturinn tæp 30%, en annars staðar var hann mun minni. Í tveimur landshlutum dróst hagvöxtur saman frá 1998-2005, á Vestfjörðum, um 3%, og Norðurlandi vestra, um 9%. Hagþróun var þó ekki hin sama innan landshlutanna.

Íbúáþróun bendir til þess að þrjú vaxtarsvæði séu á landinu. Eitt nær norðan frá Snæfellsnesi austur að Þjórsá. Annað vaxtarsvæði er á Akureyri og þar í grennd og þriðja vaxtarsvæðið er Mið-Austurland. Utan þessara þriggja svæða virðist framleiðsla víðast hvar dragast saman. Einmitt á þessum svæðum eru þau 22 sveitarfélög sem hér er fjallað um. Þjónusta skýrir mestan vöxt á höfuðborgarsvæðinu, og í öðrum landshlutum vex hún líka mikið. Á Austurlandi óx byggingarstarfsemi hins vegar langmest á tímabilinu en mun dragast saman aftur þegar framkvæmdum lýkur við virkjun og álver. Í öðrum landshlutum má gera ráð fyrir að vöxturinn verði varanlegri. Á Vesturlandi munar miklu um uppbyggingu stóriðju á Grundartanga. Á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi hefur sjávarútvegur dregist mikið saman og samdráttur í fiskvinnslu á Norðurlandi vestra vegur þungt. Þá vekur athygli að víða um land á stór hluti hagvaxtar rætur í opinberri starfsemi.

Núverandi staða og möguleikar

Styrkleikar

Það sem helst er tilgreint sem styrkleiki í sveitarfélögum 22 eru atriði eins og náttúrufergurð, mikið landrými, kyrrð og ró, góð samstaða, samkennd og virkni íbúa og mikill frumkvöðlaandi. Einstakir frumkvöðlar geta áorkað miklu og beint athygli að heimasvæðum sínum, eins og t.d. gerðist í Strandabyggð. Víða er lögð áhersla á fjölgun ferðamanna sem styrkleika svæðis. Góðar samgöngur eða hagstæð landfræðilega lega er talið til styrkleika og sú stefna einstakra sveitarfélaga að skapa samfélag sem taki mið af börnum og unglingum.

Veikleikar, ógnanir

Oftast eru nefnd atriði eins og neikvæð íbúáþróun og einhæft atvinnulíf þegar rætt er um veikleika. Það skortir tækifæri til menntunar og atvinnutækifæri fyrir langskólagengna. Unglingarnir fara að heiman til náms, alfarnir og stundum flytur þá öll fjölskyldan. Einnig er víða minnst á slæmar samgöngur, lélegar nettengingar og skort á gsm-sambandi. Sums staðar er talað um slæma stöðu sveitarfélags, slæma stöðu í sjávarútvegi, jafnvel áföll, slæma stöðu landbúnaðar, skort á vinnuafli, sérstaklega á iðnaðarmönnum, skort á húsnæði, eða þá að húsnæði stendur autt og fasteignamarkaður er lélegur. Verslun er einnig í hættu sums staðar og vöruverð hátt. Víða er óánægja með byggðaaðgerðir eins og stóriðjuframkvæmdir og vaxtarsamninga. Þannig þykja t.d. aðgerðir á Vestfjörðum ekki hafa skilað sér til Stranda eða í Reykhólahrepp og stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi ekki hafa skilað árangri í Breiðdalshreppi eða Djúpavogshreppi.

Tækifæri

Þegar skoðuð eru tækifæri til eflingar í þessum 22 sveitarfélögum er ferðaþjónusta oftast nefnd. Ekki hvað síst tækifæri í menningartengdri ferðaþjónustu sem um leið gefur íbúum sveitarfélagsins tækifæri til að skoða sérstöðu samfélagsins og markaðssetja hana. Einnig tækifæri tengd sérstæðri náttúru, siglingum skemmtiferðaskipa, heilsutengdri ferðaþjónustu o.fl. Í öðru lagi má nefna tækifæri tengd samgöngubótum, t.d. vegi um Arnkötludal, sem skapar tækifæri bæði á Ströndum og í Dalabyggð. Samgöngur eru einnig nefndar sem forsenda annarra tækifæra. Sama má

segja um bætta háhraðatengingar. Orkunýting er einnig tækifæri og nýting auðlinda almennt. Stóriðja er oft nefnd sem tækifæri, sérstaklega í Þingeyjarsýslum og á sunnanverðum Vestfjörðum. Þá er víða talað um að byggja á því sem fyrir er, þ.e. frumvinnslugreinunum sjávarútvegi og landbúnaði. Frekari sameining sveitarfélaga er einnig nefnd sem forsenda tækifæra og aukin úrræði í menntamálum, t.d. að fá nýjan framhaldsskóla eða bekkjardeildir framhaldsskóla, eða að efla háskóla- og rannsóknastarf.

Heimildir

Listi yfir viðmælendur eftir sveitarfélögum

Aðaldælahreppur: Ólína Arnkelsdóttir oddviti, viðtal 18. október 2007.

Árneshreppur: Oddný S. Þórðardóttir oddviti, Guðlaugur Ingólfur Benediktsson, Eva Sigurbjörnsdóttir, fulltrúar í hreppsnefnd og Bjarnheiður Fossdal, formaður atvinnumálanefndar, viðtal 9. maí 2007.

Blönduósþæ: Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri, viðtal 12. september 2007.

Breiðdalshreppur: Páll Baldursson, sveitarstjóri, viðtal 22. ágúst 2007.

Dalabyggð: Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri, viðtal 20. júlí 2007.

Djúpavogshreppur: Björn Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri og Andrés Skúlason, oddviti, viðtal 22. ágúst 2007.

Fjallabyggð: Þórir Kristinn Þórisson, sveitarstjóri, viðtal 13. ágúst 2007.

Húnavatnshreppur: Jens Pétur Jensen sveitarstjóri, viðtal 24. september 2007.

Kaldrananeshreppur: Jenný Jensdóttir, oddviti, Sunna J. Einarsdóttir, Óskar A. Torfason, Guðbrandur Sverrisson, fulltrúar í sveitarstjórn, viðtal 10. maí 2007.

Langanesbyggð: Björn Ingimarsson sveitarstjóri, viðtal 30. nóvember 2006.

Norðurþing: Bergur E. Ágústsson sveitarstjóri, viðtal 17. október 2007.

Reykholahreppur: Óskar Steingrímsson sveitarstjóri og Karl Kristjánsson fulltrúi í sveitarstjórn, viðtal 20. júlí 2007.

Skaftárhreppur: Bjarni Daníelsson sveitarstjóri og Jóna Sigurbjartsdóttir oddviti, viðtal 24. september 2007.

Skútustaðahreppur: Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri, viðtal 11. desember 2007.

Strandabyggð: Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri, viðtal 10. maí 2007.

Svalbarðshreppur: Ragnar Skúlason oddviti, viðtal 17. október 2007.

Sveitarfélagið Skagaströnd: Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri, viðtal 12. september 2007.

Tálknafjarðarhreppur: Eyrún I. Sigþórsdóttir oddviti, viðtal 29. ágúst 2007.

Tjörneshreppur: Jón Heiðar Steinþórsson oddviti, viðtal 16. október 2007.

Vestmannaeyjabær: Elliði Vignisson, bæjarstjóri, viðtal 12. október 2007.

Vesturbyggð: Ragnar Jörundsson bæjarstjóri, viðtal 29. ágúst 2007.

Pingeyjarsveit: Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri, viðtal 11. desember 2007.

Viðtal við Per A. Jenssen ráðgjafa hjá Innovasjon Norge í Oslo, 12. nóvember 2007.

Ritaðar heimildir

„Áhersluatriði frá Reykhólahreppi í styrkingu byggðar á Vestfjörðum með aðkomu ríkisvaldsins“, 22. mars 2007, úr bréfasafni Reykhólahrepps.

„Distriktspolitisk virkeområde for Norge 2006“, www.regjeringen.no/nb/dep/krd

Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni, Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2003.

Hagvöxtur landshluta 1998-2005, Byggðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands ágúst 2007.

Karl Benediktsson og Hjalti Nielsen, *Búseta og þjónusta*, Háskóli Íslands, janúar 2008.

„Mótvægisáðgerðir fyrir Vestmannaeyjar“, Vestmannaeyjabær 24. ágúst 2007.

„Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar í þorskafla“, www.fjarmalaraduneyti.is

„Oulu. Center of Expertise-verkefnið í Finnlandi“, óútgífið, Byggðastofnun 2003.

PLP Prosjektlederprosess. Fra ide til resultat, Innovasjon Norge, ekkert ártal.

Skýrsla nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum, forsætisráðuneytið apríl 2007.

„Rikt mangfold i nord. Om tiltakssonen i Finnmark og Nord-Troms“, St.meld.nr.8 (2003-2004), www.regjeringen.no

Sigríður K. Þórgrímsdóttir, *Velferðarþjónusta í dreifbýli. Skýrsla nefndar félagsmálaráðherra um velferðarþjónustu í dreifbýli*, félagsmálaráðuneytið og Byggðastofnun 2006.

Skýrsla nefndar um flutningskostnað, samgönguráðuneytið, janúar 2003.

Vaxtarsamningur Austurlands. Tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi Austurlands, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið júlí 2006.

Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðis til aukinnar samkeppnishæfni, sóknar og alþjóðatengsla. Tillögur verkefnisstjórnar um byggðáætlun fyrir Eyjafjörð, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið mars 2004.

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra. Tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi Norðurlands vestra, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið júlí 2006.

Vaxtarsamningur Suðurlands. Tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi Suðurlands, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið apríl 2006.

Vaxtarsamningur Vestfjarða til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar. Tillögur verkefnisstjórnar um byggðáætlun fyrir Vestfirði, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið janúar 2005.

Vaxtarsamningur Vesturlands. Tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi Vesturlands, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið júlí 2006.

Veiledningshefte i omstillings- og nyskappingsarbeid, Innovasjon Norge, ekkert ártal.

Án titils; greinargerð þróunarsviðs Byggðastofnunar um flutningskostnað, 2004. Óútg.

Heimasíður:

www.byggdastofnun.is

www.hagstofan.is

www.innovasjon norge.no

www.regjeringen.no

www.samband.is - heimasíður sveitarfélaga

www.stjr.is - heimasíður ráðuneyta

www.tiltakssonen.net

Yfirlit nokkurra byggðaaðgerða á Íslandi og í Noregi

Inngangur

Í þessum kafla er sagt frá vaxtarsamningum og frá mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar sem gripið var til vegna niðurskurðar á þorskveiðiheimildum árið 2007. Einnig er sagt frá tilteknum byggðaaðgerðum í Noregi, annars vegar nyrst og hins vegar áætlan sem ætlað er að mæta tilteknum vandamálum svæða. Þá er einnig fjallað um jöfnun flutningskostnaðar. Ekki er ætlunin að gefa yfirlit yfir eða gera grein fyrir öllum byggðaaðgerðum, eða stoðkerfinu í heild sinni, hvorki á Íslandi né í Noregi. Hugmyndin er miklu fremur sú að gefa svolitla innsýn inn í hinn mikla byggðastuðning sem norsk stjórnvöld veita og bera saman við tilteknar íslenskar byggðaaðgerðir, vonandi til fróðleiks og hugleiðinga fyrir lesandann.

Víða í nágrannalöndum okkar hefur dregið úr miðstýringu ríkisvaldsins varðandi stefnumótun, ákvarðanatöku og aðgang að fjármagni til atvinnuþróunar á ákveðnum landsvæðum. Stjórnýsla í héraði hefur því víða fengið aukið vægi og almennt er viðurkennt að þáttur íbúa í stefnumótun hvað varðar atvinnu- og búsetuþróun eigi að vera stór.

Með hugtakinu byggðastefna er vísað til stefnumörkunar um stuðning hins opinbera við samfélög í dreifbýli og jaðarbyggðum, sem standa höllum fæti í samkeppni við önnur svæði vegna efnahags- eða félagslegs aðstöðumunar, sem ekki er álitinn réttlætanagerur. Byggðastefna byggir á þeirri forsendu að eðli og umfang vanda sem steðjar að dreifbýli og jaðarbyggðum sé metinn sem og þær auðlindir sem mestu máli skipta fyrir langtímaþróun þessara svæða.

Áherslur í byggðamálum hafa verið að breytast á undanförunum árum. Bæði Efnahagssamvinnustofnunin (OECD) og Evrópusambandið (ESB) hafa í stefnumörkun sinni lagt áherslu á aðgerðir sem geta styrkt jaðarbyggðir í fjölbjóðlegu markaðsumhverfi. Byggðastefna nútímans beinist í vaxandi mæli að þessum þáttum:

- Að virkja íbúa til sóknar með nýjum tækifærum sem byggja á hagnýtingu auðlinda.

- Að bæta samkeppnishæfni atvinnulífs til lengri tíma litið.
- Að efla nýsköpun og auka fjölbreytni atvinnulífs.
- Að auka verðmæti og gæði vöru og þjónustu.
- Að styðja aðferðir sem uppfylla strangar kröfur um verndun umhverfisins.

Í stað þess að beina sjónum að einni atvinnugrein umfram aðra, er áhersla lögð á tiltekin svæði og þá möguleika sem umhverfi þeirra og menningararfur skapa.

Ísland

Vaxtarsamningar

Undanfarin fjögur ár hafa verið gerðir svokallaðir vaxtarsamningar um allt land, nú síðast á Norðurlandi vestra og í Þingeyjarsýslum og samningur fyrir Eyjafjarðarsvæðið endurnýjaður, en sá fyrri var einmitt fyrsti vaxtarsamningurinn, gerður 2004. Gerðir hafa verið sjö vaxtarsamningar, auk endurnýjunar Eyjafjarðarsamningsins. Hér er ætlunin að lýsa í stuttu máli hugmyndafræðinni að baki vaxtarsamningum.

Við gerð vaxtarsamninganna var samstarf og ráðgjöf leiðarljósið, samstarf einkaaðila og hins opinbera, dreifbýlis og þéttbýlis. Lögð var áhersla á nýjungar í byggðamálum og erlenda ráðgjöf með áherslu á sérstöðu og styrkleika svæðisins, á samkeppnishæfni og starfsskilyrði og á alþjóðleg tengsl. Vaxtarsamningarnir gilda í þrjú til þrjú og hálf ár og eiga að endurskoðast við lok gildistímans. Framkvæmdin skyldi vera út frá uppbyggingu kjarna með klasafyrirkomulagi (clusters). Mikil áhersla er á uppbyggingu klasa sem meginkjarna í starfinu. Ekki er ætlunin að fara frekar út í hugmyndafræði klasa í þessum kafla, en vísað í skýrslurnar með vaxtarsamningunum til frekari fróðleiks (vaxtarsamningar eru taldir upp í heimildaskrá aftast í þessari skýrslu).

Einkenni vaxtarsamninga er sameiginleg stefnumörkun fyrir „vaxtargreinar“, samstarfsnet „helstu aðila“ á svæðinu og vaxtarklasar auk stuðningsverkefna. Markmiðið með starfinu er m.a. að auka samkeppnishæfni og hagvöxt, þróa og styrkja vaxtargreinar, efla svæðisbundna þekkingu, nýta

möguleika sem tengjast alþjóðlegum verkefnum og laða að fjárfestingu og þekkingu. Aðilar að samningnum voru ríki, sveitarfélög, atvinnulíf og stofnanir. Meginverkefnið er skilgreint þannig: „að stuðla að uppbyggingu klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum“. Fjármagn til samninganna skyldi koma frá hinu opinbera og frá einkageiranum. Heimaaðilar, þ.e. sveitarfélög, stofnanir og einkageirinn á svæðinu, skyldu smám saman taka við kostnaðinum. Vaxtarsamningar hvíla á þremur meginstoðum; hagstæðu starfsumhverfi og góðum samgöngum, framkvæmd tillagna og alþjóðlegum samskiptum og stoðstarfsemi við atvinnulíf.

Í skýrslu með vaxtarsamningi fyrir Vesturland árið 2006 er samstarfsneti lýst þannig að það sé milli háskóla- og rannsóknarstofnana, ráðgjafa- og vísindagarða séu þeir til staðar, atvinnulífs, svæðastofnana, fjármálafyrirtækja, ríkis, bæja og sveitarfélaga. Þessir aðilar leggi fram þekkingu, vísindi, verkefnastjórnun, viðskipti, uppbyggingu innviða og fjármagn. Með þessu samstarfi sé mögulegt að móta samræmdari stefnu til að auka samkeppnishæfni og vöxt í atvinnulífi og efla svæðið.

Í nýjustu vaxtarsamningunum er form klasasamstarfsins ekki eins fast og í þeim fyrri.

Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar

Í september 2007 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um mótvægisáðgerðir vegna samdráttar í aflamarki þorsks. Alls skyldi verja 11 milljörðum króna til aðgerðanna, sem að hluta felast í verkefnum sem þegar voru á dagskrá en var þá flýtt, t.d. hvað varðar samgöngumál. Aðgerðirnar skyldu ýmist hafa bein áhrif strax eða til lengri tíma litið. Helstu þættir mótvægisáðgerðanna:

- Framkvæmdir við endurbætur og viðhald fasteigna og mannvirkja í eigu ríkisins.
- 750 m.kr. til að bæta sveitarfélögum upp tekjutap vegna aflasamdráttar.
- Aukið námsframboð í framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum með stofnun þróunarsjóðs (200 m.kr.).
- Aukin fjárveiting til Vinnumálastofnunar til að mæta auknu atvinnuleysi (60 m.kr.).
- Styrkveitingar til atvinnumála kvenna (40 m.kr.) og til Brautargengis á vegum Impru (20 m.kr.).

- Efling Fjölmenningsseturs (58 m.kr.).
- Aukið fjármagn til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til að manna fjögur stöðugildi á Höfn og í Vestmannaeyjum.
- Níu verkefni til tækjakaupa og fjölgunar starfa við Háskólasetrið í Vestmannaeyjum, Hafrannsóknastofnun á Ólafsvík, Mátis á Höfn, Versins á Sauðárkróki, Mátis og Háskólann á Hólum, rannsókn á eldi sjávardýra á Patreksfirði, Háskólasetur í Bolungarvík, Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd, Sjávarrannsóknasetur á Ólafsvík og Háskólasetur í Stykkishólmi (20 m.kr.).
- Tveir nýir starfsmenn frumkvöðla- og háskólaseturs á Höfn, m.a. vegna Vatnajökulspjöldgarðs (32 m.kr.).
- Aukið svigrúm fiskvinnslufyrirtækja til að halda starfsmönnum á launaskrá (200 m.kr.).
- Aukin starfsemi atvinnuþróunarfélaga með því að veita styrki til atvinnuþróunar og nýsköpunar (200 m.kr.).
- Tveir nýir vaxtarsamningar (180 m.kr.), á Norðvestur- og norðausturlandi, auk þess sem vaxtarsamningur fyrir Eyjafjörð var endurnýjaður.
- Styrking framhaldsnáms á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Vestmannaeyjum, Austur-Skaftafellssýslu og að flýta fyrir nýjum skóla við utanverðan Eyjafjörð (364 m.kr.).
- Grunn- og endurskráning skjala og stafræn gerð manntala á vegum Þjóðskjalasafns Íslands í samstarfi við héraðsskjalasöfn á Ísafirði, Sauðárkróki og Húsavík (240 m.kr.).
- Stuðningur við ferðaþjónustu (160 m.kr.) og sérstakur stuðningur við flugsamgöngur við Vestmannaeyjar (36 m.kr.).
- Tenging Ísafjarðardjúps við raforkukerfi annarra landshluta með 160 m.kr. framlagi Orkubús Vestfjarða.
- Jarðhitaleit víða um land, m.a. á Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurlandi og Austfjörðum (150 m.kr.).
- Aflétting lána Byggðastofnunar við ríkissjóð þannig að stofnunin fái svigrúm til að aðstoða sjávarútvegsfyrirtækin (1.200 m.kr.).
- Framkvæmdum í vegamálum flýtt (6.140 m.kr.).
- Lenging Akureyrarflugvallar (700 m.kr.).
- Aukinn hraði í uppbyggingu fjaraskiptakerfa.

Jöfnun flutningskostnaðar

Árið 2003 skilaði nefnd á vegum samgönguráðherra skýrslu um flutningskostnað. Í framhaldi þeirrar vinnu var Byggðastofnun falið að vinna áfram að málinu og m.a. að meta styrkpörf. Stofnunin lagði fram greinargerð og tillögur um jöfnun flutningskostnaðar, en hún var unnin fyrir iðnaðarráðherra og kynnt í ríkisstjórn. Ekki varð af framkvæmd þeirra tillagna.

Niðurstöður nefndarinnar frá 2003 voru m.a. þær að taka ætti upp flutningsstyrki til atvinnugreina sem ættu undir högg að sækja vegna staðsetningar og yrði styrkurinn ákveðið hlutfall kostnaðar og eftir ákveðnum skilgreiningum. Í tillögum Byggðastofnunar er gert ráð fyrir tveimur endurgreiðsluprósentum til framleiðslufyrirtækja sem fari eftir flutningsvegalegd, annars vegar a.m.k. 150 km og hins vegar yfir 400 km. Í greinargerðinni er m.a. bent á að sjóflutningar hafi lagst af og í dag berist innfluttar vörur í höfn í Reykjavík og fari þaðan landleiðina. Svæðalegur mismunur á flutningskostnaði hefur einnig aukist á undanfórnum árum. Hann er í öllum tilvikum hærri fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og jafnvel sem nemur mörg hundruð prósentum. Dæmi eru um að þetta hafi leitt til þess að fyrirtæki hætti starfsemi eða flytji hana til höfuðborgarsvæðisins. Lagt var til að tekin yrði upp niðurgreiðsla á hluta flutningskostnaðar til að sporna við þessari þróun, mishá eftir flutningsvegalegd. Þessi niðurgreiðsla yrði á þeim svæðum sem væru í yfir 150 km fjarlægð frá Reykjavík og væru á þeim svæðum þar sem byggðastyrkir væru heimilir samkvæmt ESA kortinu. Endurgreiðslur skyldu nema 25% af flutningskostnaði í öðru tilvikinu, en 30% í hinu og ná til svæða í 400 km fjarlægð eða lengra frá Reykjavík. Nokkrar atvinnugreinar gætu ekki notið flutningsstyrkja, eða landbúnaður, sjávarútvegur, fiskeldi, stóriðja, verslun (þar sem eingöngu væri um framleiðslufyrirtæki að ræða) og þær greinar sem þegar byggju við flutningsjöfnun, sem eru sementsframleiðsla og olíudreifing. Þessum aðgerðum var ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtæki á landsbyggðinni flytji starfsemi sína á brott, fremur en að fá fyrirtæki til að flytja á svæðin. Nefndin hafði sambærilegar aðgerðir í Svíþjóð og Noregi til fyrirmyndar. Í greinargerð Byggðastofnunar kemur fram að endurgreiðsla flutningskostnaðar þyki sanngjarnasti byggðastyrkurinn í Svíþjóð.

Norska ríkið hefur veitt styrki vegna viðbótarflutningskostnaðar til fyrirtækja í nyrstu héruðum Noregs, Finnörku, Troms, Nordland og

Nyrðri-Þrændalögum. Fyrirtækin sækja um styrk til sveitarfélaganna og hámarksstyrkur er 35% af heildarflutningskostnaði og nær til flutninga á lofti, láði og legi. Slíkar niðurgreiðslur ná mun lengra aftur í Svíþjóð og náði upphaflega eingöngu til landflutninga. Ákveðnar takmarkanir voru á þessum styrkjum og þeir bundnir ákveðnum atvinnugreinum og miðað var við flutning á vörum sem sköpuðu virðisauka á svæðunum. Eftirlitsstofnun EFTA veitti undanþágu vegna þessara styrkja til ársloka 2006. Norðmenn breyttu fyrirkomulaginu frá 1. janúar 2007 með samþykki ESA um stækkað svæði vegna styrkja til niðurgreiðslu flutningskostnaðar. Forsendur styrkja vegna flutningskostnaðar eru þrenns konar: hár flutningskostnaður við flutninga á vörum framleiddum á mjög strjálbýlum svæðum (færri en 12,5 íbúar á hverjum ferkílómetra), gera þarf grein fyrir kostnaðarauka og ekki er hægt að styrkja útflutning. Alls nær svæðið til 54 sveitarfélaga í átta fylkjum.

Noregur

Opinbert markmið norskrar byggðastefnu er að halda öllu landinu í byggð. Áhersla er lögð á valfrelsi einstaklinga til að velja sér búsetu. Mikilvægt er talið að nýta landið og auðlindir þess og ná fram aukinni verðmætasköpun. Forsendan er að til staðar sé næg og fjölbreytt atvinna, sterk samfélagsgerð og fjölbreytt þjónusta. Áhersla er lögð á að dreifbýlissvæði Noregs taki þátt í sérstökum átaksverkefnum með það að markmiði að efla byggð.

Sérstakt átak (tiltakssonen) í Finnörku og Norður-Troms

Hér er gerð grein fyrir aðgerðum ríkisvaldsins í Finnörku og Norður-Troms, sem kallast „tiltakssonen“ (tiltak = framtak, frumkvæði). Markmiðið er m.a. að vernda sérstöðu og fjölbreytileika svæðisins, en þar var meira og minna viðvarandi fólksfækkun og atvinnuleysi frá um 1980. Á 9. áratugnum var farið að ræða um mótvægisáðgerðir með áherslu á langtímaáhrif aðgerða. „Tiltakssonen“ varð til um 1990 með ákvörðun Stórþingsins. Aðgerðirnar skiptast í þrjá hluta:

1. Lækkun kostnaðar fyrir fyrirtækin á svæðinu, til styrktar atvinnulífi.
2. Aðgerðir sem miðast við einstaklinga, til að stöðva fólksflóttu og fjölga íbúum.

3. Breytingar á lögum og reglum til að auðvelda stofnun fyrirtækja og auka vöxt í atvinnulífi.

Aðgerðirnar felast í eftirfarandi atriðum:

- Afnámi/undanþágu tryggingagjalds
- Niðurfellingu/lækkun á endurgreiðslu námslána
- Lækkun á raforkugjaldi
- Lækkun á tekjuskatti
- Hækkun barnabóta (umfram aðra)
- Launagreiðslu til leikskólakennara (viðbótargreiðsla umfram aðra)

Meginmarkmið aðgerðanna var m.a. að gera svæðið aðlaðandi til búsetu og sem atvinnusvæði og til stofnunar fyrirtækja. Áhrif aðgerðanna urðu mikil fyrst í stað með fjölgun starfa og íbúa fram til 1995, þá fór íbúum að fækka á ný. Konur eru færri en karlar og heilt yfir er samfélagið yngra en landsmeðaltal, en sé nánar skoðað eru fámennustu héruðin aldurs skekkt með hátt hlutfall aldara. Miðsvæðin og samahéruðin eru ung samfélög og lækka meðaltalið. Konur eru meira menntaðar en karlar (fremur í störfum sem krefjast menntunar). Einkenni á svæðinu eru smá fyrirtæki, lág laun og fábreytt atvinnulíf. Hluti Norður-Troms og strandhéruð Finnmerkur eru fyrst og fremst sjávarútvegssvæði. Sjávarútvegur hefur hins vegar staðið höllum fæti. Störf í ýmsum þjónustugreinum, bankastarfsemi, rannsóknageira eru mun færri á þessu svæði en annars staðar í Noregi. Þar er hátt hlutfall smárra fyrirtækja m.v. önnur svæði og fá stór fyrirtæki. Einkennandi fyrir búsetu þessara svæða eru þéttbýliskjarnar þar sem langt er á milli og því erfitt að stækka atvinnusvæði.

Ýmsar breytingar voru gerðar á áætluninni 2004, m.a. í þá veru að auka samkeppnishæfni og nýsköpun, örva nýsköpun fyrirtækja og samhæfa aðgerðir í byggðamálum. M.a. skyldi áfram haldið með undanþágu frá tryggingagjaldi og aðgerðum sem koma einstaklingum til góða, efla nýsköpun og samstarf og tryggja grunnþjónustu.

Við mat á árangri var það niðurstaða norskra stjórnvalda að halda eigi áfram með undanþágu frá tryggingagjaldi, það gefi svæðinu aukið forskot í samkeppnisstöðu og styrki það. Sömuleiðis að halda áfram niðurgreiðslu orkukostnaðar þrátt fyrir að ESA sé mótfallið slíkum aðgerðum og að þessi aðgerð hafi verið gagnrýnd. Ýmis vandamál fylgja því að lækka tekjuskatt, engu að síður telja stjórnvöld það áhrifaríka aðgerð og eigi því að halda henni áfram. Sama má segja um niðurgreiðslu námslána, sú aðferð hafi reynst

vel og því beri að halda henni áfram og auka niðurgreiðslurnar. Stjórnvöld telja einnig að viðbótar barnabætur geti aukið líkur á stöðugleika í búsetu og eigi því að halda áfram þeirri aðgerð. Sama má segja um auka launagreiðslur til forskóla(leikskóla)kennara, enda hafi sú aðgerð haft mikil áhrif á sínum tíma, þótt hún hafi einnig verið gagnrýnd. Erfitt er að meta áhrif aðgerðanna til fulls, vegna þess að ómögulegt er að segja hvernig þróunin hefði orðið ef *ekki* hefði verið gripið til aðgerða. Íbúapróun svæðisins er svipuð og almennt í Norður-Noregi, en samt „vægari“, sem bendir til þess að aðgerðirnar hafi haft áhrif. Fleiri þættir hafa áhrif, t.d. hagsveiflur og þróun á vinnumarkaði. Háskólamenntuðum og fagmenntuðum fjölgaði á svæðinu eftir að átakið hófst, og eru að miklu leyti aðfluttir. Mestur hreyfanleiki er í hópi ófaglærðra. Má benda á að niðurgreiðsla námslána kemur þeim ekki til góða. Undanþága frá tryggingargjaldi hefur haft talsverð áhrif og fjölgað störfum og einnig haft hliðaráhrif. Þessi aðgerð er sú sem er talin best heppnuð.

Regional omstilling

Regional omstilling (mætti útleggjast sem „svæðisbundin uppstokkun“, en „omstilling“ getur haft merkingu eins og „aðlögun“ eða „endursköpun“ o.fl. í þeim dúr) er byggðaaætlun sem er á ábyrgð fylkjanna og sveitarfélaganna, en með aðkomu ríkisins og Innovasjon Norge, eða norsku nýsköpunarmiðstöðvarinnar, hér eftir skammstafað IN. Regional omstilling er ein af mörgum byggðaaætlunum í Noregi. Áætlunin rekur upphaf sitt til tillagna nefndar frá 1983 um opinberar aðgerðir í því skyni að hvetja til stofnunar nýrra og ábatasamra fyrirtækja með aðlögun og nýsköpun sem lykilhugtök til umbóta í atvinnulífi, samfélögum og svæðum. IN hefur verið umsjónaraðili þessa starfs frá 1992, en 65 sveitarfélög/svæði hafa gengið í gegnum slíka áætlun og hefur um 2 milljörðum norskra króna verið ráðstafað. Árið 2007 tóku um 30 sveitarfélög þátt í slíkri áætlun. Fjárhagsramminn það ár var 72 milljónir norskra króna frá KRD (byggðamálaráðuneytinu) og 8 milljónir norskra króna til IN sem það deilir til verkefna.

Svæðið getur verið allt frá einu sveitarfélagi til fylkis. Áætlunin er að hámarki til sex ára og er ætluð svæðum sem standa frammi fyrir alvarlegum vandamálum, svo sem fábreytni í atvinnulífi og því að verið er að leggja niður grundvallarfyrirtæki á staðnum. Markmiðið er að styrkja atvinnulíf með því að stofna ný og ábatasöm

fyrirtæki og auka verðmætasköpun og fjölbreytni og möguleika fyrir bæði kynin. Skoða á samfélagið í víðu samhengi, m.a. þjónustu sveitarfélagsins við atvinnulífið. Opinber eignaraðild er mikilvæg og sömuleiðis að tengja atvinnulífið inn í átakið auk sveitarfélagsins. Höfuðábyrgðin verður að liggja hjá heimamönnum. Starfið þarf að byggjast á viðtækri þátttöku og virkni á hinum ýmsu sviðum – og styrkri stjórn. Upplýsingaflæði frá stjórn átaksins til sveitarfélagsins, atvinnulífsins, fjölmiðla og íbúanna þarf að vera gott.

Áhersla er á nýsköpun í víðu samhengi, á árangri strax og á langtímamarkmið í samstarfi hins opinbera og atvinnulífsins. Markmiðin mega ekki vera of almenn og endanlegt markmið er að skapa fleiri störf og auka arðsemi fyrirtækja. Það á að rétta af stefnuna ef þarf, en árlegt eftirlit er með áætluninni. Þótt stefnumótun sé fylgt eftir þá er hún rammi, hún má ekki vera til að drepa niður góð verkefni með of stífum reglum.

Á vegum IN starfa um 10 manns víðsvegar um Noreg að þessari áætlun, þar af tveir eða þrír á aðalskrifstofunni í Oslo. PLP (námskeið o.fl.) er framlag IN til að tryggja gæði verkefna og árangur og minnka áhættu. Hlutverk IN er m.a. ráðgefandi og leiðbeinandi og eftirfylgni (gæðastýring). Fylkið ber ábyrgð á stefnumótun og á að fylgjast með byggðapróun og meta þörf á og afgreiða umsóknir um stuðning. Fylkið ákveður rammann um áætlunina og fjárhag.

Áætluninni er skipt í fjögur stig:

1. Greining, 3-4 mánuðir. Fylkið ber ábyrgð og lætur framkvæma. Greina á hvort svæðið uppfylli skilyrði til að áætlunin fari í gang.
2. Stefnumótun, 6-8 mánuðir. Tekur við ef svæðið hefur uppfyllt skilyrði og áætlun samþykkt. Gera á þróunaráætlun fyrir tímabilið og setja saman stjórn fyrir áætlunina. IN hefur eftirlit/umsjón. Þróunaráætlun/stefnumótun þarf að fá samþykki fylkisstjórnar.
3. Framkvæmdastig, allt að 6 ár. Áætlun/stefnumótun framfylgt gegnum átök/verkefni. Ábyrgðin er heimamanna (sveitarfélaga).
4. Lokastig. Áður en tímabili áætlunar lýkur á að liggja fyrir áætlun um framhaldið og eigi síðar en 2 árum áður en tímabili lýkur. Við lok áætlunar á svæðið að reka þróunarstarf án utanaðkomandi aðstoðar og atvinnulífið á að hafa skýran ramma að starfa eftir.

Greining skal taka mið af þróun síðustu 10 ára, íbúapróun, þróun starfa, menntunar o.fl., spá um áframhaldandi þróun. Stefnumótun, annað stig, byggir á SVÓT-greiningu, skilgreind stefnumál, fjárhagsrammi, ábyrgð og umboð. Það þurfa að vera mælikvarðar eða mat á árangri. Svæðið á að leggja fram 25% kostnaðar, en fylkið 75%. Á sex ára framkvæmdastiginu skal áætlunin metin árlega og tekin ákvörðun um framhaldið á grundvelli þess mats. Fyrir þarf að liggja áætlun um hvernig á að meðhöndla umsóknir, um eftirfylgni, mat á verkefnum og verkefnislok og – framhald. Eigi síðar en tveimur árum fyrir lok áætlunar á að liggja fyrir áætlun um framhaldið.

Á lokastiginu metur IN árangur ásamt stjórn áætlunarinnar. Lokamat er m.a. byggt á spurningakönnun meðal fyrirtækja á svæðinu sem áætlunin nær til. Eftirfylgni byggist á svörum við þessum spurningum:

- Hvaða hæfni hefur orðið til sem er þess virði að verði framhald á?
- Hvaða árangurskröfur er mikilvægt að halda áfram með?
- Hverjir eru viðskiptavinirnir, hvaða svæði eru þetta?
- Hvaða skipulag hentar?
- Hvað gerist ef ekki verður framhald á?

Mikilvægir þættir við lok áætlunar eru að sveitarfélagið sé fært um að halda þróunarvinnu áfram eftir að tímabili lýkur, að það hafi virkjað atvinnulíf, hið opinbera og frumvinnslugreinar til þátttöku og að sveitarfélagið hafi not af verkefninu í frekara starf til þróunar atvinnulífs. Í framhaldinu þarf atvinnulífið að taka við ábyrgðinni af stoðkerfinu. Það er mikilvægt að tapa ekki þeirri þekkingu, reynslu og samstarfsneti sem mótaðist á áætlunartímabilinu, heldur nýta áfram á svæðinu.

Eiga þessar aðgerðir eitthvað sameiginlegt?

Hvert sækjum við fyrirmyndir að vaxtarsamningum og mótvægisaðgerðum – eða eru þetta e.t.v. séríslenskar aðgerðir? Það er ljóst að ein meginfyrirmynd vaxtarsamninga er uppgangur atvinnulífs í Oulu í Finnlandi og þær aðgerðir sem þar liggja til grundvallar. Það er kannski ekki sagt með berum orðum í skýrslum um vaxtarsamninga, en þó er Finnland nefnt af og til og skyldleikinn augljós þegar grannt er skoðað.

Uppbyggingin í Oulu í Finnlandi er m.a. byggð á áætlun er kallast Center of Expertise og er reyndar nefnt í einhverjum vaxtarsamninganna (t.d. áðurnefndum vaxtarsamningi fyrir Vesturland, bls. 11), þar sem stefnt er að myndun „þekkingarkjarna“, eða Center of Expertise. Þessi áætlun hófst í Finnlandi árið 1994 og hafði að markmiði að nýta sérstöðu svæða og byggja upp samskiptanet milli svæða. Nýta átti tækni og þekkingu til að stuðla að stofnun fyrirtækja og ná settum markmiðum í byggðamálum, stuðla að uppbyggingu þekkingariðnaðar og efla tækifæri á alþjóðamörkuðum. Settar voru upp nokkrar miðstöðvar um landið.

Borgin Oulu er stærsta borgin í norðanverðu Finnlandi og sjötta stærsta borg Finnlands og var fyrsta og fremst iðnaðarborg. Hún er í 600 km fjarlægð frá Helsinki og samgöngur eru greiðar. Í dag er hún miðstöð hátækniíðnaðar með góðar aðstæður til menntunar, rannsókn- og þróunarstarfs og reksturs hátækniyrirtækja. Velgengni atvinnulífs í Oulu byggir m.a. á CoE áætluninni. Einnig stefnumótun sem byggir á því að markaðssetja svæðið innanlands og utan með það að markmiði að fjölga íbúum og störfum og að auka verðmæti útflutnings og finna samstarfsaðila erlendis. Þá voru gerðir sérstakir vaxtarsamningar (Growth Agreement) sem var samningur borgaryfirvalda og svæðisbundinna aðila um að efla vaxtargreinar á sviði upplýsingatækni, líftækni, velferðartækni, marg- og fjölmiðlun og umhverfistækni. Hornsteinar samningsins var að efla klasa, en í hverjum klasa skyldi starfa fyrirtæki, mennta- og rannsóknastofnanir.

Það er líklegt að hugmyndasmiðir vaxtarsamningana hafi einnig haft byggðaaðgerðir í öðrum nágrannalöndum til fyrirmyndar, bæði við gerð vaxtarsaminga, sem og annarra íslenskra byggðaaðgerða. Enda þykir sjálfsagt mál í nútímanum að skoða það sem best gerist annars staðar í heiminum, ekki síst í Skandinavíu og Norður-Evrópu, og læra af því. Ef við lítum á norsku byggðaaðgerðirnar, þá virðist lítið rætt um klasa þótt vissulega sé áhersla á samstarf og e.t.v. „triple-helix“ hugmyndina sem víða er undirliggjandi, án þess að þess sé endilega getið sérstaklega, þ.e. samstarf einkageira, stofnana (hins opinbera) og mennta- og rannsóknageira, eins og raunin er í Oulu.

Mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar 2007 eru tilkomnar vegna tiltekens krísuástands, líkt og gert var í nyrstu héruðum Noregs (tiltakssonen). Á hinn bóginn eru þessar aðgerðir um margt ólíkar. Íslensku aðgerðirnar eru almennar aðgerðir til að auka búsetugæði og fjölga störfum, með því t.d. að efla menntun og rannsóknir, bæta samgöngur og fjarskipti og efla opinbert stuðningskerfi, auk þess að veita fjárstyrk til verkefna, bæði almennt til atvinnuþróunar, eða styrkja ákveðnar atvinnugreinar, eins og ferðaþjónustu. Þær norsku miða fremur að því að auka búsetugæði með því að veita bæði einstaklingum og fyrirtækjum skattaívilnanir og niðurgreiða námslán og orkukostnað. Slíkar aðgerðir hafa aldrei hlotið hljómgrunn á Íslandi. Engu að síður voru norsk stjórnvöld ánægð með árangur aðgerðanna og töldu vert að halda þeim áfram og sama má segja um þann aðila sem lagði mat á árangur aðgerðanna, þó svo þær hafi komið misvel út í matinu. Hvað varðar samanburð vaxtarsamninga og erlendu byggðaaðgerðanna sem hér er getið, er ljóst að fyrirmyndin kemur að mestu leyti frá Finnlandi. Engu að síður er ýmislegt sameiginlegt með vaxtarsamningum og regional omstilling. Til dæmis að ábyrgðin sé upphaflega hjá hinu opinbera en færast á síðari stigum til heimaaðila. Í báðum tilvikum er lögð áhersla á samstarfsnet heima fyrir til grundvallar áætluninni. Hins vegar er norska áætlunin mun viðameiri og með umfangsmeira skipulagi en vaxtarsamningarnir. Mat á árangri er tekið föstum tókum og mun fastari en vaxtarsamninganna, þótt því hafi verið breytt frá fyrsta samningnum þar sem meta átti árangur í lok tímabilsins, en nú sé yfirleitt talað um árlegt mat. Ekki er lögð áhersla á klasa í norsku áætluninni, sem var grundvöllur vaxtarsamninganna, en frá því hefur reyndar verið fallið í nýjustu samningunum. Vissulega hafa Norðmenn úr meiri fjármunum að spila en Íslendingar. Eftir stendur að regional omstilling er áætlun sem er tiltæk þegar ákveðið ástand skapast í byggðarlagi, en það gildir ekki um vaxtarsamningana í raun, t.d. ekki hvað varðar Eyjafjörð, þar hefur ekki verið fólksfækkun eða alvarleg fækkun starfa. Á hinn bóginn má segja að slíkar aðstæður kunni að skapast á næstunni vegna niðurskurðar þorskkvótans og fólksfækkun er alvarlegt vandamál á mörgum svæðum, eins og rakið er í þessari skýrslu. Og í slíkum tilvikum væri gott að hafa áætlun og fjármuni til taks, eins og raunin er í Noregi. Regional omstilling byggir ekki á niðurgreiðslu orkukostnaðar eða skattaívilnunum, heldur er verkefnamiðað og árangurstengt og ætti því að geta fallið betur að þeim leiðum sem íslensk stjórnvöld vilja fara.

Viðauki:

Verkefnahugmyndir úr skýrslunni og vaxtarsamningum

Þær tillögur sem hér eru birtar eru úr vaxtarsamningum, Vestfjarðaskýrslu, tillögum Vestmannaeyjabæjar um mótvægisáðgerðir og síðast en ekki síst úr viðtölum við sveitastjórnarmenn sem tekin voru við gerð þessarar skýrslu. Nokkrar tillögur úr vaxtarsamningum hafa þróast frekar á umliðnum tíma, og öðrum hefur verið ýtt til hliðar að sinni, en flestar eru í fullu gildi og þarfnast frekari íhugunar, en ekki hefur á þessu stigi verið lagt mat á þær. Víða skarast þessar tillögur, sumar koma t.d. úr vaxtarsamningum, en eru einnig nefndar í viðtölunum sem möguleiki til sóknar. Hugmyndirnar eru margvíslegar og tengjast fleiri en einni atvinnugrein, þótt tillögur sem tengjast menningu og ferðaþjónustu séu nokkuð áberandi.

VESTURLAND

Úr Vaxtarsamningi Vesturlands:

„Svæðisbundin þróun lífrænnar framleiðslu“, þróunarverkefni um uppbyggingu lífræns landbúnaðar í Dalabyggð (tillaga 21).

„Ungmenna- og tómstundabúðir á Laugum í Sælingsdal“, tillaga um að tryggja reksturinn – sem þegar er fyrir hendi (tillaga 29).

Úr viðtölum:

Dalabyggð

- Umferð um sveitarfélagið mun aukast með vegi um Arnkötludal sem tengir Strandir við Vesturland og það opnar ný tækifæri. Verið er að deiliskipuleggja fyrir verslunarmiðstöð í Búðardal í tengslum við þessar breytingar.
- Möguleg framtíðaruppbygging á nýja safnasvæðinu í Búðardal, t.d. með byggingu „víkingaþorps“.
- Gera mætti smábátahöfn í Búðardal og stunda siglingar þaðan.

VESTFIRÐIR

Úr Vaxtarsamningi Vestfjarða:

„Ræktun og eldi risarækju á Reykhólum“, tjarnaeldi á rækju, m.v. innanlandsmarkað og jafnvel til útflutnings (tillaga 5).

„Bygging hótels á sunnanverðum Vestfjörðum“, á Patreksfirði (tillaga 11).

„Héraðsskjalasafn á Ströndum“, á Hólmavík (tillaga 14)

„Stytting á núverandi leið um Vestfjarðaveg nr. 60 frá Flókalundi að Gilsfjarðarbrú“, bundið slitlag og stytting um 25 km (tillaga 16).

„Styttingar á núverandi leið um Dynjandisheiði og Hrafseyrarheiði um Vestfjarðaveg nr. 60 milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar með jarðgangagerð“ (tillaga 18).

„Uppbygging ferðamannaleiða“, Látrabjarg og Rauðisandur og Árneshreppur (tillaga 19).

Úr tillögum Vestfjarðanefndar:

„Greiðsla meðlaga og annarra gjalda færast frá Tryggingastofnun til sýslumannsins á Patreksfirði“ (tillaga 18)

„Þjóðtrúarstofa á Hólmavík“, rannsókn- og fræðasetur (tillaga 20)

„Aukin starfsemi á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar“, aukin heimahjúkrun og skólaheilsugæsla (tillaga 28)

„Aukin verkefni við náttúruvernd – tvær gestastofur, Hornstrandastofa og Vatnsfjarðar-/Látrabjargstofa“, heilsársstörf landvarða (tillaga 34)

„Efling starfsemi stofnana innan Þróunarseturs Vestfjarða á Patreksfirði“, sambærilegt við Þróunarsetur á Ísafirði (tillaga 36)

„Efling starfsemi stofnana innan Þróunarseturs Vestfjarða á Hólmavík“, tengist tillögur 36 (tillaga 37).

Úr viðtölum:

Reykhólahreppur

- Á Reykhólum er kjörlendi fyrir fuglaskoðun. Búið er að reisa fuglaskoðunarhús við Langavatn. Hugmyndir eru um að setja upp arnaskoðunarsetur og vefmyndavél sem sýnir arnahreiðrin, fyrirmyndin er frá Skotlandi.
- Fjölga mætti rýmum á dvalarheimilinu á Reykhólum, en ekki er verið að nýta það húsnæði sem til staðar er.
- Vísir er að bátasafni á Reykhólum í húsnæði sem sveitarfélagið á, sem síðan verður stækkað og aðlagað starfsemi. Í geymslu eru tveir bátar í eigu Þjóðminjasafns.

Bátasafnið mætti tengja Hlunnindasýningunni, sem Reykhólahreppur rekur.

- Aðstaða fyrir náttúruskoðun gæti verið á Reykhólum og náttúrurannsóknastöð fyrir Breiðafjörð með fuglarannsóknir, rannsókn á þangi og þara, hafrannsóknir og rannsóknir á sögu og menningu.
- Útbúa mætti smábátaaðstöðu á Reykhólum, en þaðan er gert út á grásleppu.
- Í gangi er tilraunaverkefni í kræklingaeldi á vegum Norðurskeljar. Stefnt er að því að stofna félag með þátttöku sveitarfélagsins. Bryggjur í Króksfjarðarnesi fyrir framan sláturhúsið og gamla sláturhúsið verða nýttar fyrir kræklingaræktina. Loforð fyrir fjármagni er fengið úr Hafnabótasjóði.
- Bygging húsnæðis fyrir verslunarrekstur og veitingar á Reykhólum er forsenda vaxtar í ferðaþjónustu.
- Bókasafn Flateyjar, sögusafn um Framfarastofnun í Flatey („Flateyjarframfarastiftun“).
- Lækkun flutningskostnaðar og orkukostnaðar. Tillaga sem nær í raun til landsins alls. Í Reykhólahreppi er orkuverð til húshitunar mjög hátt. Hátt orkuverð er samkeppnishamlandi t.d. er varðar skeldýraeldi.

Vesturbyggð:

- Bæta samgöngur með láglendisvegi á bundnu slitlagi til Reykjavíkur og að bæta samgöngur á milli norður- og suðurhluta Vestfjarða.
- Olíuhreinsunarstöð við Arnarfjörð skapar 500-520 störf, þar af um 20% hátæknistörf, og svo afleidd störf, alls um 1500 störf og svæði með 3000 manns.
- Þróunarsetur sem verður staðsett á Patreksfirði í tengslum við framhaldsskóladeildina, sem er tengd framhaldsskólanum á Snæfellsnesi (sjá tilögu 36 úr Vestfjarðaskýrslu). Í þróunarsetrinu verður atvinnuþróunarfélagið staðsett, jafnvel Náttúrustofa Vestfjarða og fræðasetur HÍ.
- Að opna gestastofur, að fá landverði í störf og gera Látrabjarg að þjóðgarði.
- Möguleikar á kræklingaeldi. Í Tálknafirði eru kjörskilyrði en tekur hins vegar tíma að byggja upp.

Tálknafjarðarhreppur:

- Samgöngubætur eru lykilatriði varðandi búsetu, ekki síst á leiðinni til Reykjavíkur.
- Tækifæri eru í menningartengdri ferðaþjónustu, t.d. tengt hvalstöðinni.
- Sóknarfæri varðandi ferðaþjónustu tengjast einnig Látrabjargi, Dynjandisfossi og fjörðunum.
- Á Tálknafirði eru 12% erlendir íbúar, hæsta hlutfallið á Vestfjörðum. Sumir eru fagmenntaðir, margir iðnmenntaðir. Það mætti skapa þeim atvinnu ef þeir fengju starfsréttindi sín metin.
- Hugsanlega er framtíð í þorskeldi og firðirnir henta vel til þess.
- Að markaðsetja Tálknafjörð sem umhverfisvænt samfélag.
- Að stofna Menntamiðstöð Íslands á Tálknafirði.
- Verið er að vinna að framhaldi dreifmenntaverkefnisins, tengt Lindaskóla í Kópavogi. Dreifmenntaverkefnið verður tengt framhaldsdeildinni.

Árneshreppur:

- Að Galdrasetrið færi út kvíarnar í Trékyllisvík.
- Tækifæri í landbúnaði gætu m.a. falist í að slátra og vinna kjöt í heimabyggð.
- Að setja á fót selasafn og hákarlasafn á Gjögri.
- Það þarf að lengja ferðamannatímamann, t.d. með því að fjölga flugferðum.
- Miklar breytingar verða með veginum um Arnkötludal, en það er einnig mikilvægt að fá betri samgöngur innan Stranda.
- Tækifæri í sjávarútvegi opnast með aðgangi að kvóta (sveitarfélagið) til að leigja út.
- Það þyrfti að varðveita þetta sérstaka byggðarlag, m.a. með menningartengda ferðaþjónustu í huga.
- Úrbætur í orkumálum eru nauðsynlegar, en ekki er 3ja fasa rafmagn.
- Bætt fjarskipti og bætt símasamband.
- Mögulegt verkefni væri að fólk tæki börn í sveit yfir veturinn sem vistforeldrar og þá gæti nemendum fjölgað í skólanum.

Kaldrananeshreppur:

- Tækifæri í sjávarútvegi, t.d. með byggðakvóta. Stutt er á miðin.
- Sjóflutningar eru mikilvægir, t.d. fyrir vinnsluna og til að fá flutningskostnað niður. Þetta myndi skipta máli fyrir Vestfirði í heild.

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

- Það þarf að auka gistirými og mesti rekstrargrundvöllur er á Laugarhóli, sem er mjög miðsvæðis á Ströndum.
- Að markaðssetja Drangnes sem sjávarþorp úti á landi.

Strandabyggð:

- Bætt gsm-samband og bætt háhraðatenging.
- Norðmenn eru að skoða það að setja upp kítinverksmiðju á Hólmavík.
- Bæta þarf samgöngur innan Stranda.
- Að auka menntunarmöguleika í heimabyggð með því að fá a.m.k. tvo fyrstu bekkina í framhaldsdeild.
- Galdraímyndin er mikið notuð og hægt að byggja á henni. Hugmynd um „galdraþorp“, t.d. „gömul“ hús, lifandi safn, leikara og verslunarvöru tengd hugmyndinni.

NORÐURLAND VESTRA

Úr Vaxtarsamningi Norðurlands vestra:

„Rannsóknir á möguleikum tilbúinna rétta“. Fyrirtæki til að reisa verksmiðju á Blönduósi, (tillaga 2).

„Bleikjueldi á Skagaströnd“, tengt Háskólanum á Hólum, (tillaga 3).

„Próun matvælaklasa á Norðurlandi vestra“, (tillaga 5).

„Samstarf í þróun og framleiðslu jarðgerðarvélar“, (tillaga 7).

„Sportveiði og útivist“, sem fjallar um aukna þjónustu við veiðimenn og myndi ekki síst nýtast Húvetningum, (tillaga 15).

„Strandmenning við Húnaflóa“, framhald NPP-verkefnisins Norce. Nýta strandmenningu til markaðssetningar í ferðaþjónustu (tillaga 16).

„Íslensk ull – rannsókn á þekkingu á ullarvinnslu á svæðinu“, tengist Textílsetrinu á Blönduósi (tillaga 25).

„Samstarf í bátaviðgerðum og bátasmíði“. Tengist fyrirtækinu Bátanausti á Skagaströnd. Miðar að samstarfi um bátaviðgerðir og smíð o.fl. (tillaga 33).

Úr viðtölum:

Blönduósbær:

- Nægilegt byggingarland
- Mikil tækifæri liggja í smáíðnaði og verktakastarfsemi.

Húnavatnshreppur:

- Tækifæri felast í frekari landnýtingu til skógræktar.

- Mikið er af heitu vatni sem getur skapað ný tækifæri bæði í ferðaiðnaði og öðrum iðnaði ásamt orkusölu.

- Tækifæri í ferðaþjónustu geta m.a. skapast með nýjum Kjalvegi.

- Menningartengd ferðaþjónusta með uppbyggingu kirkjustaðarins á Þingeyrum.

Sveitarfélagið Skagaströnd:

- Mannauður og þekking liggur í sjávarútvegi og þróun rannsókna á því sviði getur gefið aukin og ný tækifæri.

NORÐURLAND EYSTRA

Úr Vaxtarsamningi Eyjafjarðarsvæðis:

„Demantshringur Norðursins skipulagður – Mývatn, Ásbyrgi og Húsavík...“, landakort, merktar gönguleiðir og áningarstaðir (tillaga 4 úr Samkeppnishæfni, atvinnumál og nýsköpun).

„Uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu“, ekki síst tengd Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og AP (tillaga 4 úr Heilbrigðismálum).

„Aukið framboð formlegs framhaldsskólanáms“, auka framboð á starfsnámi og fjarkennslu við utanverðan Eyjafjörð (tillaga 3 úr Skóla- og fræðslumál).

Úr viðtölum:

Norðurþing:

- Að auglýsa þjóðgarðinn betur og auka aðgengi með bættum vegum og stígum. Í þjóðgarðinum eiga allir að geta notið náttúrunnar, aldraðir og fatlaðir. Það mætti malbika göngustíga, setja klósett og hafa veitingar.

Þingeyjarsveit:

- Reykjavík Akadémían er með hugmyndir um uppbyggingu í Svartárkoti. Svæðið er utan alfaraleiðar og í nánd við hálendið.
- Í Fnjóskadal og Bárðardal er vaxandi orlofsbyggð sem kallar á aukna þjónustu.

Aðaldælahreppur:

- Bygging álvers er stóra tækifærið (tilgreint hér og í flestum sveitarfélögum á norð-austur horninu).

Skútustaðahreppur:

- Starfsmenn Malarvinnslunnar sem missa vinnuna eru að hugsa um að stofna nýtt fyrirtæki með smíðar, bifreiðaverkstæði og vöruflutninga.
- Auki uppbygging í ferðaþjónustu, t.d. heilsutengdri ferðaþjónustu.
- Að gera meira út á fuglalíf og jarðfræði. Fuglalífið í sveitinni er einstakt á heimsvísu.
- Hugmyndir um eldfjallaakademíu, enda eru mörg tækifæri til slíkra rannsókna á þessu svæði.

Tjörneshreppur:

- Að vera með veitingar í fjörunni við Hallbjarnarstaði, húsnæði er fyrir hendi en þarfnast endurbóta. Einnig mætti nýta félagsheimilið á Hallbjarnarstöðum.
- Að virkja eigendur sumarhúsa og jarða sem ekki eru með fasta búsetu til að taka þátt í verkefnum.

Svalbarðshreppur:

- Miklir möguleikar eru varðandi náttúru og mikið landrymi, þetta getur nýst bæði í landbúnaði og ferðaþjónustu.
- Tækifæri t.d. í ferðaþjónustu með nýjum vegi um Hólfaskarð.

Langanesbyggð:

- Sérhæfing í sjávarvinnslu og má þá nefna kúfiskvinnsluna, en ný tækifæri eru að skapast á Evrópumarkaði með kúfisk.
- Tækifæri í samstarfi Hraðfrystistöðvar Þórshafnar við önnur öflug sjávarútvegsfyrirtæki.
- Lega svæðisins gagnvart norsk-íslensku síldinni gefur ýmis tækifæri svo og góð hafnaraðstaða.

Fjallabyggð:

- Fjarvinnsla hefur gengið vel á Siglufirði og eru mörg tækifæri til að auka þjónustuna og gera hana fjölbreyttari með aukinni tækni og þekkingu samfara vilja fyrirtækja og opinberra stofnana til að nýta þjónustuna.
- Mörg tækifæri eru í ferðaþjónustu í tengslum við Tröllaskaga, söfn og sjóstöng í Ólafsfirði.
- Ný tækifæri skapast með bættum samgöngum svo sem öflugur framhaldsskóli, uppskipunarhöfn fyrir Norðurland á Siglufirði, aukin nýting sjúkrastofnana í Fjallabyggð,

samþætting ferðaþjónustu og aukin þjónusta við smábátaútgerð sem lengi hefur verið grunnatvinnuvegur í Fjallabyggð.

AUSTURLAND

Úr Vaxtarsamningi Austurlands:

Landbúnaður, „Slátrun búfjár og kjötframleiðsla á Austurlandi“. Stofna slátruhús með aðstöðu til slátrunar búfjár og grófstykkjunar kjöts. Annað hvort á Egilsstöðum eða Breiðdalsvík. Þetta hús á m.a. að þjóna markaði fyrir lífrænt ræktað búfé og auka gæði framleiðslunnar sem smá eining (bls. 50).

Sjávarútvegur: „Fullvinnsla á eldislaxi á Djúpavogi“, stofna fyrirtæki til að fullvinna laxaafurðir frá sjóeldiskvíum (bls. 53). Einnig má nefna verkefnið „Nýting á afurðum í mjöl og lýsisvinnslu til vöruþróunar“, sem myndi snerta mörg svæði (bls. 52). Þá eru tvö klasaverkefni, „Matvælaklasi Suð-Austurlands“ (bls. 55) og „Matvælarannsóknir á Austurlandi“ (bls. 56) sem mögulega gætu tengst inn á svæðin. Undir verkefnið „R&P tengd atvinnulífi á Austurlandi“ (bls. 58) fellur verkefnið „Jarðfræðisetur og steinasafn í pósthúsinu á Breiðdalsvík“, í tengslum við John Walker (sjá framar). (bls. 58).

Ferðaþjónusta: „Draumasafn á Djúpavogi, safn og viðburðasetur“, miðstöð fyrir drauma í íslenski menningararfleifð fyrir og nú (bls. 70).

Úr viðtölum:

Breiðdalshreppur:

- Verið er að byggja upp gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík, með ýmsa menningarstarfsemi í huga. Þar má nefna sýningar og söfn, eins og t.d. jarðfræðisetur tileinkað George Walker og safn um dr. Stefán Einarsson íslenskufræðing. Þar gæti líka verið aðstaða fyrir fræðimenn.
- Nægt gistirými er sérstaða. Á Austurlandi er einungis hægt að hýsa fundi og ráðstefnur á Egilsstöðum. Mikill áhugi hjá eiganda Staðarborgar að komast inn í þetta og nýta gistirýmið á svæðinu.
- Verið er að skrifa handrit að sjónvarpsþáttum, byggt á bók Guðjóns Sveinssonar, Sögunni af Daníel sem gerist á Breiðdalsvík um 1940 á upphafsárum þorpsins. Spurning hvort hægt er að gera meira úr þessari sögu sem er samofin sögu staðarins.
- Tækifæri gætu falist í veiði í Breiðdalsá. Verið er að koma upp seiðaeldisstöð á Tungufelli í

Norðurdal. Tækifæri gætu einnig falist í aukinni nýtingu vatns.

- Á Breiðdalsvík var rekið sláturhús, nýlegt og stórt hús. Verið er að vinna út frá tillögu í vaxtarsamningi um að opna sláturhúsið á ný með breyttum áherslum. Stór hluti af fólkinu sem starfaði í sláturhúsinu býr enn í sveitarfélaginu, svo verkunnáttan er til staðar.
- Í Breiðdalshreppi er nægt landrými og líka vannýtt atvinnuhúsnæði, vegna breytinga á atvinnuháttum.
- Dagvist fyrir aldraðra er á Breiðdalsvík og hana mætti t.d. stækka og auka þjónustuna.

Djúpavogshreppur:

- Dætur Ríkharðs Jónssonar ætla að byggja 500 fm hús á Djúpavogi og ánafna hreppnum öll verk hans og verk eftir Finn bróður hans, Kjarval o.fl. sem verða í húsinu. Það verður einskonar menningarhús.
- Í Faktorshúsinu á Djúpavogi verði fuglasafn, steinasafn og upplýsingamiðstöð. Stærsta eggjasafnið á landinu er til staðar á Djúpavogi og verið að hugað að nánari útfærslu á fuglaskoðun.
- Skemmtiferðaskip hafa komið á Djúpavog og það skapar ný sóknarfæri og tekjur fyrir höfnina. Samstarf gæti verið við Hornafjörð, þar sem Djúpavogur er næsta höfn fyrir slík skip og þau komast ekki inn á Hornafjörð. Virkja mætti styrkleika beggja sveitarfélaga. Samstarfið tengist einnig Vatnajökulsþjóðgarði.
- Að breyta dvalarheimilinu í hjúkunarheimili sem þá nýttist fyrir stærra svæði. Heilbrigðisstofnunin er tilbúin að yfirtaka reksturinn á dvalarheimilinu og nýta þau sóknarfæri sem þar eru.
- Með nýjum vegi yfir Öxi tekur um klukkutíma að aka til Egilsstaða og þá opnast möguleikar fyrir íbúa sveitarfélagsins á að sækja vinnu þangað. Frá Djúpavogi er mun styttra á Egilsstaði en á Reyðarfjörð.
- Það yrði einnig mikil innspýting ef kvóti fengist.

SUÐURLAND

Úr Vaxtarsamningi Suðurlands:

„Háskólanet á Suðurlandi“, undirtillaga um rannsókn- og fræðasetur á Kirkjubæjarklaustri, og um eflingu Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum, stofnun

Surtseyjarstofu og endurbætur á Náttúrugripa- og fiskasafni Vestmannaeyja (tillaga 1).

„Efling rannsókna og fræðastarfs í Vestmannaeyjum“ með stofnun sjálfseignarfélags og nýjum stöðugildum (tillaga 2).

„Rannsókn- og fræðasetur á Kirkjubæjarklaustri“, að efla Kirkjubæjarstofu til rannsókna á náttúru, menningu og sögu (tillaga 3).

„Efling Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum“, fjölga stöðugildum, auka verkefni (tillaga 5).

„Surtseyjarstofa“, stofnun hennar og rekstur í Vestmannaeyjum (tillaga 6).

„Náttúrugripa- og fiskasafn Vestmannaeyja“, endurbætur, útvíkkun starfsemi og aðstaða fyrir rannsóknir og fræðslu (tillaga 7).

„Efling þróunartækifæra í nálægð þjóðgarða og verndarsvæða“, tengist m.a. Vatnajökulsþjóðgarði (tillaga 10).

„Jarðeldasýning á Kirkjubæjarklaustri“, varanleg sýning og tengd öðrum sýningum (tillaga 15).

„Tilgátuklaustur á Kirkjubæjarklaustri“, byggt á fornleifarannsóknnum (tillaga 16).

„Uppbygging safns á Hólmi í Landbroti“, lifandi safn þar sem áður var fyrsti verknámsskólinn (tillaga 18).

„Alþjóðlegur köfunarskóli í Klettsvík“ (tillaga 19).

„Uppgröftur gosminja – Pompei Norðursins“, verkefni sem þegar er farið af stað (tillaga 20).

„Endurbygging Herjólfsbæjar í Herjólfsdal“, byggja upp langhús og gripahús, þegar hafið (tillaga 21).

„Tyrkjaránið, sögusetur og safn“, stofna sögusetur með sýningaraðstöðu (tillaga 22).

„Þróun samstarfs til eflingar bleikjuframleiðslu“, m.a. með starfrækslu klak- og seiðaeldisstöðvar í Skaftárhreppi (tillaga 24).

„Eldi á óhefðbundnum sjávardýrum“ í Vestmannaeyjum, tengist Náttúrugripa- og fiskasafninu (tillaga 25).

„Þróunar-, markaðs- og sölumiðstöð sjávarafurða í Vestmannaeyjum“ (tillaga 26).

„Vinnsla aukaafurða úr sjávarfangi“, uppbygging rannsóknamiðstöðvar í Vestmannaeyjum (tillaga 27).

„Efnahagsleg áhrif bættra samgangna við Vestmannaeyjar, með áherslu á Bakkafjöru“, úttekt á efnahagslegum áhrifum (tillaga 29).

„Úrbætur á samgöngum við Vestmannaeyjar“, varanlegar umbætur, tímasett áætlun (tillaga 34).

„Umhverfisvottað fyrirmyndarsamfélag“, byggðasamlag um „Green Globe 21“ í Rangárvallasýslum og Skaftafellssýslum (tillaga 37).

„Efling nýsköpunar og atvinnuþróunar í Vestmannaeyjum“, ráðgjöf o.fl., þ.e. starfsmaður

Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun

Nýsköpunarmiðstöðvar. Þetta verkefni fékk brautargengi (tillaga 39).

„Fjarkennsla til meginlandsins“, stofnun fjarnámsdeildar við framhaldsskólann í Vestmannaeyjum (tillaga 40).

Úr tillögum Vestmannaeyjabæjar til mótvægisáðgerða fyrir Vestmannaeyjar:

- Efling starfsemi Hafrannsóknastofnunar með fjölgun starfsmanna.
- Efling Matís ohf. með því að ráða þangað tvo sérfræðinga.
- Efling Fiskistofu, fjölgun starfsmanna.
- Stofnun Sæmundar fróða verði í Eyjum, setur um sjálfbæra þróun.
- Miðstöð þorskrannsóknar verði í Eyjum.
- Rannsókn- og fræðasetrið verði eftt með fjölgun sérfræðinga.
- Viska símenntunarmiðstöð verði styrkt og geti m.a. sinnt betur endurmenntun í sjávarútvegi.
- Stofnun FABLAB-seturs í samstarfi við kennslustofnanir, rannsóknastofnanir og framleiðslufyrirtæki.
- Uppbygging hafnarmannvirkja.
- Ferðaþjónustusetur til eflingar ferðaþjónustu í Eyjum.
- Efling framhaldsskólans með sérstökum þróunarsjóð.
- Viðhald fasteigna ríkisins, vaxtarmöguleikar heilbrigðisstofnunarinnar og efling sýslumannsembættis í Eyjum.

Úr viðtölum:

Vestmannaeyjabær:

- Tækifæri eru til sóknar varðandi ípróttalíf og ferðaþjónustu.
- Tækifæri í sjávarútvegi með stórum og öflugum fyrirtækjum og vinnslu sjávarafurða (Grímur kokkur fremstur). Þá má nefna frumvinnslu á nýjum tegundum, t.d. makríl.
- Efla rannsókn- og háskólaverið verulega. Í dag eru þar 14 starfsmenn en fyrirbyggjandi hugmyndir gera ráð fyrir 44. Þetta er háskólasamfélag og þekkingarsamfélag, undirstaða atvinnulífs. Nýtt húsnæði (háskóla-rannsóknasetur) er til staðar.
- Bakkafjöruhöfn á að vera tilbúin árið 2010. Þessi samgöngubót mun bæta búsetugæði svæðisins og efla atvinnulíf. Möguleikar opnast á að sækja þjónustu á vaxtarsvæði á Suðurlandi. Miklar breytingar verða fyrir

léttiiðnað og framleiðslu varðandi vöruflutninga. Ferðaþjónustan mun taka stakkaskiptum – Eyjar munu tengjast inn í Gullna hringinn.

- Hundruðir skemmtiferðaskipa sigla framhjá Eyjum á hverju ári. Stórskipahöfn er á áætlun. Hægt væri að taka meginþorrann af þessum skipum, farþegar gætu skoðað Eyjar, siglt í Bakka, ekið þaðan í aðra afþreyingu og komið aftur um borð í Reykjavík.
- Með samgöngubótum eykst samstarf við eystra svæðið á Suðurlandi. Þegar er farið að undirbúa útvíkkun á starfsemi framhaldsskólans. Vinna við stefnumótun fyrir þetta vaxtarsvæði er að fara af stað.

Skaftárhreppur:

- Að auka við starfsemi í fiskeldinu.
- Ræktunarskilyrði í landbúnaði eru góð og ef til vill mætti finna nýjar afurðir.
- Sláturhúsið á Kirkjubæjarklaustri lokaði fyrir 4-5 árum og húsin voru seld heimaaðilum og verða hugsanlega nýtt í eitthvað sem tengist ferðaþjónustu. Eigendurnir hafa hugmyndir um námskeiðahald, jafnvel allt árið. Með því væri hægt að nýta þá gistiaðstöðu sem er til staðar.
- Efla mætti rannsóknir á svæðinu í tengslum við Vatnajökulspjóðgarð. Slíkt rannsóknastarf myndi tengjast Kirkjubæjarstofu, t.d. með háskólastarfsemi á sviði jarðfræði- eða gróðurannsóknar. Þetta gæti orðið allt að því 30 manna samfélag og myndi hafa hliðaráhrif.
- Frístundabyggð er að rísa úti í sveitunum, t.d. í Skaftártungu og hún skapar atvinnu og eflir þjónustu.
- Nýsköpun í ferðaþjónustu með ratleikjasvæði, sem nær yfir allan hreppinn. Til staðar eru náttúru- og söguvættir sem gætu verið punktar. Ratleikir eru mjög vinsælir víða um heim og haldnar alþjóðlegar keppnir. Slíkt gæti orðið aðdráttarafli 8-9 mánuði ársins. Gistirými yrði betur nýtt.